



Björgvin Halldórsson Aregöld
SÖNGBÓK BJÖRGVINS HALLDÓRSSONAR 1970-2005
Stórkostleg safnplata í næstu verslun

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

Hátíðartónleikar Sinfóníunnar

„Ef Sinfóníuhljómsveit Íslands á að fá dafna og þrífast og þroskast af list sinni verðum við að fá tækifæri til að laða að okkur bestu listamenn heims,“ segir framkvæmdastjóri hennar.

UMRÆÐAN 16



Áttu allt?
Þegar fólk er komið í þrot með jólagjafahugmyndir handa fólk sem á allt kemur Fréttablaðið til bjargar með hugmyndir.

FÓLK 56

Fram á mikilli siglingu

Framarar lögðu Íslandsmeistara Hauka að velli í gær, 26-33, að Ásvöllum í Hafnarfirði í DHL-deild karla í handbolta. Fram spilaði glimrandi vel og virðist ætla að blanda sér í baráttuna um Íslandsmeistaratítlinn.




ÍÞRÓTTIR 79

Akademískum dyrum Asíu lokið upp

Mikil hátíðarsamkunda var haldin í Háskólanum á Akureyri þegar upphafi Asíuvers Íslands var fagnað.

TÍMAMÓT 24

VEÐRIÐ Í DAG



KÓLNAR EFTIR ÞVÍ SEM LÍÐUR Á DAGINN Suðvestan strekkingur með skúrum og síðar slyddu- eða snjóéljum. Þjart með köflum allra austast. Hiti 0-5 stig, mildast fyrripartinn.

VEÐUR 4

Ekki víst að verð á matvælum lækki

Forsvarsmenn matvöruverslana fagna orðum Geirs H. Haarde um að Ísland sé reiðubúið að lækka tolla og minnka framleiðslustuðning við innlendan landbúnað. Formaður Bændasamtakanna segir ekki víst að matvöruverð lækki í kjölfarið.

LANDBÚNAÐUR „Við fögnum því ef stjórnámálmenn vilja gera breytingar sem orðið geta til þess að lækka matvöruverð,“ segir Sigurður Arnar Sigurðarson, forstjóri Kaupáss. Geir H. Haarde utanríkisráðherra sagði í ræðu á fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Hong Kong á föstudag að Ísland væri reiðubúið til þess að lækka verulega tolla og minnka framleiðslustuðning við innlendan landbúnað. „Ef álögur á innflutt matvæli lækka og losað verður um innflutningshöft má búast við að það leiði til verðlækkunar,“ segir Sigurður Arnar.

Jóhannes Jónsson í Bónus fagn-

ar einnig tíðindunum. „Ég tel allar sérgreiðslur skekkja samkeppnisstöðuna,“ segir Jóhannes, sem leggur áherslu á að frjálsræði þurfi samhliða að aukast. „Það verður jafnframt að slaka á klónni um innflutninginn þannig að einhliða verðhækkningar fylgi ekki í kjölfarið.“

„Við treystum á að fá góðan aðlögunartíma að breyttum aðstæðum,“ segir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands. „Tíðindi sem utanríkisráðherra flytur nú eru okkur þó ekki ný, í raun hefur undirbúningur staðið yfir síðastliðin ár.“ Haraldur segir þó alls ekki hægt að fullyrða

að verðlækkningar fylgi í kjölfarið. „Breytingarnar gætu leitt til þess að heimsmarkaðsverð á búvöru hækkaði,“ segir Haraldur. Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra telur brýnt að fara yfir málið. Skipa þurfi stýrihóp sem fari yfir stöðuna og velti fyrir sér tollastefnu og stuðningi við landbúnaðinn til framtíðar. Guðni bendir þó á að allt verðlag á Íslandi sé hátt, það einskorðist alls ekki við íslenskar landbúnaðarvörur. Tollalausar innfluttar landbúnaðarafurðir séu einnig hlutfallslega dýrari en víða annars staðar.

- ht/sjá síður 2 og 4



KRÁ Í BJÖRGVIN Drykkfelli Finninn birtist jafnan aftur í borginni.

Drukkinn Finni í Björgvin: **Met í ógreiddum sektum**

NOREGUR, AP Finniskur ríkisborgari, sem var handtekinn um borð í strætisvagni í Björgvin kófdrukkinn og á nærbuxunum einum klæða, hefur sett nýtt Noregsmet í vangoldnum sektum, að sögn lögreglu. Sektirnar eru 99 talsins, að því er dagblaðið Bergens Tidende greindi frá.

Samkvæmt frásögn blaðsins er maðurinn góðkunningi lögreglunnar og þekktur fyrir að fækka fötum á almannafæri eftir því sem hann gerist drukkari. Alls hljóða ógreiddu sektirnar upp á andvirði um einnar milljónar íslenskra króna. Manninum ku ítrekað hafa verið vísað frá Noregi en hann birtist jafnan aftur. ■

Móðurfélag 365 miðla: **Skoðar BT**

VIÐSKIPTI Dagsbrún, móðurfélag 365 miðla, skoðar nú kaup á norska fjölmiðlafyrirtækinu Orkla Media. Félagið er nú til sölu en það á og rekur meðal annars dönsku blöðin Berlingske Tidende og BT og stendur jafnframt í blaðaútgáfu í Noregi og Austur-Evrópu.



ÞÓRDÍS SIGURDARDÓTTIR Dagsbrún skoðar kaup á Berlingske Tidende.

Rætt er um að andvirði félagsins sé um níutíu milljarðar íslenskra króna, að sögn Þórdísar Sigurdardóttur, stjórnarformanns Dagsbrúnar. Þórdís segir engar ákvarðanir þó hafa verið teknar um hvort fest verði kaup á félaginu.

- ht



DROTTNINGIN KOMIN HEIM Unnur Birna Vilhjálmisdóttir kom til landsins í gær og var henni mikið fagnað þegar hún mætti í móttökuhátið sem haldin var henni til heiðurs í Vetrargarðinum í Smáralind. Þúsundir manns höfðu safnast saman til að taka á móti fegurðardísinni og á myndinni sést Halldór Ásgrímsson óska henni innilega til hamingju.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hart tekist á fyrir utan ráðherrafund Heimsviðskiptastofnunarinnar í Hong Kong: **Lítil hreyfing innandyra**

HONG KONG, AP Mótmælendum úr röðum hnattvæðingarandstæðinga og óeirðalögreglu laust saman í Hong Kong í gær, þar sem ráðherrar hinna 149 aðildarríkja Heimsviðskiptastofnunarinnar, WTO, sátu á rökstólum til að reyna að ná samkomulagi um nýjan áfanga að frjálsari alþjóðaviðskiptum.

Horfur á samkomulagi virtust ekki góðar og leit út fyrir að á lokasprettinum snerust viðræðurnar fyrst og fremst um það að ná samstöðu um smáafanga að settu marki svo að fundurinn færi ekki alveg út um þúfur.

Hinum sex daga langa fundi á að ljúka í dag. Viðræðurnar



PAKTIR PIPARÚÐA Óeirðalögregla í Hong Kong fór óblíðum höndum um hnattvæðingarandstæðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP stóðu fram á nótt í von um að takast myndi að leysa einhver ágreiningsefnanna. Í brennidepli var afnám hafta á viðskipti með

búvörur, einkum að rík ríki skuldbindi sig til að hætta greiðslu útflutningsbóta.

Fyrir utan ráðstefnumiðstöðina sló í brýnu milli lögreglu og mótmælenda sem gerðu tilraun til að brjótast til inngöngu á fundarstaðinn. Nokkrum hinna herskáu hnattvæðingarandstæðinga tókst það nærri því en lögregla beitti kylfum, piparúða, þrýstivatni og tárögasi til að hrekja þá út fyrir öryggisgirðingarnar.

Þetta voru verstu götumótmæli sem átt hafa sér stað í Hong Kong í áratugi. Um 900 manns voru handteknir og 41 særðist, þar af fimm lögreglumenn, að sögn lögreglustjórans Dick Lee.

- aa

Nýr Yaris **risa SMÁR**

TODAY TOMORROW TOYOTA

6 DAGAR TIL JÓLA

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA FÜRIR JÓLIN



SPURNING DAGSINS

Hvernig var að leika Felix, Felix?

„Það var stór listræn upplifun sem ég mun geyma í hjarta mínu að eilífu.“

Felix Bergsson lék sjálfan sig á meðan Dr. Gunna var skipt út fyrir Örn Arnason í Spaugstofuútgáfunni af Poppunkti.



LJÓSAHÚSIÐ 2005

MYND/HILMAR BRAGI BÁRDARSON

Ljósahúsið 2005:

Bjarma leggur frá ljósahúsinu

VERÐLAUN Þverholt 18 hlaut heiðursnafnbótina Ljósahúsið 2005 í Reykjanesbæ. Það var nefnd á vegum íþrótt- og tómstundaráðs bæjarins sem valdi það en sú nefnd veitir árlega viðurkenningar fyrir fallagustu skreytingarnar í bænum.

Úr mörgum er að velja því Reyknesingar eru miklir skreytmeistarar. Að Þverholti 18 búa Fanney Sæmundsdóttir og Oddgeir Björnsson. ■

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmænt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á muna aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

New York Times birtir viðkvæmar upplýsingar um George W. Bush:

Heimilaði ólöglegar hleranir

BANDARÍKIN George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, heimilaði Þjóðaröryggisstofnun landsins að hlera síma þúsunda manna án dómsúrskurðar í þeim tilgangi að afla upplýsinga um hermdarverkastarfsemi. Hann lýsti því yfir í gær, að hann ætlaði sér ekki að láta af því að beita því valdi sem hann hefði til að heimila hleranir í nafni þjóðaröryggis. Hann gagnrýndi þá harkalaga sem þátt hefðu átt í að gera hleranirnar opinberar.

Til að fá leyfi til að hlera síma eða lesa tölvupóstskreytasendingar þarf heimild dómstóla. Að því er dagblaðið New York Times

hermir heimilaði Bush hins vegar Þjóðaröryggisstofnuninni (NSA) að fylgjast með fjarskiptum þúsunda manna búsettra í Bandaríkjunum við fólk í öðrum löndum, án úrskurðar, til að komast yfir upplýsingar um áform meintra hryðjuverkamanna. Stofnunin er sögð vilja fá heimildir til að hlera innanlandssímtöl en hefur ekki enn fengið þær.

Upplýsingarnar hefur blaðið eftir ónafngreindum heimildarmönnum úr leyniþjónustugeiranum sem telja að í lagalegu tilliti séu stjórnföld komin út á ystu nöf í svonefndu stríði gegn hryðjuverkum. Hvíta

húsið reyndi að stöðva birtingu fréttarinnar þar sem það taldi hana geta spillt rannsóknarhagsmunum og varað hryðjuverkamenn við. New York Times dró í heilt ár að birta upplýsingar sínar til að afla frekari upplýsinga.

- shg

FRÍTT FÖRUNEYTI George W. Bush fékk sér göngutúr í garði Hvíta hússins í vikunni með þeim Steve Hadley þjóðaröryggisráðgjafa og Donald Rumsfeld landvarnaráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



BLAIR OG BARROSO Tony Blair, starfandi forseti leiðtogaráðs ESB, og Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnarinnar, voru sýnilega ánægðir með árangur leiðtogafundarins er þeir mættu blaðamönnum í Brussel í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjárlagasátt fagnað

Leiðtogum Evrópusambandsins tókst í fyrrinótt að ná sátt um fjárhagsáætlun sambandsins fyrir tímabilið 2007-2013. Samkomulaginu var fagnað sem mikilvægum áfanga. Stöðnun afstýrt, segir Barroso framkvæmdastjórnarforseti.

BRUSSEL, AP Leiðtogar Bretlands og Frakklands lögðu rötgróinn ágreining um fjármögnun Evrópusambandsins til hliðar í fyrrinótt er þeir skrifuðu ásamt kollegum sínum frá hinum aðildarríkjunum undir samkomulag um langtíma-fjárhagsáætlun sambandsins fyrir tímabilið 2007-2013. Samkomulaginu var fagnað sem mjög mikilvægum áfanga enda hefði trúverðugleiki ESB beðið enn einu sinni hnekkja á áfallaári hefði leiðtogafundinum í Brussel verið slitið án sáttar um fjárlögin.

Eftir tveggja daga erfiðar samningaviðræður tókst Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sem gegnir formennskunni í ESB til áramóta, í fyrrinótt að fá hina leiðtogana til að fallast á málamiðlunartillögu að fjárhagsáætluninni 2007-2013. Það sem gerði útslagið var að Blair bauð að endurgreiðslur sem Bretar hafa fengið úr sameiginlegum sjóðum ESB frá því Margaret Thatcher samdi um þær fyrir

tveimur áratugum yrðu skornar drjúgt niður og það fé látið renna í þróunarsjóði til styrktar uppbyggingu í austantjaldslöndunum fyrirverandi sem gengu í ESB í fyrra.

Á móti það Blair hina leiðtogana, einkum og sér í lagi Jacques Chirac Frakklandsforseta, um að samþykkja að útgjöld ESB yrðu endurskoðuð árið 2008-2009 sem gætu leitt til þess að landbúnaðarstyrkir sambandsins yrðu skornir niður. Franskir búvöruframleiðendur fá drjúgan hluta þeirra að óbreyttu.

„Þetta er samkomulag sem gerir Evrópu[sambandinu] kleift að halda sínu striki; það gerir okkur kleift að sýna rétta samstöðu,“ sagði Blair. Samkvæmt samkomulaginu er ætlinin að lækka útgjöld ESB á tímabilinu 2007-2013 niður í 1,045 prósent af vergri landsframleiðslu. Slikur samdráttur á hinum sameiginlegu sjóðum sambandsins var að margra áliti í mótsögn við markmiðið um að auka vægi ESB

á alþjóðavettvangi. En fyrri tillaga Breta hljóðaði upp á að útgjöld ESB yrðu takmörkuð við 1,03 prósent af landsframleiðslu.

Á fyrsta leiðtogafundi sínum frá embættistöku lagði Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sig fram um að fá völdugustu aðildarríkin til að sýna samstöðu en jafnframt að nýju aðildarríkin væru að fullu höfð með í ráðum. Hún sagði samkomulagið „vonarmerki fyrir þróun Evrópusambandsins. Það er góð málamiðlun.“

Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, var óstjórnlega feginn að samkomulag skyldi nást eftir vonbrigðin fyrr í ár er franskir og hollenskir kjósendur höfnuðu stjórnarskráráttmála sambandsins og fyrsta atrennan að sátt um fjárlagamálið fór út um þúfur á leiðtogafundi í júní. „Evrópa er aftur komin á hreyfingu,“ sagði Barroso í gær.

audunn@frettabladid.is

Björgólfur í Búlgaríu:

Valinn fjárfestir ársins

VIÐSKIPTI Eftir viðskipti upp á meira en 100 milljarða íslenskra króna árið 2005 var Björgólfur Thor Björgólfs-son útnefndur fjárfestir ársins í búlgarska ríkisútvörpinu.



BJÖRGÓLFUR THOR Hefur gengið flest í haginn utan landssteinanna

Fyrirtæki hans, Novator, var tilnefnt til verðlaunanna ásamt Telecom Austria og Global Steel Holdings. Novator fjárfesti nýverið í BTC, búlgarska landssímanum, og fyrr á árinu keypti Novator 34 prósent hlut í El Bank, áttunda stærsta banka Búlgaríu. Björgólfur var ekki viðstaddur athöfnina en talsmaður hans tók við verðlauninum fyrir hans hönd. ■

LÖGREGLUFRETTIR

Gistu fangageymslur Tveir menn á fertugsaldri gistu fangageymslur lögreglunnar á Akranesi aðfararmótt laugardags. Annar hafði stofnað til heimilisófriðar og hinn var með læti á skemmtistað.

Ísing á vegi Bill valt í einstigi við bæinn Hvamm á milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar á laugardag. Tvennt var í bilnum og meiddist ekki en talsverð ísing var á veginum. Bifreiðin hafnaði á hvolvi og er önytt.

Missti stjórn á bílnum Að morgni laugardags valt bíll á Grindavíkurvegi á móts við Bláa lónið þar sem ökumaður sendibifreiðar hafði misst stjórn á henni vegna vindhvíðu. Bifreiðin er mikið skemmd en ökumaður og farþegi meiddust ekki.

Fékk höfuðhögg Líf, þyrla Landhelgisgæslunnar, var kölluð út að morgni laugardags þegar aðstoðarbeiðni barst frá netabátnum Tjaldi SH-270. Skipverji hafði fallið um koll í lestinni og óttast var að hann væri alvarlega slasaður. Erfiðlega gekk fyrir þyrluna að fara á slystað vegna veðurs og áður en langt um liðið var ástand mannsins betra. Ákveðið var að hætta við að sækja manninn.

Stjórnarandstaða um vilja ráðherra til lækkunar tolla á innfluttum matvælum:

Breytinga á styrkjakerfi þörf

LANDBÚNAÐUR „Ég fagna því ef menn eru tilbúnir til þess að fella niður tolla á innfluttum matvælum,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.

Ingibjörg segir þó ekki þurfa að biða eftir Alþjóðaviðskiptastofnuninni til þess að fara í slíkar aðgerðir. „Mér finnst málið ekki einungis snúast um samningsatriði við stofnunina heldur hvernig best sé að bæta lífskjör Íslendinga.“ Ingibjörg segir þar skipta verulegu máli að ná niður matarverði, sem meðal annars verði gert með því að lækka tolla á innfluttum landbúnaðarvörum.

„Vinstri grænir eru ekki stuðningsmenn þess að gefa íslenskan landbúnað upp á bátinn,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna.



„Breytingar á kerfinu hefði hins vegar mátt gera fyrir löngu, enda lengi verið ljóst hvert stefndi.“ Steingrímur kveðst fylgjandi því að framleiðslustyrkjum sem nú eru við lýði verði breytt í greiðslur sem ekki trufla samkeppnisstöðu.

„Breytingar á borð við þessar verður að gera hægt og skipulega og gæta þess vel að okkar landbúnaður haldi velli,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslyndra. ■

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Formaður Samfylkingarinnar segir lækkun tolla á innfluttum landbúnaðarvörum geta skilað sér í lægra matvöruverði.

**„ASTÚÐSIÐ“
Bókmenntaþerölaun
2005**

1. SÆTI

„Ekki á hverjum degi sem unglingar senda frá sér svo vel heppnaðar metsölubækur.“

Arni Matthíasson / MORGUNBLAÐIÐ

„Algjörlega frábær bók.“

Hugi.is

BÓKIN SEM UNGA FÓLKID ER AÐ TALA UM

PRÍÐIA PRENTUN ER KOMIN

Erna Paolina

98 vikur á metsölulista New York Times

ERAGON

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is



Opið frá 10-22 í dag!



Gefðu eina gjöf í viðbót!

Jólapakkaleikur Bylgjunnar og Kringlunnar stendur nú sem hæst. Landsmenn allir eru hvattir til að setja pakka undir jólatré Kringlunnar og gleðja þá sem þurfa á aðstoð að halda.

Sunnudagur 18. desember

- 13.00 Strákahljómsveitin SPARK
- 15.00 Nylon og Heiða
- 16.00 Atriði úr söngleiknum Annie
- 17.00 Nylon og Heiða
- 19.00 Strákahljómsveitin SPARK



Kringlan
ER MEÐ ALLT FYRIR JÖLIN

Lifandi jazz í göngugötu og jólasveinar kíkja í heimsókn alla helgina

Opið til 22 til jóla!

Veitingastaðir og Kringlubíó hafa opið lengur á kvöldin
www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 16.12.2005

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	62,16	62,46
Sterlingspund	110,07	110,61
Evra	74,57	74,99
Dönsk króna	10,007	10,065
Norsk króna	9,346	9,402
Sænsk króna	7,855	7,9018
Japanskt jen	0,5344	0,5376

Gengisvísitala krónunnar
104,7986

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Svínabóndi um matarverðið: Hlutfall ráðstöfunartekna

MATVÖRUVERÐ Gunnar Gunnarsson, svínabóndi á Hýrumel í Borgarfirði, gagnrýnir umræðuna um hátt verðlag á Íslandi vegna innflutningshafta á búvörum. Hann telur sanngarnara að bera saman hlutfall matvöru af ráðstöfunartekjum íbúa í Evrópu og taka tillit til virðisaukaskatts á matvæli.

Gunnar rekur svínabú í Borgarfirði og bendir á að vinnuaflið sé dýrt. Hann greiðir pólskum starfsmönnum samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Væri þeim greitt samkvæmt pólskum kjarasamningum myndi launaliðurinn lækka verulega. Taka þurfi tillit til ýmissa slíkra þátta í umræðunni. - ghs

Hert innflytjendalög vestra:

Grænakorts-happdrætti hætt

BANDARÍKIN, AP Ný innflytjendalög sem samþykkt voru í fulltrúadeild Bandaríkjaþings kveða meðal annars á um að vinnuveitendum beri að rannsaka lögmati starfsmanna sinna, að her og lögreglu megi nýta til að hefta ólöglega innkomu í landið og byggja megi öryggisgirðingu meðfram landamærum Mexíkó.

Einnig verður hætt að halda happdrætti um bandarískt atvinnuleysi (græna kortið) en ríkisborgurum landa, þar sem lítið er um ásókn í bandarískan ríkisborgarétt, hefur staðið þátttaka í þessu happdrætti til boða, þar á meðal Íslendingum.

Nýju lögini hafa verið gagnrýnd af ráðamönnum í Mexíkó og samtökum innflytjenda, sem telja þau of harðneskjuleg. Talsmenn frumvarpsins segja hörkuna nauðsynlega svo að auka megi virðingu fyrir lögum og reglum. Yfir tíu milljónir manna eru innan landamæra Bandaríkjanna án landvistarleyfis. ■

Stjórnsýslukæra á hendur Seltjarnarnesbæ vegna líkamsræktarstöðvar:

Rætt við einn af þremur

BÆJARSTJÓRNARMÁL „Ekkert hefur verið ákveðið ennþá en við erum í þreifingum við World Class og ef allt gengur að óskum þá göngum við til samninga við þá fljótlega,“ segir Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi.

Skammt er síðan bæjarstjórnin ákvað að ræða nánar við einn aðila af þremur sem um sóttu varðandi byggingu líkamsræktarstöðvar við hlið sundlaugarinnar á Seltjarnarnesi. Hefur sú ákvörðun farið fyrir brjósti á þeim tveimur aðilum sem ekki var rætt við og hefur annar þeirra sent formlega stjórnsýslukæru vegna málsins.

Jónmundur segir engar ákvarð-

anir hafa verið teknar. Bæjarstjórn hafi einróma viljað skoða tilboð World Class nánar enda sá aðili sá eini sem stendur í viðlíka rekstri annars staðar. Það þýði ekki að hinir tveir hafi verið útilokaðir en flestum lístist vel á tillögur þær er forsvarsmenn World Class hafa fram fært og byggi á svipaðri hugmynd og í Laugum í Reykjavík.

Gangi viðræður allar eftir mega Seltirningar eiga von á að ný líkamsræktarstöð verði risin við sundlauginna strax næsta haust. - aæ

SUNDLAUG SELTJARNARNES Til stendur að líkamsræktarstöð World Class risi við hlið sundlaugarinnar og að laugin sjálf verði jafnvel að einhverju eða öllu leyti yfirbyggð.



Tveir sýknaðir í eiturlyfjamáli:

Tilætlan þeirra ósönnuð

DÓMSMÁL Héraðsdómur hefur sýknað tvo menn af ákæru um tilraun til innflutnings á 137 grömmum af amfetamíni frá Kaupmannahöfn í september síðastliðnum.

Annar maðurinn, sem er um þrjúfalt, var handtekinn af dönsku lögreglunni á aðalbráttarstöðinni í Kaupmannahöfn þar sem hann vitjaði eiturlyfja sem vitorðsmaður hans hafði komið fyrir. Ekki þótti fullsannað hjá ákæruvaldinu að tilætlan sakborninga hafi verið að flytja efnið til landsins og voru þeir því sýknaðir. Hinn yngri var þó sakfelldur fyrir ýmis önnur afbrot og dæmdur til fangelsisvistar í þrjátíu daga. - æþe

Áfellsdómur um samkeppni

Samþjöppun er mikil bæði á smásölumarkaði og hjá birgjum. Birgjar þurfa aukinn aðgang að hilluplássi og markaði í matvöruverslunum hér á landi. Verslunarrými þarf að skipuleggja á nýjum lóðum með tilliti til virkrar samkeppni. Áfellsdómur, telur framkvæmdastjóri ASÍ.

MATVÖRUMARKAÐUR Fákeppni á matvörumarkaði heldur matvöruverði háu hér á landi, ekki bara innflutningshömlur á búvörum. Verslunarkeðjurnar hafa á síðari árum skipulagt innkaup sín þannig að fáir annast innkaupin. Samþjöppunin er meiri hér en á

segir jafnframt að mikil samþjöppun á smásölustigi hafi haft áhrif á samkeppnina og dregið úr samkeppnisstöðu lítilla og nýrra birgja. Þessa samkeppnisstöðu þurfi að styrkja á nýjan leik, til dæmis með því að auka aðgang nýrra birgja að hilluplássi í verslunum.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, segir að skýrsla norrænu samkeppnisefirlitanna sé „áfellsdómur um samkeppnina“. „Hér er nauðsynlegt að tvennt gerist. Stjórnvöld verða að axla ábyrgð á því að fara í breytingar á verndun landbúnaðarins og finna leiðir til þess að hagsmunir neytenda og bænda fari saman. Það verður síðan að skoða kostnaðarþjófgerðir í verslunarframtækjum og kanna hvers vegna vöruverðið er svona hátt og afkoman lág, hvað það er í bókhaldi þessara fyrirtækja. Stór aðili á matvörumarkaði, sem á fasteignafyrirtæki og leigir sjálfum sér, tekur hagnaðinn bara út í fasteignarekstrinum.“

Samkeppnisefirlitið hyggst á næstunni beina tilmælum til stjórnvalda um að skoða inn-



MATVARA Vöruúrval í stórmörkuðum hér er minna en í flestum öðrum Evrópulöndum. Samkeppnisefirlitið telur að það þurfi að auka samkeppni meðal birgja og opna nýjum birgjum greiðari leið að hilluplássi í verslunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



GYLFI ARNBJÖRNSSON
„Ef það er slegið á samkeppnina og dregið úr henni eða það á sér stað á matvörumarkaði þá hefur það líka áhrif til hækkunar á matvöruverði.“

hinum Norðurlöndunum. Hér sjá tvö innkaupa- og vöruhús um yfir 80 prósent innkaupanna í hillur stórmarkaðanna.

Samþjöppun í innkaupum hefur aukið afköst og lækkað innkaupsverð matvöruverslana. Aukin magninnkaup hafa styrkt keðjurnar í viðskiptum við birgja en á smásölumarkaði hefur þetta leitt til einsleittni í vöruvali og færri valkosta fyrir neytendur.

Þó að launakostnaður sé hærri á Norðurlöndunum en annars staðar í Evrópu geti verðmunur milli stórmarkaða lækkað fyrir tilstilli ofurlágvöruverslana. Þessar verslanir hafa ekki enn rutt sér til rúms hér á landi. Þá geti aukin útböð á vöruinnkaupum verslunarkeðja leitt til aukinnar samkeppni birgja, fjölbreyttara vöruúrvals og lægra innkaupaverðs.


Þetta kemur fram í skýrslu Samkeppnisefirlitsins um norrænan matvörumarkað. Þar

flutningshömlur á búvörum. Í skýrslunni segir að flutningskostnaður hingað vegi æ minna í matarverði og útskýri ekki nema að litlum hluta hærra verð á matvörum hér en í nágrannalöndunum.

ghs@frettabladid.is


VÖRUÚRVAL Í VERSLUNUM

Samkvæmt skýrslu Samkeppnisefirlitsins um matvörumarkað á Norðurlöndum.



MATARKOSTNAÐUR

Hlutfall af ráðstöfunartekjum í matar- og drykkjarinnkaup 2004



„... leiftrandi og heillandi“



„... er opinská, leiftrandi og heillandi ... Hér er vissulega um eiginlega bók að ræða, ekki aðeins fyrir aðdáendur Lenbons, heldur alla þá sem ... láta sig sögu dægurtónlistar einhverju varða.“

Sveinn Guðjónsson, Mbl.

Frábær bók sem varpar nýju ljósi á eina helstu rokkstjörnu 20. aldar.

SKRUDDA
Ejarsíð 9 - 101 Reykjavík
s. 552 8866 - skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is


VEÐURSPÁ

um hádegis »

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

KÖLNAR A NY
Nú í morgunsárið er víðast frostlaust á láglandi en hann er að kólna eftir því sem líður á daginn. Þar sem úrkomuloft er yfir landinu má búast við snjó- eða slydduálfum um eða eftir hádegis. Það er snarpur vindstrengur vestur af landinu en hann nær væntanlega ekki inná landið. Engu að síður verður fremur vindasamt í dag.

HÖFUÐBORGIN Í DAG
Suðvestan strekkjngur. Skúrir og síðar slydduél. Hiti 1-4 stíð.



Kaupmannahöfn	7°C hálfskýjað	Paris	10°C skýjað	Alicante	16°C heiðskirt
Oslo	-3°C hálfskýjað	Berlin	5°C rigning	Milano	7°C heiðskirt
Stokkhólmur	1°C alskýjað	Frankfurt	10°C skýjað	New York	7°C rigning
Helsinki	-1°C snjócoma	Madrid	11°C heiðskirt	San Francisco	13°C hálfskýjað
London	12°C alskýjað	Barcelona	11°C hálfskýjað	Orlando/Florida	18°C heiðskirt

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

40% afsláttur af jólasakrauti

OPIÐ
til kl. 22
öll kvöld til jóla



Jólakúlur margir litir og stærðir

TILBOÐ
verð frá
179 kr/pk
Verð áður 299,-



Jólastell matar og kaffi fyrir 4

TILBOÐ
2.999 kr/pk
Verð áður 4.999,-



Jóladiskar kringlóttir. 3 stk. í pakka

TILBOÐ
1.019 kr/pk
Verð áður 1.699,-



Jólaborðar í miklu úrvali

TILBOÐ
119 kr/stk
Verð áður 199,-



Jólatrésfigúrur 3 stk. í pakka

TILBOÐ
299 kr/pk
Verð áður 499,-



Jólatréstoppar margir litir

TILBOÐ
239 kr/stk
Verð áður 399,-



Engill 45 cm á hæð

TILBOÐ
2.399 kr/pk
Verð áður 3.999,-



Jólakúlur með skrauti, margir litir, 4 kúlur í pakka

TILBOÐ
359 kr/pk
Verð áður 599,-

Gildir 18. desember á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Mun friður komast á í Írak nú eftir að búið er að kjósa til þings?

Já	13,3
Nei	86,7

SPURNING DAGSINS Í DAG

Mun ríkisstjórnin lækka landbúnaðarstyrki?

Farðu inn á vísir.is til að greiða atkvæði

Bandalag háskólamanna gagnrýnir Félag leik- og grunnskólakennara:

Fagna hækkun lægstu launa

KJARAMÁL „Þarna var kannski gengið aðeins of langt en okkur finnst eðlilegt að kjör þeirra verst settu hækki án þess að allar aðrar stéttir hlauði upp til handa og fóta líka,“ segir Halldóra Friðjónsdóttir, formaður Bandalags háskólamanna.

Á fundi miðstjórnar bandalagsins í vikunni var hart deilt á aðfinnslur þær sem Félag grunnskólakennara og Félag leikskólakennara hafa við nýja samninga Reykjavíkurborgar við Eflingu og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Samningarnir þýða að laun þeirra lægst launuðu hækkar sem hlýtur að

vera baráttumál allra í landinu. Halldóra segir þó meiri skilning á máli leikskólakennara en bendir á að vart sé hægt að tala um að ófaglært fólk sé komið yfir faglært í launum eins og þeir hafi haldið fram. „Mjög margir í viðkomandi félögum eru háskólamenntaðir þó það sé kannski ekki sem leikskólakennarar og ekki sanngjarnt að tala um ófaglært fólk eins og gert er.“

Samningar borgarinnar hafa einnig haft þau áhrif að umsóknir um atvinnu á borð við heimahjúkrun eru farnar að verast inn á borð starfsmannaskrifstofu

borgarinnar. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri, segir það vera í fyrsta sinn sem slíkt eigi sér stað. „Í þessari viku hafa borist allnokkrar umsóknir sem vart hafa borist áður til okkar. Þar er komið fólk sem áður taldi kjörin ekki nógu góð en það hefur breyst og eingöngu vegna þessara nýju samninga.“

-aþe

GAGNRÝNA LEIKSKÓLAKENNARA Talið er eðlilegt að laun lægstu stétta landsins og þeirra sem setið hafa eftir hækki án þess að til komi hækkun fyrir alla aðra hópa í þjóðfélaginu einnig að mati Bandalags háskólanema.



Fiskistofa dæmd í héraði:

Gert að greiða skaðabætur

DÓMSMÁL Fiskistofa hefur verið dæmd til að greiða útgerðarfélaginu Bjarti í Vík og Berki Hrafnri Árnasyni 200.000 krónur hvorum í skaðabætur fyrir að samþykka að flytja veiðileyfi ólöglega á milli báta.

Samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp í gær var Fiskistofu óheimilt að flytja veiðileyfi af bátinum Sigurinu GK yfir á bátinn Einar HU.

Útgerðarfélagið stefndi Fiskistofu fyrir það tjón sem félagið varð fyrir vegna þessarar færslu á veiðileyfum. Fyrir héraðsdómi lá dómur hæstaréttar um að flutningurinn hefði verið ólöglegur og því taldist sannað í héraði að Fiskistofu bæri að greiða skaðabætur.

-æþe

VESTURBAKKINN

Einn lést í loftárás Einn lést og minnst þrjú særðust þegar ísraelsk flugvél skaut flugskeyti á bíl á Gaza-svæðinu í gær, að sögn palestínsku öryggis- og neyðarþjónustunnar. Ísraelflokkur hafa brugðist af hörku við sjálfsmorðsárásinni hinn 5. desember þegar fimm Ísraelflokkar létu lífið.

Skotárás Á föstudag skutu palestínskir skæruliðar á bíl í borginni Hebron og drápu íbúa gyðingabyggðar í nágrenninu. Fatah-samtökin og samtökin Heilagt stríð lýstu sameiginlegri ábyrgð á hendur sér. Ísraelsmenn segja palestínsku stjórnvöld ekki gera nóg til að stemma stígu við öfgamönnunum en þau hafa heitið auknum öryggisráðstöfunum á svæðinu er nær dregur kosningum í Palestínu hinn 25. janúar.

Arabar í háskóla í gyðingabyggð Vakið hefur athygli að 300 arabar stunda nám við háskóla í afar umdeildri gyðingabyggð, á landi sem Palestínunum gera kröfu til. Fjárhagslegt bolmagn skólans virðist hafa brúað gjána milli Ísraelflokkanna og Palestínunanna í þessu tilviki.

Álpönnuverksmiðja flutt til Rúmeníu

Stjórn fyrirtækisins Alpan á Eyrarbakka hefur ákveðið að flytja framleiðslu þess til Targoviste í Rúmeníu. Bæjarstjóri Árborgar segir það hafa mikil áhrif á sveitarfélagið að missa 25 manna vinnustað og segir þróunina áhyggjuefni.

ÍBNABUR Verksmiðjan Alpan á Eyrarbakka mun flytjast til Targoviste í Rúmeníu á næsta ári. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir tvær ástæður vera fyrir þeirri ákvörðun. „Það er skortur á vinnuafli og hátt gengi íslensku krónunnar sem gerir okkur mjög erfitt um vik,“ segir Þórður Bachmann framkvæmdastjóri en fyrirtækið framleiðir álpönnur og potta og fara um níutíu prósent framleiðslunnar á erlendan markað.

„Þetta eru störf sem er mjög erfitt að fá Íslendinga til að vinna. Við höfum verið að reyna að dekkja þetta með erlendu starfsfólki en það dugur samt ekki,“ segir Þórður en um helmingur starfsmanna Alpan er af erlendu bergi brotinn. „Við þurfum einfaldlega að taka ákvörðun um það hvort við vildum flytja inn fólk í stórum stíl eða flytjast til útlanda. Við völdum staðsetningu þar sem mikil þekking er á málmvinnslu og mjög greiður aðgangur að vinnuafli.“

Alpan kemur til með að aðstoða þá sem missa vinnuna við að finna ný störf en þetta eru um 25 manns. „Atvinnuástandið er þannig að við sjáum ekki fram á að það verði vandamál að útvega fólkinu vinnu því það er mikil eftirspurn eftir vinnuafli.“

Verksmiðjan heldur uppi fullri starfsemi til loka mars og mun flytjast um set í lok maí en sölu- og starfsemi verður áfram stýrt frá Íslandi. „Við hefjumst handa við flutning í apríl og líklega verður verksmiðjan orðin fullgangsett í Rúmeníu í lok júní. Það eru mjög stórir samningar í burðarliðnum



VIÐ STÖRF Í ALPAN Starfsmenn fyrirtækisins missa vinnuna þegar starfsemi fyrirtækisins verður flutt til Rúmeníu.

hjá okkur sem við höfum ekki getað sinnt hingað til vegna skorts á vinnuafli og það verður gott að geta uppfyllt allar fyrirbyggjandi pantanirnar. Ég býst við að starfsmannafjöldinn í fyrirtækinu muni fara úr fjórutíu manns upp í hundrað innan tveggja ára.“

Að sögn Einars Njálssonar, bæjarstjóra á Eyrarbakka, mun þessi flutningur Alpan til Rúmeníu hafa mikil áhrif á sveitarfélagið. „Þetta kemur til með að hafa heilmikil áhrif þar sem þarna hverfur 25 manna vinnustaður úr sveitarfélaginu og

það er ekki gott. Fólk sem hefur starfað þarna missir vinnuna og þó svo að það sé alls ekki slæmt atvinnuástand í sveitarfélaginu þá kemur þetta til með að hafa mikla röskun för með sér og sérstaklega á líf fólks sem þarna vann,“ segir Einar. „Þetta er verulegt áhyggjuefni og það virðist vera slík þróun í gangi hérlendis að iðnaðarfyrirtæki flytja starfsemi sína til láglauna-svæða og þetta virðist vera angí af því. Það er stór ástæða til að hafa áhyggjur af þeirri þróun.“

hilda@frettabladid.is

FISKELDISSTÖÐ TIL SÖLU !!

MIKLILAX AÐ HRAUNI I. Í FLJÓTUM.

Fiskeldisstöðin Miklilax er staðsett á jörðinni Hraun I Fljótahreppi, skammt frá Siglufirði.

Húsakostur: Vandað sláturhús úr límtré 485,3m² stálklætt. Rafstöðvarhús 153,7m², (steypt) djúpdælurhús 38,8m² (steypt) og skúrar.

Fiskeldisker: Steyptur. botn og hliðar úr glerjungungshúðuðu stáli: 8 stk Ø 23,9 m og 3 stk Ø 12,9m.

Véla og tækjabúnaður: Rafstöð Cummins 820 hp, keyrð 900 klst, Rafall Leroy-Somer 516kw, 4stk Framo djúpdælur, 4-5 stk loftdælur, krapavél Type B105, o.m.fl.

Lausmunir: Talsvert magn af plaströrum Ø600mm og 170mm, og ýmsu öðru efni og búnaði.

Upplýsingar verða gefnar í síma 444 - 8706 og einnig má senda fyrirspurnir á henry@kbbanki.is og fax 444-8709.

Óskað er eftir tilboðum í alla stöðina eða hluta.

Þ.e. byggingar, vélar eða lausamuni.

Senda skal inn formleg tilboð ásamt greiðsluskilmálum.

Tilboðsfrestur er til 14. janúar 2006.

Tilboð sendist til KB banka, Sóltúni 26. 105 R c/o Henry Þór.

Kaupþing banki hf. áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er, eða hafna öllum.



Formaður Öryrkjabandalagsins um húsnæðismál öryrkja:

Þörf á heildarendurskoðun

SAMFÉLAGSMÁL „Umsókn um félagsíbúð sem metin er sem forgangsmál liggur ekki óafgreidd í fimm ár. Þá eru það einhverjir þættir þar á bak við sem eru þess valdandi að hún er ekki afgreidd,“ segir Ellý Þorsteinsdóttir frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Hún getur þó ekki tjáð sig sérstaklega um málefni Sævars Arnfjörð.

„Við höfum ýmis úrræði fyrir fólk í svipuðum aðstæðum. Það eru til dæmis gistiskýlin í Þingholtum sem eru ófullnýtt um þessar mundir og húsnæði fyrir heimilisláusa við Miklubraut,“ segir hún.

Heiðar Guðnason, forstöðumaður Samhjalpar, segir að ætla megi að rúmlega fimmtíu manns séu á vergangi um þessar mundir.

„Ég er þeirrar skoðunar að það sé brýn þörf á heildarendurskoð-



SÆVAR OG SIGURSTEINN Nokkur úrræði eru í boði fyrir heimilisláusa í Reykjavík. Sigursteinn Mátsson vill heildarendurskoðun á húsnæðismálum öryrkja og annarra sem veikir eru.

un á húsnæðismálum fatlaðra og sjúkra,“ segir Sigursteinn Mátsson, formaður Öryrkjabandalagsins. „Við verðum að byggja upp virkan leigumarkað þar sem allir

sitja við sama borð og að þar verði tryggt að öryrkjar og aðrir hafi efni á því að vera á þeim markaði en þurfi ekki á sérúrræðum að halda.“

-jse

BETRA VERÐ

á jólagjöfum í BYKO



Vnr.74091116
Hleðsluborvél
SKIL hleðsluborvél
14,4V. 2 rafhlöður.
Fjarstýrður bíll fylgir.

5.990

~~8.900~~

**OPIÐ TIL
22:00**

öll kvöld til jóla
í BYKO Breidd,
Glerártorgi á Akureyri
& Selfossi

SKIL



1.290

~~1.990~~

Vnr.77700310
Verkfærakista
LUX verkfærakista, 22".



DREMEL

9.900

~~14.216~~

Vnr.74781300
Föndurfræsari
Vandaður föndurfræsari í trékassa, fjöldi aukahluta.



DREMEL

4.990

~~7.629~~

Vnr.74780698
Verkfærasett
DREMEL verkfærasett, 300 JS jólasett, 2005.



2.990

~~4.647~~



Vnr.88546816

Verkfærakista
LUX verkfærakista, 49 stk.



hanseatic

1.990

~~3.990~~

Vnr.74834114
Rafhlöðuborvél
HANSEATIC rafhlöðuborvél, 14,4V. Snúningshraði
0-550 sn./mín., patróna 1-10 mm. Hleðslutími um 5-7 klst.



BYGGIR MEÐ PÉR

ISUZU
D-MAX

ISUZU

Laugardagur 24. desember 2005, Helliheiði.
Fyrstu jólin haldin í bústaðnum.

FJALLAKLIFRARI



Fáir bílar hafa sannað sig eins vel við íslenskar aðstæður og Isuzu. Þessi sterki og þrautseigi bíll er nú kominn í nýjan og glæsilegan búning. Hann vekur athygli hvert sem hann fer en virðist alltaf passa inn í umhverfi sitt, sama hversu gróft það er.

D-Max var valinn Pick-up ársins 2005 af "4x4 Magazine" og hlaut gullverðlaun tímaritsins "What Van" 2004.

Komdu til okkar og kynntu nýjum Isuzu D-MAX.



Staðalbúnaður í D-MAX: Vökva- og veltistýri, tveir öryggisloftþúðar, rafdrifnar rúður, útvarp og geislaspilari, snúningshraðamælir, samlæstar hurðir með fjarstýringu, stökkur á milli framsæta, höfuðpúðar í aftursæti, fimm þriggja punkta bílbelti, loftkæling, ABS hemlakerfi, álfelgur, brettakantar, kastarar í framstuðara, leðurklætt stýrishjól, rafstýrðir útispeglar.

Isuzu D-Max, Crew Cab (4 dyra), sjálfskiptur, 3.0 l. dísil.

2.590.000,-

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Menntaráð Reykjavíkurborgar leggur til þrjátíu milljónir:

Nýsköpunarverkefni styrkt

MENNTAMÁL Menntaráð Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að auka fjárveitingar Þróunarsjóðs til nýsköpunar- og þróunarverkefna í skólum borgarinnar um þrjátíu milljónir króna. Styrkjafé menntaráðs hækkar því úr um 45 milljónum króna í 75 milljónir. Við úthlutun styrkja verður lögð sérstök áhersla á nokkur mál sem menntaráð hefur ákveðið.

Á grunnskólastigi er auglýst sérstaklega eftir verkefnum sem varða þróun á fleiri verkefnum fyrir bráðgerð börn við þeirra hæfi, þróun á tungumálakennslu fyrir börn á leikskólastigi og



STEFÁN J. HAFSTEIN Er formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar.

þróun á verkefnum þar sem kennarar sem hafa náð góðum árangri í starfi, svokallaðir forystukennarar, geti miðlað reynslu sinni og þekkingu til annarra skóla.

Styrkjum verður úthlutað á leikskólastigi sérstaklega til verkefna sem lúta að fjölmenningu og þróunarvinnu sem leiðir til aukins samstarfs á milli leik- og grunnskóla.

Stefán J. Hafstein, formaður menntaráðs, segir hækkunina endurspeglja þann vilja ráðsins að hvetja kennara og skólastjórnendur til að auka fjölbreytni og nýsköpun í skólastarfinu. - æpe

Trúnaðarupplýsingar til samkeppnisaðila

Lög skylda einkafyrirtækið Mjólkku til að láta af hendi trúnaðarupplýsingar til Bændasamtakanna en þar sitja meðal annars aðilar frá helstu keppinautum þeirra. Landbúnaðarráðherra telur ekki að til breytinga þurfi að koma.

ATVINNULÍF „Okkur er gert að senda trúnaðarupplýsingar til Bændasamtakanna en þar sitja menn frá Mjólkursamsölu og Osta- og smjöröslunni, sem eru okkar keppinautar á markaðnum," segir Ólafur M. Magnússon, framkvæmdastjóri Mjólkku, en fyrirtækið hefur mótmælt reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga í íslenskum mjólkuriðnaði. Telja þeir víst að lögin stangist á við eðlilega viðskiptahætti og samkeppnislög.

Ólafur segist hafa rætt þetta við Guðna Ágústsson landbúnaðarráðherra og hann hafi beðið um formlegt bréf þess efnis. „Það er alveg með ólíkindum hvað þessi lög eru úr sér gengin og viðáttvitlaus. Að við sem einkafyrirtæki og það eina í mjólkuriðnaði sé gert að upplýsa andstæðinga okkar um trúnaðarupplýsingar og sölutölur um fyrirtækið er alveg glórlaust með öllu."

Ólafur segir enn fremur að Mjólkka muni ekki greiða svokallað verðtilfærslu og verðmiðlunargjald

sem kveðið er á í búvörulögum að lagt skuli á hvern lítra mjólkur. „Að sama skapi er það barn síns tíma vegna þess að við erum einkafyrirtæki og fáum ekki krónu úr þessum sjóðum. Greiðum við þá erum við í raun að niðurgreiða rekstur samkeppnisaðila okkar og það er fjarri lagi að við tökum þátt í því. Við munum ekki greiða þetta gjald og fara alla leið fyrir dómstóla ef þess gerist þörf."

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra segir að málið verði tekið til athugunar í ráðuneytinu. „Við munum fara yfir þetta erindi og skoða lögfræðilega hvort ástæða sé til breytinga á reglum," segir Guðni. „Ég hef þó ekki mikla trú á því að til þess þurfi að koma." Guðni segir Bændasamtökin hafa ákveðið aðhald og upplýsingaöflun með höndum. „Ég sé ekki að það eigi að þurfa valda vandræðum," segir Guðni. Hann kveðst enn fremur ekki sjá að halda þurfi upplýsingum sem um ræðir leyndum.

albert@frettabladid.is



FRAMKVÆMDASTJÓRI MJÓLKU Ólafur M. Magnússon undrast reglur þær er í gildi eru í mjólkuriðnaðnum. Flestar séu þær barn síns tíma og ekki sé gert ráð fyrir einkaaðilum á þeim markaði eins og staðan sé í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




KJÖRGRIPUR

„Áberandi, ef ekki framúrskarandi vel úr garði gerð, til hennar óspart vandað, augnayndi frá einni síðu til annarrar ... um kjörgrip að ræða sem ekkert menningarheimili getur verið þekkt fyrir að vera án."

Bragi Ásgeirsson / MORGUNBLAÐIÐ

„... verulegur fengur að þessari miklu bók."

Viðar Hreinsson / Kistan.is



BÓKIN ER Í STÓRU BROTI OG PRÝDD HUNDRUÐUM LJÓSMYNDNA



ÁST ER...

AÐ TAKA ÞÁTT Í LEIKNUM

Því það er órjúfanlegur hluti af deginum að eiga ánægjulegt spjall við son sinn um boltann. Mörkin sem hann skoraði á síðustu æfingu og vitið sem hann klúðraði.

Ást er líka að gera ráðstafanir til að tryggja fjölskyldunni fjárhagslegt öryggi ef þú missir tekjur vegna veikinda eða fellur frá.

SJÓVÁ

LÍF

SVO AÐRIR GETI
TREYST Á ÞIG



20% af öllum Columbia úlpum til jóla

Barnaúlpur margir litir frá kr. 4.790,-

Columbia Sportswear Company

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF



NISSAN PATROL

ENDIST ENDALAUST

Tegund	Verð
Patrol Luxury beinskiptur	4.090.000,-
Patrol Luxury sjálfskiptur	4.190.000,-
Patrol Elegance beinskiptur	4.390.000,-
Patrol Elegance sjálfskiptur	4.490.000,-



SKIPT_ um væntingar

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Rannsókn Sameinuðu þjóðanna á morðinu á Hariri:

Sýrlandsstjórn ber ábyrgð á ódæðinu

LÍBANON, AP Detlev Mehlis, sem fer fyrir rannsókn Sameinuðu þjóðanna á morðinu á Rafik Hariri, fyrrum forsætisráðherra Líbanons, hefur sagst þess fullviss að yfirvöld í Sýrlandi beri ábyrgð á ódæðinu.

Spurður hvort hann ásaði Bashar Assad, forseta Sýrlands, beint um morðið svaraði hann: „Við skulum segja sýrlensk stjórnvöld“, og útskýrði það ekki frekar. Mehlis segist einnig sjá samband milli morðsins fyrir í vikunni á blaðamanninum Gibran Tueni,



DETLEV MEHLIS
Segist þess fullviss að Sýrlandingar beri ábyrgð á morðinu á Rafik Hariri.

sem var andstæðingur Sýrlandsstjórnar, og sprengjuárása sem skekið hafa Líbanon síðan Hariri var myrtur í febrúar. ■



HÚSGAGNAHÖLLIN VIÐ BÍLDSHÖFÐA Á bílastæðinu við Húsgagnahöllina sat tvítugur piltur í aftursæti og misnotaði tólf ára stúlku meðan bílnum var ekið um. Í framsætum bílsins voru tveir félagar mannsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tvítugur var með tólf ára

Tvítugur maður misnotaði traust tólf ára stúlku og niddist á henni í bíl. Tveir félagar hans fylgdust með. Maðurinn fékk fimm mánaða skilorðsbundinn dóm.

DÓMSMÁL Ungur maður hefur verið dæmdur í fimm mánaða fangelsi fyrir að láta tólf ára stúlku eiga við sig munnmök á bílastæði í Reykjavík. Maðurinn var tvítugur þegar atburðurinn átti sér stað í nóvemberlok í fyrra.

Dómurinn, sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudag, er skilorðsbundinn í þrjú ár. Manninum var einnig gert að greiða stúlkunni 600 þúsund krónur í skaðabætur og rúmar 470 þúsund krónur í málskostnað.

Beiðni um rannsókn málsins barst lögreglu í febrúar á þessu ári frá félagsráðgjafa félagsmiðstöðvar sem hafði haft pata af málinu. Stúlkan var boðuð í yfirheyrslu ásamt móður sinni en bar þá að málið væri á misskilningi byggt og rannsókn var látin niður falla. Í mars komu svo viðbótarupplýsingar frá félagsmiðstöðinni og móðir stúlkunnar kærði í framhaldinu kynferðisbrot og lagði fram SMS-skilaboð sem dóttir hennar hafði sent manninum úr síma móðurinnar og þóttu grunsamleg.

Á meðal skilaboðanna var sending til vinkonu um að stúlkan væri hrædd, en þau voru send þegar hún var með manninum og félögum hans í bíl. Síðar um kvöldið sendi hún svo manninum sjálfum skýti, „Hæ tokstu tetta a kmerus“ og „En akkurur vildurur ad eg gerdi tetta?!“

Fram kemur í dómnum að stúlkan óttaðist að annar félagi mannsins hefði tekið atburðinn upp á myndavél sem hann var með en því neitaði hann.

Kynni tókust fyrst með stúlkunni og manninum á tónleikum Scooter þegar kennaraverkfall stóð og laðaðist hún að honum. Stjúpi hennar þekkti til manns-

ins. Hjá lögreglu sagði maðurinn að stjúpin og móðir stúlkunnar hefðu bedið sig að ræða við hana því þau hefðu verið hrædd um að „hún væri farin að nota eiturlyf eða stunda kynlíf“. Í framhaldi af þeim kynnum hefði stúlkan tekið að venja komur sínar í Kringluna í Reykjavík þar sem hann starfaði í verslun. Einhver samskipti hófust svo milli mannsins og stúlkunnar, SMS-skilaboðasendingar og um MSN-forrit á netinu.

Fyrir dómi fullyrta maðurinn að hann hefði talið stúlkuna vera fjórtán eða fimmtán ára og viðurkenndi að hafa fengið hana til að eiga við sig munnmök í aftursæti bifreiðar á bílastæðinu við Húsgagnahöllina í Reykjavík. Samkvæmt framburði stúlkunnar átti manninum þó að vera aldur hennar kunnur.

Dómurinn segir að af gögnum þó ekki hægt að álykta sem svo að ótvíræð sönnun hafi komið fram um að maðurinn hafi vitað að stúlkan var yngri en fjórtán ára umrætt kvöld en þó verði að telja að honum hafi mátt vera ljóst að stúlkan væri ung að árum. „Var háttsemi ákærða því stórfellt gáleysi“, segir dómurinn, en við slíku broti liggur vægari refsing. „Að álitni dómsins er brot ákærða alvarlegt og beindist gegn mikilvægum hagsmunum. Ákærði á sér ekki málsbætur.“

Stúlkan er enn í viðtöllum hjá sérfræðingi vegna atburðarins. Eftir atburðinn hætti henni við grátköstum, var mjög vansæl og fór helst ekki úr húsi. Hún mætti illa í skóla og leið illa andlega. Þá kemur fram að hún hafi óttast manninn og félagi hans, helst ekki viljað upplýsa hvað gerðist og átt erfitt með svefn.

olikr@frettabladid.is

Einmitt gjöfin fyrir
manneskjuna sem
þú veist aldrei
hvað á að gefa.



Vodafone Simplex
Sagem VS2
9.900 kr.

Hvað áttu að gefa manneskju sem á allt, vantar ekkert en vill samt láta koma sér á óvart? Eitthvað flott sem er líka gagnlegt, eigulegt en samt ekki of dýrt? Einfalt en samt ekki of augljóst? Kannski eitthvað eins og Vodafone Simplex, farsíminn sem er svo einfaldur að það tekur innan við mínútu að læra á hann. Þekkirðu einhvern sem vantar ekki neitt nema kannski einfaldari farsíma?

Vodafone Simplex

Hafðu það einfalt um jólin

*** 14 daga skilaréttur.**
Skilaðu símanum ef þú skilur hann ekki!

Vodafone Simplex er eingöngu hægt að nota með simkort frá Og Vodafone.
Komdu í næstu **Og Vodafone verslun**, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.



Heyrumst!

skoðun

SJÓNARMÍÐ
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

Öryrkjabandalagið bregst við fréttum Fréttablaðsins af öryrkja sem býr í tjaldi í Öskjuhlíð.

Sævar Arnfjörð heldur jólin í húsi

Eins og það var nóturlegt að lesa frétt Fréttablaðsins á föstudag um öryrkjann Sævar Arnfjörð var gleðilegt að lesa í blaðinu í gær um viðbrögð formanns Öryrkjabandalags Íslands. Sigursteinn Másson brást skjótt við fréttinni og kom Sævari umsvifalaust í hús.

Líkt og rakið var í fréttinni hefur Sævar búið í tjaldi í Öskjuhlíð í Reykjavík síðan í ágúst. „Ég kvarta ekki, ég er bara þannig uppallinn,“ sagði hann meðal annars og eru þau orð hans sjálf-sagt lýsandi fyrir þann mann sem hann hefur að geima. Sævar var lengi til sjós en slasaðist fyrir áratug og hefur verið öryrki síðan. Mánaðarlega fær hann 85 þúsund krónur frá Tryggingastofnun og með þá peninga upp á vasann gerir hann sér dagamun í byrjun hvers mánaðar og kaupir sér nokkrar nætur á gistiheimili. Fimm ára tilraunir til að fá íbúð í félagslega kerfinu eða hjá Öryrkjabandalaginu hafa ekki borið árangur.

Sigursteinn Másson hefur nú tekið mál Sævars í sínar hendur. Á föstudag hittust þeir á „heimili“ Sævars í Öskjuhlíð og úr varð að Sævar er kominn í hús. Fyrst í stað fær hann inni á gistiheimili en vonir eru bundnar við að hann fái varanlegt húsaskjól á næstu dögum eða vikum.

Það er Fréttablaðinu bæði ljúft og skylt að greina frá því að í kjölfar fréttarinnar á föstudag hafði fjöldi fólks samband við blaðið og bauðst til að rétta Sævari hjálparhönd. Meðal annars var boðist til að greiða fyrir hann húsnæði. Öryrkjabandalagið varð hins vegar fyrra til.

Enginn hringdi frá Reykjavíkurborg eða ríkinu og bauð fram aðstoð hins opinbera. Kannski fréttin hafi ekki hreyft við stjórn-mála- og embættismönnum. Og þó. Það hlýtur að snerta fólk þegar það spyrst að samborgarar okkar hafa ekki ráð á að búa í húsi. Líklegra er að kerfið bjóði hreinlega ekki upp á að brugðist sé í snatri við tilvikum sem þessu.

Enginn hringdi frá Reykjavíkurborg eða ríkinu og bauð fram aðstoð hins opinbera. Kannski fréttin hafi ekki hreyft við stjórn-mála- og embættismönnum.

Nokkur félög og samtök láta sig þá varða sem hvergi eiga höfði sínu að að halla. Samhjálp, Byrgið, Hjálpræðisherinn og Rauði krossinn skulu nefnd hér, auk Öryrkjabandalagsins, og eflaust eru þau fleiri. Á þessum bæjum er unnið förnúfústarf og mangneskan er höfð að leiðarljósi. Oftar en ekki er trúin á Jesúm leiðarstefið í slíku starfi. Margir eiga allt sitt undir starfsemi frjálsra félagasamtaka og lifa í raun í skjóli þeirra.

Tugir Íslendinga eru húsnæðislausir og um það er yfirvöldum kunnugt. Til stendur að koma á fót heimili í Reykjavík fyrir átta húsnæðislausla á næsta ári og takist vel til verður annað slíkt heimili opnað árið 2007. Það er því ljóst að áfram verða tugir Íslendinga húsnæðislausir. Má heita furðulegt að ekki sé stefnt að því að opna heimili fyrir alla húsnæðislausla.

Það var tilviljun að Fréttablaðið komst á snodir um að maður hefðist við í tjaldi í Öskjuhlíð. Sú tilviljun varð til þess að Sævar Arnfjörð heldur jólin í húsi.

Til varnar fjölmenningu

Hugmyndin um fjölmenningu hefur alltaf verið mjög umdeild en upp á síðkastið hefur komist aukin harka í deilurnar um hugmyndina. Orsök þess, líkt og svo margt annars, er hryðjuverkastarfsemi sem hefur það að markmiði að auka enn frekar bilið milli fólks sem kemur úr ólíkum menningarheimum. Svo er bilið milli þjóðfélagsþópa notað sem réttlætning fyrir hryðjuverkastarfseminni.

Það er ekki spurning að það er erfiðara að hampa hugmyndinni um fjölmenningu þegar karlmenn frá Norður-Afríku geta talið belgískar konur á að sprengja sjálfar sig í loft upp ásamt öðru fólki til dýrðar einhverri trú.

Bretland, það land í Evrópu sem er hvað fjölmenningslegast, er mjög mikilvægt í þessari umræðu. Samkvæmt nokkrum skoðanakönnunum hafa breskir borgarar lýst yfir áframhaldandi stuðningi sínum við hugmyndina um fjölmenningu, og það jafnvel stuttu eftir sprengjuárásirnar þann 7. júlí. Margir þeirra sem hafa tjáð sig um ástand mál eru hins vegar ekki eins bjartsýnir.

Samkvæmt nokkrum skoðanakönnunum hafa breskir borgarar lýst yfir áframhaldandi stuðningi sínum við hugmyndina um fjölmenningu, og það jafnvel stuttu eftir sprengjuárásirnar þann 7. júlí.

David Goodhart, ritstjóri tímaritsins Prospect, hefur spurt hinnar gömlu heimspæki-spurningar: „Hver er bróðir minn?“ og hefur lýst því yfir að of fjölbreytt samfélag kunnir að vera alveg ómögulegt samfélag. Fyrsti þeldökki erkibiskup Bretlands, séra John Sentamu, sakar fjölmenninguuna um að hafa slæm áhrif á þjóðareiningu á Englandi. Og breska ríkisstjórnin hefur tilkynnt að héðan af þurfi þeir sem sækja um enskan ríkisborgararétt að ganga í gegnum „próf í breskleika“ þar sem verður kannað hversu breskir þeir eru. Breskt vegabréf nýrra ríkisborgara mun því votta að þeir hafi lært nýju leikreglurnar í samfélagi sem einkennist af aukinni þjóðernishyggju.

Karen Couhan, félagi í mannréttindasamtökunum 1990 Trust, sem stjórnað er af blökkumönnum, er á öndverðum meiði og segir: „Við þurfum að horfa fram veginn með alvarlegri umræðu um hversu langt við þurfum að fara til að takast á við kynþáttabundið misrétti á hinum ýmsu sviðum samfélagsins, ekki taka skref til baka með því að þröngva alla til að vera breskari (hvítari).“

Mennningarlegir blendingar
Prófessor Bhikhu Parekh endurskilgreinir fjölmenningu sem trúna á það að „enginn menningarheimur sé fullkominn eða sé tákn fyrir lífið eins og á að lifa því og þess vegna er það sérhverjum menningarheimi til hagsbóta að eiga í gagnrýnni samræðu við aðra menningarheima [...] Bretland er, og á að halda áfram að vera, líflegt og lýðræðislegt fjölmenningsamfélag þar sem virðing fyrir fjölbreytni þarf að fara saman við sameiginleg gildi.“

Í DAG
FJÖLMENNINGAR-SAMFÉLAG



SALMAN RUSHDIE

Það er ómögulegt fyrir mann eins og mig, sem hefur lifað lífi sem gerbreyttist við það að ég flutti frá einu landi til annars, að vera algerlega hlutlægur er ég met gildi slíkra aðgerða. Ég hef varið meirihluta ferils míns sem rithöfundar í það að fanga möguleika hugmyndaflugsins og auk þess að reyna að stuðla að áframhaldandi samræðum og núningi milli ólíkra menningarheima sem orðin eru næsta hversdagsleg fyrirbæri í nútímanum. Aftur á móti hef ég aðra ástæða til að taka þátt í þessari umræðu, eins og fólk bendir iðulega á, vegna þess að deilurnar sem spruttu upp eftir að Söngvar Satans kom út þjónaðu mikilvægu hlutverki í myndun einingar og pólitískrar stefnumörkunar hjá breskum múslímum. Ég komst ekki hjá því að koma auga á kaldhæðnina í þeim deilum vegna þess að þar var um að ræða veraldlegt listaverk sem ýtti undir að gríðarlega sterk félagsleg, andveraldleg öfl risu upp og mótmæltu bókinni, og voru þessi öfl „íslömsk“ en ekki „asísk“. Niðurstaða þessa er sú að umræðan um fjölmenningu hefur orðið að innri rökræðu fyrir mig, að rífrildi í sjálfinu.

Ég er ekki einn um þetta. Sambreyska menningarheima hefur haft áhrif á okkur öll ásamt öllum þeim ósættanlegu mót-sögnum sem því fylgir. Í okkar úttroðnu borgum þar sem tungumálalábandan er orðin megineinkenni ósættanlegra hugmynda um raunveruleikann, eins og ein af sögupersónunum í *Söngvum Satans* kallar þær, erum við öll menningarlegir blendingar, og þessi innri rökræða geisar að einhverju leyti innra með okkur öllum.

Hreinleiki og óhreinleiki

Mikilvægt er að gera greinarmun á hugtökunum fjölbreytilegri menningu og fjölmenningu. Á dögum gríðarlegra fólksflutninga og alnetsins er menningarleg fjölgjagja óumflýjanleg staðreynd líkt og alþjóðavæðing. Hvort sem þér líkar það betur eða verr lifum við á þannig tímum og draumurinn um samfélag þar sem aðeins ein menningarhefð er ríkjandi er í besta falli hugarburður sem einkennist af fortíðarþrá og í versta falli lífshættuleg plága þar sem kynþáttahyggja, ofstopi í trúmálum eða hugmyndir um menningarlegan hreinleika geta orðið að áætlanum um kynþáttahreinsanir, eða þegar hindúískir ofstækismenn á Indlandi gagnrýna trúverðuleika reynslu indverskra múslíma, eða þegar hugmyndafræðingar Íslam hrekja ungt fólk til að farga sér til dýrðar hinni hreinu trú án nokkurrar meðaumkunar eða efa.

„Hreinleiki“ er slagorð sem leiðir til aðskilnaðar og sprengjuárása. Hættum að nota þetta orð. Ég bið vinsamlegast um dálítið meiri „óhreinleika“, ég bið um dálítið minna hreinleiki og dálítið meiri skít. Þá munum við öll sofa værar í rúmunum okkar.

Fjölgjagja hefur hins vegar allt of oft orðið að menningarlegri afstæðishyggju sem er ekki

eins æskileg hugmynd því margt sem er afturhaldssamt og kúgandi getur lúrt undir yfirborði slíkrar afstæðishyggju og verið réttlætt út frá henni; til dæmis ofbeldi gegn konum.

Tilræðismenn sprengjuárásanna í London þann 7. júlí grófu undan bresku hugmyndinni um fjölgjagju sem gengur út á að fólk sem kemur úr ólíkum menningarheimum geti búið saman í sátt og samlyndi. Af öðrum mögulegum félagslegum leiðum virðist hugmyndin um algera aðlögun fólks sem tilheyrir ólíkum menningarheimum ekki aðeins vera óæskileg heldur einnig ómöguleg og það sem stendur eftir er nálgunin sem kenna má við „grundvallargildin“ sem Parekh minnst á, þar sem hugmyndin um „próf í breskleika“ er ekkert annað en ósmekklegur brandari, í það minnsta í sinni núverandi mynd.

Fjölgjagja og þjóðernishyggja

Þegar við sem einstaklingar veljum og blöndum menningarlegum eiginleikum eftir eigin höfði gerum við það ekki án þess að taka eitt fram yfir annað, heldur eftir því sem eðlið segir okkur. Samfélög verða líka að viðhalda þeim eiginleika að þegar þeirra geti tekið eitt fram yfir annað, að hafna sem og að samþykka, að meta suma hluti meira en aðra hluti, og að krefjast þess að allir þegar samfélagsins samþykki þessi gildi. Þetta er spurningin sem brennur á að leita svara við í samtímanum: Hvernig getur vængbrotið samfélag sem er samkrull fjölmargra menningarheima ákveðið hvaða gildum það vilji deila til þess að viðhalda jafnvægi innan samfélagsins og hvernig getur samfélagið varið þessi gildi þegar þau brjóta í bága við hefðir og trú borgaranna?

Ef fólk finnst sem það sé ekki lítið á það sem hluta þjóðarinnar, mun einangrun þess á endanum leiða til mikillar reiði.

Við getum tekið spor í áttina að svari með því snúa spurningunni við: Hvað skuldar samfélagið þegnum? Óeirðirnar í Frakklandi sanna eitt: Ef fólk finnst sem það sé ekki lítið á það sem hluta þjóðarinnar mun einangrun þess á endanum leiða til mikillar reiði. Chouhan og aðrir hafa á réttu að standa er þeir krefjast þess að tekið sé á málum eins og félagslegu réttlæti, kynþáttahatri og skorti almennings á nauðsynjum. Ef við ætlum að byggja upp fjölmenningslegt samfélag á grunni þess sem sam-einar okkur verðum við fyrst að taka á þeim málum sem sundra okkur.

En ekki er hægt að forðast spurninguna um grundvallarréttindi og tryggð fólks við uppruna sinn. Ekkert samfélag, alveg sama hversu mikið umburðarlyndi ríkir innan þess, getur búið við því að vaxa og dafna á eðlilegan hátt ef þegar þess hafa það ekki í hávegi sem felst í ríkisborgararétti þeirra, ef þeir geta ekki svarað því á skýran máta fyrir hvaða gildi þeir standa sem Frakkar, Indverjar, Bandaríkjamenn eða Bretar.

Greinin birtist áður í New York Times.

Vodafone live!

Hringitónar Fréttir og Íþróttir Leikir Skemmtun

**KOMDU Í SPENNANDI HEIM
AFPREYINGAR OG UPPLÝSINGA**

Vodafone live! SÍMI
14.900 kr.
NOKIA 6020

Smelltu þér á www.ogvodafone.is, Farðu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.

og **vodafone** Heyrumst!

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

MARKAÐURINN
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFVANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

EIN ALLRA STÆRSTA ÞJÖRGUN ÍSLANDSSÖGUNNAR

METSÖLU-LÍFSSTÍLSBÓK SNIÐIN AÐ ÞÖRFUM KVENNA

LEYNDARMÁL AFHJÚPAÐ!

Lítil hersveit undir stjórn Einars Sigurðssonar bjargaði hátt í 200 sjóliðum eftir að kanadíski tundur-spillirinn Skeena, strandaði við Viðey 25. október 1944.

Hér varpa einstakar frásagnir Kanadamanna og Íslendinga nýju ljósi á þjörgunar- og hermálasögu Íslands með lýsingu á einum örlagaríkasta atburði stríðsins hér á landi.

Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa verið metsölubækur í áratugi.



1. sæti
MORGUNBLAÐIÐ 1. DES
- ALMENN TEFNI

7. sæti
MORGUNBLAÐIÐ 1. DES
- ALMENN TEFNI

KONU BÓKIN

Dr. Pamela Peeke lagaði aðferðirnar í Líkami fyrir lífið algjörlega að konum.

Fjallað er um aðferðir sem gera konum kleift að greinast og gjörbreyta líkamlegu ásigkomulagi sínu. Pamela útskýrir hvernig jafnvægið milli æfinga og næringar skiptir mestu. Á öllum aldri.




ÚTKALL
Sími 562 2600

NÝ ÚTGÁFA KOMIN TIL LANDSINS

KLASSÍSKAR BARNABÆKUR

Fimm í fjársjóðsleit á Fagurey

Hver man ekki eftir Fimm-bókunum og Ævintýra-bókunum. Hér eru þær komnar aftur í nýrri útgáfu til óblandinnar ánægju fyrir öll börn og unglinga – og jafnvel foreldra þeirra, afa og ömmur!



ÆVINTÝRA fjallið

Þessar skemmtilegu og spennandi sögur hins kunna höfundar Enid Blyton fjalla um nokkur börn og vini þeirra úr dýrarikinu sem lenda í ótrúlegustu ævintýrum.

Enid Blyton

ÚTKALL
Sími 562 2600



NYTT

Catan - Borgir og riddarar er ævintýrleg viðbót við grunnspilið sem stækkar spilið og gerir það flóknara. Þetta er viðbót fyrir slinga spilara sem vilja spila mikið og lengi.



CATAN

Eitt vinsælasta spil heims!

Catan Landnemarnir. Þetta er klassíska grunnspilið sem fjórir geta spilað í einu.

Catan er auðvelt að læra, en það krefst útsjónarsemi og dirfsku af spilurinum. Catan er spil fyrir alla aldurshópa sem fjölskyldan getur sameinast um.

Catan - Sæfararnir er viðbót sem bætir við grunnspilið. Fyrir þá sem vilja meira.



Catan - Viðbót við grunnspilið, með henni geta tveir í viðbót spilað.



isöld ehf
Sími 562 30 50 • www.spil.is

ÞAÐ BESTA AF ÞVÍ BESTA

Kynnum með stolti það allra nýjasta og besta í vegg sjónvörpum.

Sjón og heyrn er sögu ríkari.
Komið í heimabíó-básana okkar
í Smáralind og Síðumúla 9
og kynnist því besta.

SAMSUNG

SAMSUNG LE40M61BX
Háskerpu LCD vegg sjónvarp.
**Valið besta LCD Sjónvarpið
2005-2006**
6,4 milljarðar lita
Skerpa 5000:1
Verð kr. 369.990



Pioneer

PIONEER PDP-506XDE/FDE PLASMASKJÁR
Valið besta Plasma sjónvarpið 2005-2006
Skjá stærð 127 cm (50 "r). Skjáhlutfall 16:9.
Upplausn 1280 x 768 punktar. HD Ready/2x HDMI.
Pureblack/Pure drive 2HD. Skerpa: 4000:1
Verð frá: 499.900

Pioneer

PDP-436XDE/FDE PLASMA SKJÁR
Skjá stærð 109 cm (43 "). Skjáhlutfall 16:9.
Upplausn 1024 x 768 punktar. HD ready/2 X HDMI.
Pureblack/Pure drive 2HD. Skerpa: 3000:1
Verð frá kr.: 399.900

LOEWE.

LOEWE er virtasti sjónvarpsframleiðandi Þýskalands og
leggur ríka áherslu á tækni, þróun og glæsilega hönnun.
LOEWE Individual er skýr sönnun þess.



LOEWE INDIVIDUAL

Skjástærð: 32 tommur 80cm.
HD Ready - HDTV háskerpusjónvarp
Skjáform: 16:9
Upplausn: 1366 x 768, contrast filter
Innbyggður DVB-T /S stafrænn sjónvarpsmóttakari
Stafrænt inn- og úttengi
Mynd í mynd (PIP)
Textavarp 3500 síðna minni
Birta: 450 cd/m2
Magnari 4x40w
Verð kr. 299.900



VERTU EINSTAKUR!

LOEWE INDIVIDUAL býður upp á allt að 63 valkosti í áferð og lit.



Við seljum merkjavöru. Merkjavara þýðir gæði.

LÁGMÚLA 8

SÍMI 530 2800

Heimilistæki, raftæki ofl.

SÍÐUMÚLA 9

SÍMI 530 2800

Hljómtæki, sjónvörp ofl.

SMÁRALIND

SÍMI 530 2900

Allt vöruúrvalið

**ORMSSON**

GAMAN AÐ SJÁ YKKUR!

**HEIMILISLEGAR OG VANDAÐAR
JÓLAGJAFIR**Expresso-kaffivél
Verðlaunakaffivél
Kr. 54.900**TEFAL**
Raclette grill
Kr. 4.900**TEFAL**
Mínútu-grill
Kr. 7.990**TEFAL**
Hraðsuðukanna
Kr. 2.990**AEG**
Brauðrist
Kr. 4.990**TEFAL**
Blandari m/gleri
Kr. 5.990**AEG**
Örbylgjuofn
Kr. 9.900**AEG**
CaFamosa
Kaffivél
Kr. 39.900**AEG**
Kaffivél
Kr. 3.990**TEFAL**
Töfrasproti
Kr. 2.590**AEG**
Handþeytari m/skál
Kr. 7.990**AEG**
Matvinnsluvél
Kr. 13.900**TEFAL**
Straujárn
Kr. 4.790**AEG**
Uppþvottavél,
íslenskt stjórnborð
TILBOÐ:
Kr. 69.900
Kr. 79.900 (stál)**AEG**
Þvottavél -1200 sn.
íslenskt stjórnborð
Kr. 69.900**EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS**
Þvottavél -1600 sn. Þurrkari - 6 kg.
íslenskt stjórnborð íslenskt stjórnborð
JÓLATILBOÐ: Kr. 149.900**AEG**
Ryksuga Turbo T2
1600 W
Kr. 8.900**AEG**
Hárblásari
Kr. 2.690**RADIO NAUST**
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

Umboðsmenn um land allt.

HM BOLTINN 2006 FRÁBÆR JÓLAGJÖF FYRIR FÓTBOLTAÁHUGAMANNINN

HM-boltinn 2006 fæst í Intersport. Boltinn er sannkölluð drauma jólagjöf allra fótboltaáhugamanna, og kemur í skemmtilegri gjafapakkingu.

Verð: **1.890**



BERÐU FÁNANN HÁTT!

Langar þig að ganga inn á völlinn með besta vini þínum og besta knattspyrnumanni í heimi? Frammi fyrir tugum þúsunda fagnandi áhorfenda? Þá ættir þú að taka þátt í keppninni um hver verður "Fair Play" fánaberi alþjóða knattspyrnusamtakanna FIFA "Fair Play" þýðir drengilegur leikur og er hluti af átaki FÍFA til að stuðla að góðri hegðun jafnt utan vallar sem innan.

Allir sem eru á aldrinum 10-14 ára geta tekið þátt í keppninni um að komast með vini og einu foreldri á HM í knattspyrnu í Þýskalandi árið 2006 sem fánaberi FÍFA. Það eina sem þú þarft að gera er að fara inn á vefsíðuna www.adidas.com/flagbearer með kóðann þinn og svara eftirfarandi spurningum:

- Hvað taka mörg lið þátt í HM í Þýskalandi 2006?**
a) 24 lið b) 32 lið c) 40 lið
- Hvaða dag er lokaleikur HM í fótbolta**
a) 9. júlí b) 10. júní c) 12. ágúst
- Í hvaða borg fer úrslitaleikurinn fram?**
a) Berlín b) München c) Hamborg

Útskýrðu með hámark 20 orðum hvers vegna þú ættir að fara á HM í Þýskalandi og bera "Fair Play" fána FÍFA með besta vini þínum.

Nánari upplýsingar um keppnina finnur þú á www.adidas.com/flagbearer

INTERSPORT

Intersport Húsgagnahöll sími 585 7220 Intersport Smáralind sími 585 7240 Intersport Selfossi sími 585 7197

Sinfónían má ekki einangrast

UMRÆÐAN
SINFÓNÍUHLJÓM-
SVEIT ÍSLANDS



PRÓSTUR ÓLAFSSON

Því miður er ég ekki í hópi þeirra sem fá Fréttablaðið reglulega. Mér berst það með höppum og glöppum. Ég get heldur ekki nálgast það neins staðar í nágrenni mínu, bý ég þó í 101 Reykjavík. Það var ekki fyrr en á fimmtudag sem kunningi minn rétti mér úrklippu úr Fréttablaðinu og benti mér á leiðara sem fjallaði um hátíðartónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Um þann leiðara hef ég þetta að segja: Hátíðartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru eins konar árs-hátíð okkar. Þeir hafa þann tilgang að sýna tryggustu áskrifendum okkar, velunnurum, bakhjörllum og hljómsveitinni ásamt mökum þakklæti okkar.

Hátíðartónleikar voru fyrst haldnir fyrir einu ári síðan, þegar Osmo Vänskä kom hingað fyrir tilstilli forseta Íslands. Án atbeina forsetans hefði hann ekki komið til landsins. Nú tókst okkur að fá til landsins Bryn Terfel. Hann hefði ekki komið hingað nema fyrir tilstilli forseta Íslands og KB banka. Við fögnum samstarfi við atvinnulífið því það gerir okkur kleift að gera hluti sem við ella hefðum aldrei getað gert.

Hverjir komu á tónleikana?

Af þeim gestum sem voru á hátíðartónleikunum 2004 og 2005 voru um sexhundruð á okkar vegum. Þar voru áskrifendur sem haldið höfðu tryggð við okkur allt frá árinu 1994 í yfirgnæfandi meirihluta. Makar hljóðfærleikara og starfsfólk voru um eitthundrað.

Síðan komu gestir hljómsveitarinnar sem boðnir eru á alla tónleika auk nokkurra velunnara hljómsveitarinnar. Gestir KB banka voru um þriðjungur gesta.

Ég vænti þess að enginn telji það ósiðlegt eða óviðeigandi að bjóða tryggum áskrifendum og öðrum velunnurum á tónleika. Við höldum um 60 tónleika árlega. Þar koma fram fjölmargir heimsfrægir listamenn. Tónleikar þessir eru opnir öllum eftir að áskrifendur hafa fengið sína miða. Þetta eru allt tónleikar sem áskrifendur okkar hafa keypt sig inn á. Ef við viljum hygla þeim sérstaklega, sem við viljum, þá verðum við að búa til sérstaka tónleika fyrir þá. Sá er tilgangur með hátíðartónleikum.

Aðeins þetta eina sinn og með þessum hætti

Bryn Terfel gaf því miður ekki kost nema á einum tónleikum. Þrátt fyrir miklar annir kom hann vegna þess að þetta voru hátíðartónleikar þar sem hann var gestur forseta Íslands og bjó í gestabústað embættisins.

Við gátum fengið hann fyrir rausnarskap KB banka, sem gerði okkur það kleift fjárhagslega. Ef þetta tvennt hefði ekki komið til



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS Ríkissjónvarpið sá því miður ekki ástæðu til að sjónvarpa tónleikunum, segir greinarhöfundur.

hefðu þessir tónleikar ekki átt sér stað á Íslandi.

Tónleikunum var útvarpað um land allt. Ríkissjónvarpinu stóð einnig til boða, eins og endranær, að sjónvarpa frá tónleikum og gefa þannig landsmönnum öllum kost á að fylgjast sjónrænt með þeim. Þeir sáu ekki ástæðu til fremur en þeir hafa ekki séð ástæðu til að sjónvarpa neinu frá tónleikum okkar, alveg sama hve frægir listamenn komu til okkar. Það var mikið vanmat sem ber að harma.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er enginn finn klúbbur. Ástríða fólks á klassískri tónlist tengist ekki efnahag þess. Áskrifendur að tónleikum hljómsveitarinnar koma úr öllum stéttum samfélagsins. Það var þetta fólk sem var stærsti hluti áheyrenda á hátíðartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands 8. desember sl. Þessu fólki ásamt hljómsveitinni vildum við gera dagamun.

Ef Sinfóníuhljómsveit Íslands á að fá að dafna og þrífast og proskast verðum við að fá tækifæri til að laða að okkur bestu listamenn heims. Hún verður að rækja starf sitt á sambærilegan hátt og annars staðar tíðkast. Hún má ekki einangrast og verða að eins konar nátttröll á reginfjöllum. Breyttir tímar kalla á breytt vinnubrögð. Við eins og margar aðrar lista- og menningarstofnanir þurfum á samstarfi við velunnara okkar að halda. Við þökkum því fyrir samstarfið við embætti forseta Íslands og myndarlegan stuðning frá stórhuga fyrirtæki á borð við KB banka. Tónleikarnir með Bryn Terfel voru hljómsveitinni mikils virði og styrktu hana í brád og lengd.

Höfundur er framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands og stjórnanarformaður Máls og menningar.



Geislaplatan er komin í eftirfarandi verslanir: Topshop, 10-11, Bónus og Hagkaup

hjálpum þeim


„Hjálpum þeim“ er söfnunaráttak fyrir Hjálparstarf kirkjunnar vegna hamfaranna í Pakistan. Ný útgáfa af laginu er flutt af landsliði íslenskra tónlistarmanna.

Söluandvirði þessarar geislaplötú, utan við virðisaukaskatt, rennur óskipt til söfnunaráttaksins.

LDV

hagar

sogafn



Láttu ekki leiða þig í viðskiptagildirur bankanna

Opín íbúðalán SPRON eru **án þvingandi skilyrða um önnur bankaviðskipti** í allt að 40 ár eins og tíðkast hjá öðrum bankastofnunum.

Kynntu þér málin á **spron.is**



Íbúðalán SPRON eru háð útlánsreglum SPRON.
Upplýsingar í síma 550 1200, 550 1400 eða www.spron.is

UMMÆLI VIKUNNAR

„En hafi Símfónihljómsveit Íslands gert í buxurnar með þessum tónleikum er það þó ekki nema vægur fnykur af því miðað við þá stækju sem þessi uppákoma hefur gert embætti forseta Íslands og Ólafi Ragnari Grímssyni persónulega.“

Illugi Jökulsson á NFS í vikunni og í Fréttablaðinu síðastliðinn fimmtudag.

stjórnmmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

Úr bakherberginu

Allt á síðustu stundu

Um síðustu helgi auglýsti Framsóknarflokkurinn eftir framboðum í prófkjöri flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Framboðsfrestur rennur út 29. desember.



Einungis þrjú hafa boðið sig fram í sex efstu sætin þegar þetta er ritað. Björn Ingi Hrafnsson og Anna Kristinsdóttir berjast um fyrsta sætið og Marsibil Sæmundsdóttir gefur kost á sér í annað sæti listans.

Á frétt Sjónvarpsins síðastliðið föstudagskvöld var að skilja að enginn þyrði að bjóða sig fram af ótta við að kalla yfir sig reiði flokksforystunnar. Björn Ingi væri frambjóðandi hennar enda aðstoðarmaður flokksformannsins og forsætisráðherra.

Kvísast hefur að Óskar Bergsson íhugi þrátt fyrir þetta að bjóða sig fram gegn Önnu og Birni Inga, hvattur af ýmsum framsóknarmönnum í höfuðborginni. Enda ágætt að láta grasrótna og forystuna togast á um fylgið.

Víti til varnaðar

Guðmundur Ólafsson hagræðingur segir að íslenskir neytendur séu auðsveipir taglhnytingar, vanastir því að láta okra á sér möglunarlaust. Þess vegna muni þeir ekki bregðast hart við nýjum upplýsingum um að matvöruverð á Íslandi sé hið hæsta í Evrópu.

Guðmundur heldur því óspart fram að ódýrara sé fyrir neytendur að taka alla bændur landsins á launaskrá heldur en að halda uppi núverandi styrkjakerfi landbúnaðarins.

Hér rifjast upp sagan af Gunnari Bjarnasyni hrossaráðunaut sem fór um landið fyrir áratugum og boðaði að landbúnað yrði að reka eins og hvern annan business undir lögmáli framboðs og eftirspurnar. Líkt og Guðmundur gerir raunar nú. Svo kuldalegar voru móttökurnar í Skagafirði að bóndi þar í héraði sór og sárt við lagði að hann skyldi draga upp byssuhólkinn ef Gunnar léti sjá sig þar aftur með slíkar villukennningar.

Það er rétt að koma þessu á framfæri við Guðmund.



VIKA Í PÓLÍTÍK

JÓHANN HAUKSSON

Um vinnubrögð



Þegar Alþingi frestaði fundum sínum fyrr í mánuðinum var frumvarp til vatnalaga til annarrar umræðu og komið til nefndar.

Tilgangur frumvarpsins er að eignarhald á vatni sé eins skýrt og verða má, nýting þess sé skynsamleg og sjálfbær. Gæta skal þess að raska ekki vatni, farvegi eða lífríki, vistkerfum eða landslagi umfram nauðsyn komi til nýtingar þess af einhverjum toga.

Ætlan stjórnvalda er einnig að leysa af hólmi 83 ára gömul vatnalög og samræma ákvæði þeirra öðrum lögum.

Sjálfsgagt verður tekist á um grundvallartriði eignarréttar og náttúruverndar þegar málið kemur aftur til kasta Alþingis.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að við smíði þess á vegum iðnaðarráðuneytisins hafi verið haft samráð um endurskoðunina við umhverfisráðuneytið og undirstofnanir þess.

Í ljósi þessara orða kemur vægast sagt á óvart að lesa í umsögn Umhverfisstofnunar frá 1. desember síðastliðnum, að lítið eða ekkert formlegt samráð hafi verið haft við stofnunina um smíði frumvarpsins og það hafi beinlínis galdið fyrir það. Nefnd, sem vann frumvarpsdrögin, er gagnrýnd fyrir að leita ekki formlegra umsagna eða viðbragða áður en frumvarpsdrögin fóru í hendur ráðherra. „Hætt er við að umræðan (á Alþingi) verði mun harðari en hún þyrfti að vera ef ekki er búið að ræða framkvæmdar- og tækniatriði þess á fyrri stigum og sem flest sjónarmið liggja fyrir. Umhverfisstofnun telur að umrætt frumvarp til vatnalaga hafi galdið þessa verklags.“

Nú er á það að líta að frumvarp til vatnalaga var fyrst lagt fram á vörþingi 2005 en var ekki afgreitt. Iðnaðarnefnd Alþingis hóf í síðasta mánuði að afla umsagna á nýjan leik um frumvarpið og hafa þær verið að berast þinginu að undanförunu.

Forsaga frumvarpsins er einmitt sú sem getið er í upphafi umsagnar Umhverfisstofnunar en þar segir: „Líkt og iðnaðarnefnd er vel kunnugt hafa verið mjög skiptar skoðanir um nefnt frumvarp og Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun gerðu fjölmargar athugasemdir við fyrra frumvarp um sama efni þegar það var til umfjöllunar Alþingis á síðasta löggjafarþingi.“

Ef til vill er vert fyrir þingið að fylgjast vel með vinnubrögðum æðri stjórnsýslu í landinu. Það gæti sparað fyrirhöfn og fjármuni.



VIÐ TJÖRNINA Sjálfstæðismenn og framsóknarmenn eru ekki sammála um hver framtíð Íbúðalánasjóðs eigi að vera. Ríkisendurskoðun hefur fengið bréf frá ráðherrum félagsmála og fjármála þar sem þess er óskað að fjárhagsstaða sjóðsins verði könnuð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekki ástæðulaus spurning

Þrátt fyrir úttektir, skýrslur og greinargerðir um stöðu og framtíð Íbúðalánasjóðs hefur fjöldi sérfræðinga og stjórnmalamanna ekki látið sannfærast um að fjárhagsstaða og fjárstýring sjóðsins sé í lagi. Inn í þetta blandist miklir hagsmunir banka og pólitískur þrýstingur þeirra sem telja sjóðinn hafa lokið hlutverki sínu.

Augljóst virðist að Sjálfstæðismenn telja Íbúðalánasjóð tímaskekkju. Þingmenn eins og Pétur H. Blöndal og Guðlaugur Þór Þórðarson hafa ekkert legið á skoðunum sínum í þeim efnum, Framsóknarmönnum til lítillar skemmtunar.

Fréttablaðið greindi fyrir skemmstu frá því að fjármálaráðuneytið, Lánasýsla ríkisins og ríkisábyrgðasjóður hefðu mjög ákveðnar skoðanir á fjárstýringu Íbúðalánasjóðs. Enda lífsnauðsynlegt að halda uppi tekjum sjóðsins á móti gríðarlegum skuldbindingum hans. Síðastliðinn miðvikudag var sérfræðingur Lánasýslunnar kallaður á fund félagsmálanefndar Alþingis ásamt öðrum sem koma að málefnum sjóðsins. Þar lýsti hann þeirri skoðun að sjóðurinn hefði varla farið löglega með ríkisfé þegar hann gerði samninga um að lána bönkum og sparisjóðum 85 milljarða króna af uppgreiðslufé.

Beðið svara

Dennan sama dag sendu ráðherrar fjármála og félagsmála Ríkisendurskoðun bréf og báðu embættið um greinargerð um stöðu sjóðsins. Spurðu hvort eigið fé hans stefndi

niður fyrir lögmæt hættumörk og hvort um væri að ræða skammtíma- eða langtímaástand ef svo væri. Í þriðja lagi er í bréfinu beðið um svar við því hvort reyna muni á ríkisábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

„Það er nú kannski ofmælt að við höfum áhyggjur af Íbúðalánasjóði en við erum auðvitað ekki að spyrja þessara spurninga að ástæðulausu. Ég held að þetta séu þær lykilsurningar sem þurfi að svara og það getur verið að eitt-hvað annað komi upp í tengslum við það,“ segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra. Hann segir Ríkisendurskoðun hafa svigrúm til þess að skoða þá hluti sem hún telji eðlilegt og rétt að skoða. „Ég er mjög sáttur við það að koma málinu í þennan farveg. Ég held að í ljósi þess að stjórnsýsluskoðunin er yfirstaðin sé rökrétt að Ríkisendurskoðun taki þennan þátt að sér líka.“

Áhyggjulaus

Árni Magnússon félagsmálaráðherra kannast við áhyggjur, meðal annars Lánasýslu ríkisins og Ríkisábyrgðarsjóðs. „Mér hefur ekki þótt sérstök ástæða til þess að hafa áhyggjur í þeim efnum en það er sjálfsgagt að fara yfir þetta. Mér finnst ríkisendurskoðandi vera rétti aðilinn til þess að fara yfir þetta. Í spurningunum felst ekki gagnrýni heldur þarf að kveða upp úr um það að ekki sé ástæða til þess að hafa áhyggjur.“

Félagsmálaráðherra segir að í þeim hluta skýrslunnar sem lokið sé komist Ríkisendurskoðun að þeirri niðurstöðu að sennilega hafi viðbrögð stjórnenda Íbúðalánasjóðs forðað sjóðnum og þar með ríkissjóði frá tjóni.

„Ég hef ekki áhyggjur af rekstri eða framtíðarhorfum Íbúðalánasjóðs en það er sjálfsgagt að fara yfir þessi mál.“

Samtök atvinnulífsins reiknuðu út síðastliðið sumar að sjóðurinn hefði tapað fimmtán milljörðum króna vegna áhlaups bankanna inn á fasteignalánamarkaðinn og uppgreiðslu á íbúðalánunum sem nú nema nærri 160 milljörðum króna. Samtök atvinnulífsins óttuðust að eigið fé sjóðsins væri uppuríð, en í uppgjöri fyrra árs-helmings 2005 nam það engu að síður 13,3 milljörðum króna.

Skortur á fagmennsku?

„Yfirferð félagsmálanefndar yfir málefni Íbúðalánasjóðs í vikunni sýndi fram á að óvönduð vinnubrögð hjá Íbúðalánasjóði eru að grafa undan tilvist félagslega íbúðakerfisins,“ segir Lúðvík Bergvinsson þingmaður Samfylkingarinnar, en hann á sæti í nefndinni. „Þessi staðreynd hefur gefið íhaldsmönnum, sem vilja fá bönkunum yfirráð á þessum markaði, byr undir báða vængi.“

Lúðvík bendir á að sjóðurinn hafi notað ákveðna aðferð við að skipta 260 milljörðum króna í húsnæðisbréfum yfir í íbúðabréf sem ekki höfðu uppgreiðslurétt. Og fyrir það hafi sjóðurinn greitt allt að 700 milljónir króna í ráðgjöf erlendis frá. „Sú aðferð gaf bönkunum færi á að gera árás á sjóðinn sem ekki sér fyrir endann á. Hann var því afar viðkvæmur fyrir uppgreiðslum þegar bankarnir hófu innreið sína á fasteignamarkaðinn í fyrra. Í því fæti sem kom á sjóðinn þá breytti hann sinni áhættustýringarstefnu án þess að tilkynna það Fjármálaeftirliti, Lánasýslu ríkisins eða fjármálaráðuneyti og hóf að stunda afleiðuvíðskipti með peninga, sem eru með ríkisábyrgð,“ segir Lúðvík Bergvinsson.

Nú er bara að sjá hvað Ríkisendurskoðun segir um eigið fé sjóðsins.

johannh@frettabladid.is

Bakameistarinn

Suðurveri • Glæsibæ • Húsgagnahöllinni
Mjódd • Smáratorgi

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



ÁRNI MAGNÚSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA „Ég hef ekki áhyggjur af rekstri eða framtíðarhorfum Íbúðalánasjóðs.“



ÁRNI MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐHERRA „...Við erum auðvitað ekki að spyrja þessara spurninga að ástæðulausu.“



LÚDVÍK BERGVINSSON ÞINGMAÐUR „Sú aðferð gaf bönkunum færi á að gera árás á sjóðinn sem ekki sér fyrir endann á.“

SUNNUDAGSTILBOÐ

GILDA EINGÖNGU Í DAG



FK HAMBORGAR-HRYGGUR

995 kr.kg.
verð áður: **1398** kr.kg.

Jólin öll!

Í FJARÐARKAUPUM

COCA COLA
4x2l.
495 kr. stk.



krúttulegur coke bangsi fylgir með 2l. coke kippu
KAUPAUKI

25%
afsláttur við kassann



SS BIRKIREYKTUR
HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR
1298 kr.kg.
merkt verð: **1738** kr.kg.

25%
afsláttur við kassann

SS BIRKIREYKT
HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ
1776 kr.kg.
merkt verð: **2368** kr.kg.

25%
afsláttur við kassann



ALI HAMBORGAR-HRYGGUR
m/BEINI
1124 kr.kg.
verð áður: **1498** kr.kg.



SPRITTKERTI
100stk.
195 kr. pokinn



QUALITY STREET
1,64kg.
1498 kr. stk.

200gr. After Eighth fylgir
frítt með Quality Street
KAUPAUKI



KJÖRÍS
KONFEKT ÍSTERTA
1048 kr.stk.



NÓA KONFEKT
1kg.
1795 kr.pk.
verð áður: **1995**kr.pk.

NORTHLAND
ELDIVIÐUR LÍTILL
195 kr. pakkinn



NORTHLAND
ELDIVIÐUR STÓR
249 kr. pakkinn

OPIÐ Í DAG 12 - 19

FK
FJARÐARKAUP

JÓLAMARKAÐURINN FELLSMÚLA

FRÁBÆRT ÚRVAL JÓLAGJAFNA Á SÉRSTÖKUM AFSLÆTTI
TIL JÓLA Á JÓLAMARKAÐNUM Í FELLSMÚLA 28
– GAMLA WORLD CLASS HÚSINU

20-35% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM NÝJU JÓLABÓKUNUM!

15-30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM!

15-50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLU JÓLASKRAUTI!

**EKKI MISSA
AF ÞESSU!**

OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA TIL JÓLA


*Afsláttur af bókum í auglýsingunni gildir um helgina og miðast við bókatiðindaverð.

JÓLABÆKUR • HEIMILISTÆKI • HLJÓMTÆKI • LEIKFÖNG • BÚS
JÓLAPAPPÍR • JÓLASVEINAR • JÓLAHÚS • JÓLAHANDKLÆÐI • JÓLAK



35%
AFSLÁTTUR

Bókaiðindaverð: 4.680,- **3.042,-**




35%
AFSLÁTTUR

Bókaiðindaverð: 5.990,- **3.894,-**



35%
AFSLÁTTUR

Bókaiðindaverð: 4.990,- **3.244,-**



35%
AFSLÁTTUR

Bókaiðindaverð: 4.690,- **3.049,-**



35%
AFSLÁTTUR

Bókaiðindaverð: 4.680,- **3.042,-**



35%
AFSLÁTTUR

Bókaiðindaverð: 4.290,- **2.789,-**




35%
AFSLÁTTUR

Bókaiðindaverð: 4.480,- **2.912,-**




35%
AFSLÁTTUR

Bókaiðindaverð: 3.980,- **2.587,-**



35%
AFSLÁTTUR

Bókaiðindaverð: 4.680,- **3.042,-**



35%
AFSLÁTTUR

Bókaiðindaverð: 4.280,- **2.782,-**



35%
AFSLÁTTUR

Bókaiðindaverð: 4.880,- **3.172,-**



35%
AFSLÁTTUR

Bókaiðindaverð: 3.980,- **2.587,-**

ÁHÖLD • JÓLADISKAR • JÓLATRÉ • JÓLAKÚLUR • JÓLASKRAUT
ERTI • JÓLASTYTTUR • JÓLAKRANSAR • JÓLAKONFEKT • JÓLAGRENI

PETTA GERÐIST > 18. DESEMBER 1996

Svört enska viðurkennd sem mállýska

Þennan dag árið 1996 ályktaði skólanefnd í Oakland í Kaliforníu að ebonics-tungumálið væri mállýska.

Ebonics, sem einnig er kallað svört enska, móðurmál svartra eða Jive, er sérstök tegund ensku sem á rætur sínar að rekja til þrælaf lutninga Bandaríkjamanna frá Afríku. Þá er hún líka skylld ensku sem töluð var á Bretlandseyjum á 16. og 17. öld.

Sérstakar mállýskur svartra, afrískra þræla og mismunandi beiting þeirra á enskri tungu til að hafa samskipti við þrælalaldarana urðu til þess að ebonics varð til.

Stuðningsmenn mállýskunnar í Bandaríkjunum nútímans vilja margir hverjir að ebonics verði formlega viðurkennt sem mállýska en það hefði í för með sér fjárfraðslög til kennslu mállýskunnar í skólum. Áður nefnd skólanefnd gaf

út formlega ályktun þess efnis að ebonics væri góð og gild mállýska sem kenna ætti í skólum. Hins vegar stóð til að skipta um skólanefnd í Oakland og ályktunin um ebonics-mállýskuna var síðasta ályktun fráfarandi skólanefndar. Við tók ný skólanefnd sem gaf fljótlega út ályktun þess efnis að ebonics væri ekki hluti af indó-evrópska tungumálastofninum og gæti nefndin ekki verið sammála því að ebonics væri skylt ensku. Nefndin felldi því ályktun fyrri skólanefndar úr gildi.

Peir sem berjast fyrir því að ebonics-mállýskan verði tekin til kennslu í skólum segja ástæðu þess að hún er ekki kennd stjórnmalalegs eðlis og segja að svartir nemendur geti náð betri tókum á almennri ensku ef þeir fá að kynna málfraði ebonics. Í dag hefur mállýskan ekki enn verið tekin til kennslu í skólum í Bandaríkjunum.



KEITH RICHARDS (1943-) fæddist á þessum degi.

„Ég hef aldrei átt við eiturlyfjavanmál að stríða, einungis lögregluvandamál.“



Keith Richards er gítarleikari hljómsveitarinnar The Rolling Stones.

tímamót

tímamót@frettabladid.is

FÆDDUST ÞENNAN DAG

- 1626 Kristín Svíadrottning.
- 1863 Frans Ferdinand, erkihertogi og ríkiserfingi Austurríkis.
- 1878 Jósef Stalín, einræðisherra Sovétríkjanna.
- 1913 Willy Brandt, kanslari Þýskalands og friðarverðlaunahafi Nóbels.
- 1946 Steve Biko, leiðtogi svartra og baráttumaður gegn aðskilnaðarstefnu í Suður-Afríku.
- 1963 Brad Pitt, bandarískur leikari.

AFMÆLI

- Sigvaldi Arason verktaki í Borgarnesi er 68 ára.
- Þorsteinn Gunnarsson, leikari og arkitekt, er 65 ára.
- Erlendur Sveinsson kvikmyndagerðarmaður er 57 ára.
- Sif Ragnhildardóttir söngkona er 53 ára.
- Vilhjálmur Egilsson ráðuneytisstjóri er 53 ára.
- Björg Eva Erlendsdóttir fréttamaður er 45 ára.
- Ingi Sigurðsson, fyrrverandi bæjarstjóri og knattspyrnumaður, er 37 ára.

ANDLÁT

- Betty Marselliusdóttir, Ásbyrgi, Hofsósi, lést á Landspítalanum miðvikudaginn 15. desember.
- Guðný Maren Matthíasdóttir lést mánudaginn 12. desember.
- Hreinn Eliasson, listmálari, Jörundurholti 108, Akranesi, lést á Sjúkrahúsi Akraness fimmtudaginn 15. desember.
- Jónas Sigurðsson lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 7. desember. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.
- Magnús Eggert Pálsson, Ásvalla-götu 17, lést miðvikudaginn 23. nóvember. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.
- Niels Frimann Sveinsson, Kirkju-teigi 23, er látinn.

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI: ASÍUVER ÍSLANDS STOFNAÐ

Akademískum dyrum Asíu lokið upp

Hátíðarsamkoma í Háskólanum á Akureyri síðastliðinn föstudag markaði tvenn merk tímamót varðandi uppbyggingu og þróun asískra fræða á Íslandi. Í fyrsta lagi var því fagnað að eftir áramót hefst kennsla í kínversku og kínverskum fræðum við símenntunardeild Háskólans á Akureyri og í öðru lagi var Asíuver Íslands (ASÍS) formlega opnað.

Ólafur Ragnar Grímsson forseti setti hátíðina og í kjölfarið voru flutt fjölmörg ávörp. Á meðal þeirra sem kvöddu sér hljóðs voru Wang Xinshi, sendiherra Kína á Íslandi, Ólafur Egilsson, sendiherra Íslands í Kína árin 1998-2002, Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri, og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands.

Hátíðargestum var boðið upp á kínverska rétti sem gerð voru góð skil og Arngrímur Jóhannsson flugstjóri, Baldur Guðnason hjá Avion Group og Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, undirrituðu stuðningsyfirlýsingu við nám í kínversku og kínverskum fræðum.

Fyrst um sinn mun símenntunardeild Háskólans á Akureyri bjóða upp á þrjú námskeið: kínversku fyrir byrjendur, kínverska nútíma-menningu og viðskipti í Kína,



MENNINGARHEIMAR MÆTAST Hátíðargestir voru af ýmsu þjóðerni en allir nutu ljúffengra kínverskra rétta sem boðið var upp á.

en gert er ráð fyrir að námsframboð verði aukið í náinni framtíð. Boðið verður upp á sameiginlegt BA-nám í Austur-Asíufræðum við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri en skólarnir hafa ekki fyrr átt í sambærilegu samstarfi. Hægt verður að leggja stund á námskeiðin með fjarnámi og því verða þau aðgengileg fólki víða um land.

Asíuver Íslands (ASÍS) verður vettvangur fyrir rannsóknir og fræðslu á sviði asískra fræða á Íslandi. Að stofnunun Asíuversins standa Háskóli Íslands og Háskólinn

á Akureyri en stofnaðilar gera ráð fyrir að aðrar íslenskar mennta- og rannsóknastofnanir hafi hug á að gerast aðilar að verinu í framtíðinni. ASÍS mun beita sér fyrir samhæfingu og aukinni sérþekkingu fræðimanna á Íslandi um asísk málefni, meðal annars með ráðstefnuhaldi og útgáfu.

kk@frettabladid.is

STABÍÐ OG SNÆTT Forseti íslenska lýðveldisins handlék kínversku matarþjónanna af lipurð og Steingrímur J. Sigfússon naut veitinganna ekki síður þó áhöldin væru með hefðbundnara sniði.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Arnkell Bergmann Guðmundsson bókbandsmeistari,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 15. desember. Útför hans fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 22. desember kl. 11. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

Hulda Guðmundsdóttir
Ásdís J.B. Arnkelsdóttir
Arnkell Bergmann Arnkelsson
og barnabörn.

Róbert V. Tómasson
Hulda Nanna Lúðvicksdóttir



Hugheilar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndi okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Óskar Geirssonar

frá Hallanda, Miðengi 12, Selfossi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Selfossi, fyrir einstaka umönnun og hlýju. Sigríður Ólafsdóttir, Hreggviður Óskarsson, Hafdís Halldórsdóttir, Ólafur Gunnar Óskarsson, Sigríður Jónsdóttir, Fjola Margrét Óskarsdóttir, Sören Nagel, Óskar Þór Óskarsson, barnabörn og barnabarnabarn.

Stígamót fengu hálf milljón

V-dags samtökin gáfu Stígamótum hálf milljón króna í gær. „Gjöfin er gefin af því tilefni að fyrr í haust fengu V-dags samtökin einnar milljón króna í styrk frá versluninni Debenhams og samtökin vilja deila þeim styrk með Stígamótum,“ segir Hildur Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri V-dags samtakanna.

Hildur segir samtökin vilja styðja við samtök sem vinna nauðsynlegt starf í þágu baráttu gegn ofbeldi á konum. Að þessu sinni urðu Stígamót fyrir valinu, enda hafi Stígamót alltaf gefið V-dags samtökunum mikinn andlegan stuðning í baráttunni.

Þórey Vilhjálmssdóttir, formaður V-dags samtakanna, afhenti Rínu Jónsdóttur hjá Stígamótum styrkin.



V-DAGURINN OG STÍGAMÓT Fulltrúar V-dagsins og Stígamóta hittust í hádeginu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

EXPERTURVALIÐ



3.990

Handpeytari

Kraftmikill handpeytari
Skál fylgir með
Hraðastillingar
Kraftþeyting



9.900

Örbylgjuofn

800 W
20 l
Margar stillingar



184.900

42" Plasmaskjár

Skjástærð: 42" Plasma 79mm þykkt
Hlutföll: 16:9 Stærð: 1024x630,5
Upplausn: 852x480 Ábyrgð: 3 ár
Skerpa: 3000:l PPM42S3QX



6.990

1.990

Remington

Hleðslurakvél
Engin snúra
3D haus tryggir betri rakstur
Fellur vel í lófa
MS2491

2000 Watta blásari
2 hraðastillingar
3 hitastillingar
Keramik í haus
3 m löng snúra
D3410



23.900

MP3

Zen-Micro 5GB

Spilar WMA / MP3
USB 2.0 tengi
Li-Ion rafhlæða
Næmir snertihnappar
Samhæfur Outlook

Baklýstur LCD skjár
Hljóðnemi til upptöku
Forstilltur magnari
108 grömm
Heyrnartól fylgja með



4.990

Sogkraftur

1500 W
Lítill og létt
Besta heimilishjálpin



6.990

Pokalaus

1600 W
Kraftmikill
Þarf ekki poka
Ódýr í rekstri



8.990

Morgunverðarsett

Kaffikanna
Brauðrist
Eggjasuðutæki
Hraðsuðukanna

Gæða vörur á
góðu verði
FB100



13.900

2 x 64MB
kort fylgja
með

Sony - DSCS40

4.1 milljón dýlar
3x optical aðdráttur
Carl Zeiss linsa
USB 2.0
32 Mb minni



24.790

250GB

Flakkari

Diskahús fyrir harðan disk
USB tengi í tölvu
Tengist beint í TV
Myndsýning
MP3 spilun

250GB harður diskur
8 MB buffer
7.200 Silent Seek
Fjarstýring



29.900

Taska fylgir
með

Canon tökuvél

1/6" 800k pixel CCD nemi
DIGIC DV örgjörvi
20 X optiskur aðdráttur
400 X stafrænn aðdráttur
DV út AV inn
Taska, miniDV spóla
og linsuklútur fylgir með



1.590

Matti og Beggi og
mikið úrval af
islenskum geisladiskum

expert



Skútuvoði 2 - sími: 522 9000

Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 | laugardaga kl. 10.00 - 18.00 | sunnudaga kl. 13.00 - 17.00

Áritun í BT í dag



2.999

Áritun

BT Smáralind
kl. 15-16
BT kringlan
kl. 16-17



1.899

Áritun

BT Kringlan
kl. 17-18
BT Smáralind
kl. 18-19

BT

Hljómar betur!

> SUNNUDAGUR MEÐ SIGURÐI ÞÓR



Náttúran togar í mig

Sumt fólk er þannig að það er hreinlega mannbætandi að tala við það. Þannig er það með Kristbjörgu Kristmundsdóttur, jurtagræðara og jógakennara. Af hennar fundi fer maður allur léttari og bjartsýnni á lífið og tilveruna. Hún vinnur enda við að gefa af sér og létta samferðafólki sínu gönguna um lífsins refilstigu.

Við hittumst á Kaffi Hljómalind á horni Laugavegar og Klapparstígs. Þetta er lítið og heimilslegt kaffihús í eldgömlu íbúðarhúsi þar sem allt er með gömlu sniði, innréttingar og húsmunir; það liggur við að maður hafi það á tilfinningunni að vera kominn í heimsókn til eldgamallar frænku, já eða frænda.

Gestirnir eru hins vegar ekki mjög gamlir; obbinn af þeim ungt fólk; margt með fartölvuna uppi við á vafri um veröldina.

Innri eldmóður

Hljómalind er lífrænt kaffihús, þar sem hollustan er í fyrirrúmi. Það smellpassar við Kristbjörgu, sem lifir í nánara samneyti við náttúruna en vel flestir og hefur gert frá barnsaldri. Hún er fingerð, alúðleg kona með hlýlega nærveru og lætur ekki mikið fyrir sér fara. Þegar hún fer hins vegar að tala um hugðarefni sín, geislar hún af einhverum innri eldmóð og talar þá eiginlega með öllum líkamanum. Þá ljóma augun og lífsgleðin leynir sér ekki. Hún afþakkar kaffi en þiggur engiferdrykk. Hvað annað?

Jurtirnar kalla á hana

Í meira en tvo áratugi hefur Kristbjörg fengist við að búa til og selja blómadropa sem hún kallar nú íslenska náttúrudropa enda vinnur hún þá úr íslenskum jurtum. Og í raun er það ekki hún sem leitir jurtirnar uppi heldur kalla jurtirnar á hana, segir hún. „Oft veit ég ekki nákvæmlega hvað ég er að fara að gera,“ útskýrir hún skælbrosandi og viðurkennir að þetta hljómi kannski undarlega í eyrum fólks. „Svo er bara eitthvað sem kallar á mig, það getur verið fjall eða jökull eða bara einhver staður og þá fer ég þangað og finn alltaf eitthvað sem ég get notað. Það er bara eins og náttúran tugi í mig,“ bætir hún við og fórnar höndum í vanmætti við að reyna að útskýra þetta flókna samband.

Eins og að vera ástfangin

Ég kemst ekki hjá því að spyrja hvernig það sé að vera í svona nánú sambandi við náttúruna. „Þetta er bara eins og að vera ástfangin,“ svarar hún að bragði

skellihljæjandi og hláturinn er smitandi. Svo verður hún alvarlegri á svip. „Þetta er eitthvað sem gerist innra með manni, maður fyllist af orku og hugurinn snýst bara um þetta. Og þá get ég ekki verið í Reykjavík, heldur verð ég að fara og hitta fjöllin og jöklana. Bara verð.“

Og hún lýsir því hvernig hún flækist oft um á sumrin, helst fjarri mannabyggðum, og sefur iðulega úti undir beru lofti í góðum svefnpoka.

Nær náttúrunni er vart hægt að komast.

Í mínum augum er aðeins einn guð, við köllum hann mismunandi nöfnum, við dýrkum hann á mismunandi hátt, en hann birtir sömu lögmálin alls staðar.

Hefur sterka skynjun

Hún segist oft hafa setið úti í náttúrunni þegar hún var yngri og spjallað við blómálfa, dísir og alls kyns verur. „Ég gerði mér ekki grein fyrir því að þetta væru ekki sýnilegar verur,“ segir hún og augnaráðið verður eilífið fjarraþing þegar hún rifjar þetta upp. „Ég lærði hins vegar fljótt að tala ekki mikið um þetta því þetta þótti ekki alveg í lagi,“ bætir hún við spossk á svip.

Hún vill ekki viðurkenna að þetta sé einhvers konar skyggni-gáfa; það að vera skyggni geti þýtt svo margt að hennar viti. „Þú getur séð og þú getur heyrt og þú getur skynjað og ég hef alltaf haft mjög sterka skynjun,“ útskýrir hún.

Ákvörðunin vísar veginn

Auk þess að búa til náttúrudropa hefur Kristbjörg kennt jóga í fjöldamörg ár; er lærður Kripalujóga kennari frá Bandaríkjunum, fór síðar í framhaldsnám til Indlands 1994 og kynnti sér þarland jógafræði. Hún ákvað þó í haust að taka U-beygju eins og hún kallar það, taka sér frí frá jógakennslunni og helga sig náttúrudropunum og fyrirtækinu kringum þá, en það heitir einfaldlega eftir henni: Kristbjörg Elí ehf.

Hún segir raunar að jurtirnar hafi kallað á sig að gera þetta, hjálpað sér að taka þessa ákvörðun. „Það er svo merkilegt með svona ákvarðanir sem maður er búinn að velta lengi fyrir sér, að þegar maður tekur ákvörðunina að þá er eins og hún vísi manni veginn. Þannig að það versta

sem maður gerir er að taka ekki ákvörðun,“ segir hún og brosir sannfærandi.

Skaparinn og sköpunarverkið

En það er fleira sem hjálpar henni á lífsins leið en náttúran og innri skynjun.

Hún finnur sterkt fyrir návist almættisins og telur sig trúaða á sinn hátt. „Ég er mjög trúuð,“ segir hún af einlægni, „en ekki í kirkjulegum skilningi,“ bætir hún við hugsi. „Í mínum augum er aðeins einn guð, við köllum hann mismunandi nöfnum, við dýrkum hann á mismunandi hátt, en hann birtir sömu lögmálin alls staðar. Hann er skaparinn og við erum sköpunarverkið. Þetta er einhver æðri kraftur sem við skynjum og útskýrum á mismunandi hátt.“

Almættið leysir vandann

Kristbjörg biður daglega til almættisins um hjálp og leiðsögn og er ekki í minnsta vafa um að á hana sé hlustað. Sem dæmi nefnir hún að fyrir nokkru tókst henni að koma náttúrudropunum sínum í nokkrar heilsuverslanir vestur í Kaliforníu. „Ég er í útrás eins og hinir bissnessmennirnir,“ segir hún hlæjandi. Og til þess að koma þessu í kringurfti hún heldur betur að leysa ýmsar þrautir. „Ég vaknaði í marga daga að morgni og þurfti að leysa eitthvert vandamál fyrir klukkan tvö, og ég vissi ekkert hvernig ég átti að fara að því. Og eina leiðin sem ég sá var að leggjast á hnén og biðja algóðan guð að leiðbeina mér,“ segir hún brosandí út að eyrum því það brást ekki að fyrir klukkan tvö var lausnin komin. Og svona leystust vandamálin hvert af öðru á hverjum degi í öllu þessu ferli.

EKKI gleyma að anda

Senn líður að jólum og framundan er líklega einhver mesta annavika ársins; ofan á dagleg störf er fólk á þönum að undirbúa hátíðarnar. Því er ekki úr vegi að spyrja Kristbjörgu um góð ráð til að takast á við stressið. „Það er auðvitað fyrst og fremst að hafa Lífsbjörgina alltaf í vasanum,“ segir hún og hlær sínum innilega hlátri. „Lífsbjörgin er svona skyndihjálpar blómadropar, sem hægt er að grípa til þegar mikið liggur við og þá eru settir þrír dropar undir tunguna og það svo endurtekið af og til þangað til það versta er gengið yfir,“ útskýrir hún. „Síðan er að anda, þegar við erum spenn þá gleymum við oft að anda; það er bara að draga andann djúpt að sér,“ og hún sýnir mér þetta með leikrænum tilburðum, „og svo anda frá sér spennunni. Andað sér ró og anda frá sér spennu.“

Ég er ekki frá því að þetta svínvirki og kveð Kristbjörgu með þökkum fyrir skemmtilega og fræðandi stund.

Jólaboðið

Fjölbreytt úrval af gjafavörum

Origins

Day & night. Night-A-Mins næturkrem, 30 ml,
Make A Difference, 30 ml.
Verð aðeins 1.990 kr., 4.750 kr. virði.

1.990 kr.



5.490 kr.

Clinique

Glæsilegt kremsett frá Clinique.



Levante Easy Chic

Glæsilegt undirfata-
sett frá Levante.

4.934 kr.



1.869 kr.

L'Oréal Revitalift

Dag-, nætur- og augnkrem sem hentar vel
húð sem sýnir fyrstu merki um finar línur
og hrukkur.



2.259 kr.

L'Oréal MenExpert

Ný og frábær herralína fyrir allan aldur.
Húðin verður unglegrí á að líta.



adidas

1.929 kr.

Dynamic rakspíri 50 ml
og svitalyktareyðir.

adidas

2.429 kr.

Sensual Instinct edt.
30 ml og sturtugel.



5.390 kr.

Clarins taska

Clarins endurnærandi líkams- og andlits-
meðferðartaska.



Úrval geisladiska

Núna eru komin tónlistarhorn í allar
verslanir Lyfju. Þar færðu alla nýjustu
og vinsælustu geisladiskana.
Gefðu tónlistargjöf um jólin eða finndu
þér eitthvað skemmtilegt að hlusta á.

frá 1.699 kr.

12 Tónar


Plan 25

Komdu í Jólaboðið
og skoðuðu
frábært úrval
af gjafasettum
handa henni eða
honum.



GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRU

GJAFAPOKI FYLGIR



Veldu Senseo pakkningu með eftirlætis bragðinu.



Settu einn eða tvo kaffipúða í vélina.



Þrýstu á hnapp fyrir einn eða tvo bolla.

KAUPAUKI / 4 KAFFI GLÖS



Philips HD7810
1450w Senseo KAFFIVÉL sem heilir upp á 1 eða 2 ferska kaffibolla í einu með froðu á aðeins 30 sekúndum. Auðvelt að hreinsa. Fæst svört eða hvít.

TILBOÐ
7.995

FULLT VERÐ 9.995

MELISSA

TILBOÐ
1.995

FULLT VERÐ 2.995

Melissa 631100
Naglasnyrtiset með 8 fylgihlutum.



ht.is

Senseo

Merrild

PHILIPS



PHILIPS

Philips HP4881
1900w JetSet HÁRBLÁSARI með 3 hita- og hraðastillingum og köldu lofti. Dreifihaus fylgir.

TILBOÐ
2.995

FULLT VERÐ 3.995



MELISSA



Melissa 646036
TÓFRASPROTI með skál og fylgihlutum.

TILBOÐ
2.495

FULLT VERÐ 3.495

Disney

Ariete DD011600
2 sneiða 800w **Disney** BRAUÐRIST sem ristar **Mikka mús** mynd sem í brauðið. Spilar lag þegar brauðið er tilbúið.

TILBOÐ
4.995

FULLT VERÐ 5.995



Ariete DD019600
750w **Disney** VÖFFLUJÁRN sem bakar **Mikka mús** mynd á vöffluna og spilar lag.

TILBOÐ
4.995

FULLT VERÐ 5.995



PHILIPS

Philips HP4648
Hágæða SLÉTTUJÁRN með Keramik húð og ION tækni sem afrafmagnar hárið. LCD skjár. Hitnar á 30 sek. Það allra besta sem völ er á.

TILBOÐ
4.995

FULLT VERÐ 5.995

PHILIPS NÝTT

GOURMET KAFFIVÉL ÚR ÁLI

Philips HD5410
Vönduð 1250w Café Gourmet KAFFIVÉL vél með 1 líters glerkönnu fyrir 8-12 bolla og dropastoppara. Sýður vatnið.

SÝÐUR VATNIÐ

VERÐ
16.995

FRÁBÆRT VERÐ



Ideline 753089
17 lítra og 800w Digital ÖRBYLJUOFN með 1000w grilli, stáláferð, Combi Crisp möguleika og elektrónískum stillingum.

TILBOÐ
9.995

FULLT VERÐ 10.995



ide line®



PHILIPS

Philips HQ7742
PHILISHAVE Cool Skin Basic RAKVÉL með NIVEA geli fyrir mýkri rakstur, Cool skin hnífum, bartsкера og 45 mín hleðslu. Vatnsheild - má nota í sturtu.

TILBOÐ
12.995

FULLT VERÐ 16.995

Philishave
COOL SKIN

PHILIPS

Philips HR2094
Óflugur 750w BLANDARI með 1.5l glerskál, ávaxtafilter og bláu ljósi í rofa. Umgjörð úr áli sem rispast ekki og myndar ekki fingraför.

TILBOÐ
10.995

FULLT VERÐ 11.995




elna

Elna 2110
SAUMAVÉL með 15 sporgerðir, 5 gerðum saumfóta, Overlock og ábreiðu. Íslenskur leiðarvísir.

TILBOÐ
19.995

FULLT VERÐ 24.995



Ímyndaðu þér að til væri undrataeki sem leysti af hólmi öll hin smátækin í eldhúsinu!

ALLT Í EINU



Multi Mixer - All in One

TILBOÐ
4.995

FULLT VERÐ 7.995

MELISSA

Melissa 646045
BLANDARI sem hakkar, blandar, hrærir, sker, mylur og svo margt fleira. Kemur í staðinn fyrir matvinnsluvélina, blandarann, safapressuna og kaffivörnina.

DeLonghi

TILBOÐ
59.995

FULLT VERÐ 69.995

DeLonghi EAM3400 RAPIDO
Stöðuleikastýring VSC og spólvörn A-TRC. Sjálfvirk tvöföld loftræsting.



Bíldshöfða 10. Sími 587 – 8888

Allt að 90% fjármögnun til 84 mánaða. Priggja ára ábyrgð.

TIL SÖLU



Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

www.betriheilsa.is Betri heilsa með næringuna að leiðarljósi Þordís s:867 3346

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Snyrting



Betri Gjóf.
Anís fótaðekur fyrir betri færur. Greiðingj-an snyrtistofa sími 587 9310. Hraunbæ 102. Ópið frá kl 9-22.

Gel neglur! Langar þig ekki að vera fín um jólin? Tímabantanir í síma 893 8612.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið



Heilunarguðspjónusta

HEIMILIÐ

Húsgögn

3ja sæta sófi til sölu fyrir lítið. Aðeins 8 mán. gamall. Hringið í síma 697 6614 eða 561 7108.

Leðursófasett 15 ára til sölu, verð 25 þús. Sími 893 9502.

Fatnaður

Til sölu minkapelsar

Síður og stuttur, blárefapels, skinnkragar, ullarkápur og jakkar t.d. yfirst. Verð frá 5 þ.
K.S. Dána s. 551 8481.

Barnagæsla



Barngóð/Grafarvogur.

Óska eftir barngóðri stúlu til að passa 5 ára stelpu af og til seinnipart og kvöld vegna vinnu móður. Eigum heima í Grafarvogi. Helst eldri en 14 ára. Uppl. í s. 844 6235.

Dýrahald

Gæludýrabúr

50% afsláttur.

Öll fuglabúr, hundabúr, nagdýrabúr, kattabúr og fiskabúr með 50% afslátt. Allar aðrar vörur 30% afsláttur. Full búð af nýjum vörum.

Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj.



2 gullfallegir Labradorrakkar, 1 ljós og 1 svartur. Til afhendingar 23. des. Kr. 90 þús. Uppl. í s. 553 2325 & 862 2325.

Hundaræktunin í Dalsmynni

Var beðin um að selja Chihuahua 7 mán. Uppl. í s. 566 8417.

Yndislega fallegur labradorhvalpur til sölu. Uppl. í s. 869 6817.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn



HEITUR OG ÞURR Í termo
SPORTVÖRUGERÐIN
Skiþholt 5, 562 8383

www.sportvorugerdin.is



Amerísku reykofnarnir frá Luhr Jensen kornir aftur. 3 stærðir, einnig úrval af reykfnum og kryddi. Jói byssusmiður Dunhaga 18. Sími. 561 1950 Nánar á www.byssa.is



Polaroid Gleraugu fyrir Veiðimannin. Vinduð og falleg Gleraugu. Verð frá kr. 1.200.-

Veiðiportíð Grandagarði 3 Sími: 552-9940



Bushnell, Nikon, Yukon og Tasko Sjónaukar Á 15-20% Jóna afslátt. Veiðiportíð Grandagarði 3. Sími: 552-9940



Oðyrustu og bestu 5mm. Neopren vöðlur á Íslandi. Verð aðeins kr. 11.980

Veiðiportíð Grandagarði 3 Sími: 552-9940

Hestamennska

Eik

Eikarplankar í hesthús og annað. Heflað og nótað. Eikarstúur, s. 691 8842.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði



Glæsileg íbúð eða allt húsið til sölu eða leigu. Tvær 170 m² íbúðir til leigu, önnur með húsgögnum. Einnig er hægt að kaupa fasteignina samtals 440m² og þá fylgir til viðbótar 80m² íbúð eða vinnustofa. Mjög skemmtilega staðsett umkringt útivistarsvæðum neðst í Breiðholti, nálægt Mjódd, skólar, kirkjur, íþróttamiðstöð og verslanir í göngufjarlægð. Nánari upplýsingar á netinu www.pulsinn.com/hus

Til leigu glæsileg 3ja herb. íbúð í tvíþýli í 104 á tímabilinu 28. des til 15. mars. Með húsgögnum og húsbúnaði. Verð 80 þús. kr. á mánuði. S. 897 3099

Starfsmaður Sölufélags garðyrkjunanna óskar eftir 2-3 herbergja íbúð til leigu. Vinsamlegast sendið upplýsingar á nefntangið i1g@il.gis

Húsnæði óskast

Ungur einstæður faðir leitar eftir fjölskyldu vænu herbergi eða studió íbúð. Helst á Höfuðborgarsvæðinu. Þeir sem hafa upplýsingar um fjölskyldu vænan stað hafið samband í s: 822 1532

Atvinnuhúsnæði

Listamanna hópur leitar að vinnuástaðu á Höfuðborgarsvæðinu. Þarf helst að vera rúmgott rými. Þeir sem hafa eitthverjar upplýsingar hafið samband í s:616 7490

23ja ára reglusamur, reyklaus og skilvís kó óskar eftir herbergi frá 28. desember með aðgang að baði og eldhúsi á höfuðborgarsvæðinu. Einnig væri gott að hafa aðgang að þvottavél. S. 867 5204 (Björn) E-mail: bjorna@simnet.is

Sumarbústaðir

2 vinnuskúrur ca. 10 fm. fást gefins, þarfnast lagfæringar, eru í Reykjav. S. 825 6212.

Atvinnuhúsnæði

Óska eftir bílskúr á leigu undir lager, helst í Austurbæ Rvk. eða í Kópavogi. S. 892 4588.

Geymslúhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

ATVINNA

Atvinna í boði



Vaktstjóri í eldhúsi á Pizza Hut

Pizza Hut leitar að vaktstjóra í eldhúsi á Sprengisandi. Starfið felst í pizza bökun, almennum eldhússtörfum, stjórnum og allri umsjón í eldhúsi í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur eru reynsla af vinnu í eldhúsi, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegur aldur 25 ára og eldri. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is sem fyrst eða á Sprengisand. Nánari upplýsingar veitir Þórey Björk veitingastjóri í síma 822 3642.



Starf í sal á Pizza Hu


Pizza Hut getur bætt við sig starfsfólki í fullt starf í sal. Hæfniskröfur eru reynsla af þjónustu, þjónustulund, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegur aldur 20 og eldri. Áhugasamir sendi inn umsóknir á www.pizzahut.is eða loa@pizzahut.is

TIL SÖLU



Úrval Verkfæra til Jólagaafa

Vesturvör 7
LOGEY EHF 200 Kópavogur
HEILDVERSLUN 511 2055



Ræstingar

Ræstingar. Óskum eftir að ráða fólk til starfa við ræstingar, vinnutími frá 08-17.
Upplýsingar í síma 699 8403 Bónbræður ehf.



Vaktavinna á Subway

Óskum eftir að ráða vaktstjóra til starfa á Subway Ártúnshöfða. Vinnutími 12-20 aðra vikuna og 16-24 hina vikuna. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki til að vinna á lífandi og skemmtilegum vinnustað.

Umsóknir á staðnum og á subway.is. Góð laun í boði.

Síðdegisræstingu

Viljum ráða til okkar manneskju til að sinna daglegum ræstingum á skrifstofu- og afgreiðsluhúsnæði. Góðir vinnustaðir, unnið er frá kl 16.00 og 17.00 alla virka daga. Ráðið í starfið strax.
Upplýsingar í síma 554 6088 og www.hreint.is

Næturæstingar

Óskum eftir starfsfólki til ræstinga að nóttu til, frá kl 4.00 e.m. Unnið er í 7 daga og síðan frí í 7 daga. Æskilegt aldurstakmark 25 ára, þó ekki skilyrði.
Upplýsingar í síma 554 6088 og www.hreint.is

Dagvinna

Starfsfólk óskast í dagvinnu, 100 % starf frá 01.01.06. Bagel House Kringlunni. Umsóknir á staðnum.

Ræsting hentar vel fyrir heimavinnandi

Morgunvinna, unnið frá 08:00-12:00 og 08:00-14:00 til skiptis tvo daga aðra vikuna og 5 daga hina vikuna. Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is

Dyravarsla

Viljum ráða áreiðanlegan starfsmann við dyravarslu um helgar. Æskilegt að viðkomandi sé 25 ára eða eldri. Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is.

Uppvask

Vegna anna viljum við bæta við okkur starfsmanni í uppvask sem fyrst. Aðallega kvöld og helgarvinna. Uppl. á staðnum eða á www.kringlukrain.is

Byggingavinna. Trésmiður eða laghentur starfsmaður óskast til vinnu á Suðurlandi. Húsnæði til staðar. Síma 895 8519 Netfang stekkur@is.is

Storm kvikmyndagerð leitar að auka-leikurum í sjónvarpsþáttunum "Stelpurnar" á öllum aldri. Áhugasamir sendið inn svar á linda@storm.is helst með mynd og upplýsingum um umsækjendur. Einnig leitum við að fólki sem er tilbúið að leigja út íbúð með húsgögnum í einn dag.

Styrirmann vantar á línuþát sem rær með beitingavél. Upplýsingar í síma 852 2389 og 892 1757

Þægileg heimavinna við tölvu Upplýsingasöfnun á netinu til skráningar á vefsíðu. Aðgangur að tölvu, interneti og tölvukunnáttu skilyrði. Reynsla af html skráningu æskileg. Fyrirspurnir sendist á info@market.is

Vantar menn í járnbindingar. Mikil vinna. Upplýsingar gefur Steingrímur í síma 699 6060 eða Armann í síma 894 3398.

Vélamaður í einangrunarframleiðslu. Tempra ehf óskar eftir að ráða strax mann til að sjá um og stjórna framleiðslulúvum. Vaktavinna 6-14 og 14-22. Uppl. í síma 660 1005.

Beitningamenn óskast við að beita í Keflavík. Uppl. í s. 847 2836. & 863 9357.

Spikk og span Vegna aukinna umsvifa getum við bætt við okkur vönu fólki í flestum pósthúsum á Reykjavíkarsvæðinu. Fullt starf en hlutastarf kemur einnig til greina. Spikk og span heimilisþjónusta. Sími 899 5770. Allt spikk og span og gott að koma heim

Vantar au pair í jan. til að koma með til Bretlands að passa 6 mán. stelpu í 3 mán., sennilega lengur. Góð laun í boði. Sendið mér mail á kgb@hive.is.

Óskum eftir smíð eða manni vönum gífsveggjum. Uppl. í s. 693 7596.

Atvinna óskast

Get bætt við mig verkefnum í allri almenningu. Uppl. í s. 869 9633.

21 árs kvk óskar eftir vinnu frá 8-16. Uppl. í s. 698 2517.

Viðskiptataækifæri

Vantar þig pening? Lítil fyrirhöfn og byður upp á mikil laun! Kiktu á auka-vinna.com

TILKYNNINGAR

Einkamál



Nýtt nýtt. Engin þarf að vera makalaus á Íslandi! www.makalaus.is Party og matarklúbur á síðunni.

TIL SÖLU



Jólatilboð: kr. 39,900.-

Fjölskyldugjöfin í ár
Hægæða 8,5" DVD spilarí í bílinn
Fjöldi aukahluta fánlegir

M.H.M. ehf. - Auðbrekka 24 - 200 Kópavogur
Sími 564 6600 - Fax 564 6611 - www.mhm.is

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9



FRÉTTABLAÐIÐ

Létt 96,7

VÍSIR

Mundu happdrættisgíróseðilinn.
Jólahappdrætti Krabba-meinsfélagsins.

Fartölutilboð.
Tæknival.is

Fluguveiðiskóli, gjafabréf.
Langa.is

Borðtölutilboð.
Tæknival.is

Grænmetisþíta.
Pítan Skipholti.

Mikilvæg sending, hratt og örugglega. Allt að 10 kíló á aðeins 700 krónur til allra áfangastaða. Opið til 16 í dag.
Flugfrakt Flugfélags Íslands.

Ljósritunarvélur.
Tæknival.is

Auðvitað vilja pabbi og mamma bækur
Penninn-Eymundsson.

40% afsláttur af völdum jólavörum.
Penninn-Eymundsson.

Normansþinur! 25% afsláttur í 4 daga.
Garðheimar.

Nýi kortadiskur Landmælinga fæst hjá okkur.
Penninn-Eymundsson.

Öðruvísi blómaskreytingar.
Blómaversktæði-Binna

Lúxus frotté sloppar. Frábær jólagjöf! Verð 2.490,-
Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari.

Jólapappír og jólakort í miklu úrvali.
Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari.

Langar þig að senda þínum nánustu jólakveðjur?

Hringdu í síma 550-5000 og pantaðu jólakveðju sem birtist á Bylgjunni, Létt 96,7 og Talstöðinni.
Jólakveðja þín kemst til skila á BLT.

Tollfrjáls jólatré.
Blómaval.

Mikið úrval af falgri jólavörum.
Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari.

Prentarar.
Tæknival.is

Byggt og búið tilkynnir komu flugsendingar með flestum áður uppseldum Sírius seríum. Pantanir óskast sóttar sem fyrst.
Byggt og búið seríubúðin þín.

Útivistargallar fyrir dömur og herra. Jólagjöf golfarans. Verð aðeins 2.990,-
Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari.

Nú er Húsasmiðjublaðið komið heim til þín. Stúttullt af spennandi jólagjafahugmyndum.
Húsasmiðjan.

Ítölsk Panitone jólakaka.
Ostabúðin skólavörðustíg

Þú færð jólagjafirnar hjá okkur.

Komdu og skoðaðu úrvalið.
Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari.

Kalkúnapíta.
Pítan, Skipholti.

Brjóstgjafabolir fyrir jólin.
Móðurást, Hamraborg.

Jólavörur, Jólaknöll.
Partýbúðin Grensásvegi.

10 túlpanar aðeins 990 krónur.
Blómaval.

Jólastemning á Kaffi París allan desember. Lengdur opnunartími um helgar og jólatilboð á veitingum.
Kaffi París og Tuborg.

Sælkerakörfur.
Ostabúðin Skólavörðustíg

Sængurverasett í miklu úrvali. Verð frá 990,-
Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari.

Jólasveinar athugið! Þið fáid allt í skóinn hjá okkur.
Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari.

Normansþinur! 25% afsláttur.
Blómaval.

Verið velkomin í Spöngina.

Þægilegur verslunarkjarni fyrir jólin.
Spöngin, Grafarvogi.

Flugustöng í jólapakkann.
Útilíf.

Harðir pakkar.
Tæknival.is

Eiginmenn og elskhugar, munið gjafakortin
Hjá Hrafnhildi

Bingó í kvöld.
Vínabær.

Jólavörur
Birkihlíð, Kópavogi.

Opið til 22 til jóla.
IKEA.

Eldsteikt er ekta. Bíómiði á

myndina Draumalandið fylgir með kaupum á barnaboxum á Burger King fram að jólum, eða á meðan birgðir endast.
Burger King.

Við hjá Snælandsvideo erum í jólskapi.

Fjórir ostborgarar, stór skammtur af frönskum og

2 lítrar af isköldu Coca-Cola á aðeins 1890 kr.

Hagstæð húsgagnakaup.
Valhúsgögn, Ármúla.

Auðvitað bækur í í útskriftargjafir.
Penninn-Eymundsson.

Komið tímanlega með jólapakkana.
Landflutningar Samskip.

Amerísk jólatré,
Bíldshöfða 18

Opið í dag
Hátækni, Ármúla 26

Thermo Lux sæng og koddí.

Verð aðeins 2.990,-
Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari.

Útikerti, leiðskerti og jólakerti.

Mikið úrval.
Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari.

Dregið aðfangadag, glæsilegir vinningar. Greiðslukortþjónusta.
Jólahappdrætti Krabba-meinsfélagsins.

Flottar ítalskar sparidragtir,
Hjá Hrafnhildi.

Opið til 17:00
Valhúsgögn, Ármúla.

Tollfrjáls jólatré um helgina.
Blómaval.

Verið velkomin í Spöngina.

Þægilegur verslunarkjarni og næg bílastæði.
Spöngin-Grafarvogi.

Bingó í kvöld kl. 19:15.
Vínabær, Skipholti 33

Gjafavörur.
Birkihlíð, Kópavogi.

Myndavélar.
Tæknival.is

Galakjólur á nýársfagnaðinn,
Hjá Hrafnhildi

Auðvitað vilja börn bækur
Penninn-Eymundsson.

Löng, flott hálsmen og krossar.

Skarhúsið, Laugavegi.

Jólaskreytingar.

Birkihlíð, Kópavogi.

Buffþíta.

Pítan Skipholti.

Göngustafir í jólapakkann.
Útilíf.

Flottar vetrarkápur,
Hjá Hrafnhildi.

Kortadiskur Landmælinga.
Penninn-Eymundsson.

Ostakörfur.
Ostabúðin Skólavörðustíg.

Kínaskór. Allar stærðir.
Skarhúsið, Laugavegi.

Bingó í kvöld. allir velkomnir.

Vínabær.

Jeppaeigendur athugið!

Þjóðum landsins mesta úrval af jeppadekkjum. Aðstoðum við val á dekkjum og setjum þau undir bílinn á meðan þú bíður.
Jeppamiðstöð Arctic Trucks, Kletthálsi 3.

Förðun og snyrtivörur.
Maddina Laugavegi.

Opið til sex,
Hjá Hrafnhildi.

Verum tímanlega á ferðinni með jólapakkana.
Landflutningar Samskip.

Sængurgjafir og jólagjafir.
Móðurást, Hamraborg.

Opið til 22 öll kvöld í Skútvogví.

Blómaval, Skútvogví.

Jólahappaþrennumar eru komnar á sölustaði.

Gleðileg jól.
Happaþrennan.

Alpahúfurnar fást í Skarhúsinu, Laugavegi.

Húfur, vettlingar og trefflar.
Skarhúsið, Laugavegi.

Eyjólfur Ísólffson kynnir mynd sína á Hestbaki 2, í dag milli kl. 15 og 17

Ástund Austurveiri

póst húsið

Pósthúsið ehf
Suðurhrauni 12a
210 Garðabæ
sími 585 8300
fax 585 8309
posthusid@posthusid.is

Póst- og blaðberar óskast

Um er að ræða hressandi útiveru við útburð á blöðum og pósti milli kl. 6 og 7 á morgnana. Hafðu samband í síma 585 8330 eða fylltu út umsókn á www.posthusid.is

200-07	Kópavogsbraut Þinghólsbraut	220-04	Austurgata Hverfisgata Mjósund Sunnuvegur Tjarnarbraut Álfaskeið
200-10	Holtagerði	220-11	Vitastígur Álfaskeið
200-15	Hjallabrekka Laufbrekka Lundur Nýbýlavegur	220-13	Flatahraun Mávahraun Svöluhraun Álfaskeið
200-16	Langabrekka Lyngbrekka	220-23	Heiðvangur Vesturvangur
200-21	Aspargrund Birkigrund	220-28	Lækjargata Öldugata Ölduslóð
200-38	Heiðarhjalli	220-31	Brekkgata Lækjargata Suðurgata
200-49	Kjarrhólmi	220-32	Hamarsbraut Hellubraut Hlíðarbraut Holtsgata Suðurgata
200-50	Hlaðbrekka Nýbýlavegur Þverbekka	220-33	Hringbraut Strandgata
200-54	Álfhólsvegur	220-38	Mosabarð Vallarbarð Þúfubarð
200-56	Þinghólsbraut	220-41	Álfholt
200-57	Bakkabraut Hafnarbraut Vesturvör	220-44	Hörgsholt Miðholt Vesturholt
200-62	Lundarbrekka Nýbýlavegur	220-50	Fagrihvammur Fjólhvammur Lækjarhvammur
201-03	Arnarsmári Bollasmári Brekkasmári	220-55	Suðurgata
201-08	Laugalind Laxalind Mánalind Múlalind	220-57	Austurgata Gunnarssund Hverfisgata
203-01	Ennishvarf Álfahvarf Álfkonuhvarf	220-58	Krókahraun Smyrlahraun
203-03	Akurhvarf Andarhvarf Asparhvarf	221-03	Dofraberg Fagraberg Álfberg
210-01	Haukanes Prastanes	221-09	Fjólhlíð Furuhlíð
210-02	Hegranes Tjaldanes	221-11	Svöluás Prastarás
210-04	Kríunes Súlunes Þernunes	221-24	Einihlíð Engjahlíð Fagrahlíð
210-12	Iðnbúð Smíðsbúð Ásbúð	225-01	Blátún Hátún Skólatún
210-14	Hraunholtsvegur Hraunhólar Langafit Lækjarfit	225-07	Lambhagi Miðskógar
210-22	Holtsbúð	270-01	Akurholt Arkarholt Álsholt Ásholt
210-24	Sunnuföt	270-06	Þjargartangi Borgartangi Bugútangi
210-25	Asparlundur Einilundur Hvannalundur Skógarlundur Víðilundur	270-07	Þjarkarholt Dalatangi Grundartangi Hlaðhamrar
210-26	Dalsbyggð Hæðarbyggð	270-11	Arnarhöfði Svöluhöfði Súluhöfði
210-27	Espilundur Furulundur Grenilundur Hörgslundur Reynilundur	270-16	Klapparhlíð
210-28	Garðatorg Heiðarlundur Hofslundur Kirkjulundur	270-22	Reykjabyggð Reykjamelur
210-41	Engimýri Fífumýri Krókamýri Langamýri	800-13	Birkigrund Furugrund Grenigrund
220-01	Flókagata Herjólfsgata Klefftagata Langeyrarvegur Skerseyrarvegur	800-15	Birkivellir Hrísholt Merkiland Vallholt Viðivellir
220-03	Austurgata Fjarðargata Linnetsstígur Reykjavíkurvegur Strandgata		
220-05	Hraunstígur Hverfisgata Urðarstígur		

Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

KONUR HLUSTA

83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra þvísamkeyrðar auglýsingar.

Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.

SUNNUDAGUR



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

VÉDÍS HERVÖR SÖNGKONA

Allir dagar góðir dagar

Best: „Það sem mér finnst best við sunnudaga er að fá mér kaffibolla með góðum vini og hvíldin.“

Verst: „Það er eiginlega ekki neitt sem mér finnst slæmt við sunnudaga. Sunnudagar eru góðir dagar eins og allir dagar hjá mér,“ segir Védís Hervör Árnadóttir söngkona.

VISSIR ÞÚ...

...að Hakan Sükür var fljótastur allra til að skora í úrslitakeppni HM? Það tók hann ellefu sekúndur að skora gegn Suður-Kóreu 2002.

...að fljótastur að fá reisupassann á HM var Rúmeninn Ion Vladioiu en hann var rekinn af velli eftir þriggja mínútna leik gegn Sviss á HM 1994?

...að sá sem skorað hefur flest mörk í úrslitakeppni er Just Fontaine? Hann skoraði þrettán mörk í úrslitakeppni HM 1958 í Svíþjóð en það er met sem seint verður slegið.

...að Peter Shilton hélt markinu oftast hreinu en nokkur markmaður fyrr og síðar á HM 1982, 1986 og 1990? Hann lék sautján leiki og hélt hreinu í tíu þeirra.

...að þegar Ástralir sigruðu Samóa 31-0 í undankeppni HM 2002 settu þeir markamet?

...að Péle er yngsti leikmaðurinn til að skora í úrslitakeppni HM?

...að hann var aðeins 17 ára og 239 daga gamall?

...að yngsti leikmaður á HM var 17 ára og 41 daga gamall er hann þreytti frumraun sína?

... að hann var frá Norður-Írlandi og heitir Norman Whiteside?

...að goðsögnin Roger Milla er elstur allra sem tekið hafa þátt í HM sem leikmenn?

...að hann er jafnframt elstur allra til að skora á HM?

...að bæði metin sló hann í leik gegn Rússum árið 1994? Hann var þá 42 ára og 39 daga gamall.

...að í sama leik sló Oleg Salenko annað met? Hann skoraði 5 mörk í einum og sama leiknum.

...að Claudio Suarez er leikjahæsti landsliðsmaður í heimi? Hann lék 171 landsleik fyrir Mexíkó á árunum 1992 til 2003.

Nonni GULL
Trúlofunar- og
giftingarhringir



20% aðlöttur
www.gunnmagg.is
Strandgötu 37 • Hákarli • 545 4048

OPIÐ TIL KL. 22 MIÐBORGIN JÓLALEGA

Söluastaðir

Penninn
Mál og Menning
Bókabúðin Hlemmi
Skífan
Iða



305
verslanir
Næg
bílastæði

GJAFAKORT

Jólagjöfin í ár fyrir mömmu og pabba, afa og ömmu.

Snyrti-Nudd og Fótaaðgerðarstofan

Eygló

Langholtsveg 17 Sími 553-6191

Ertu í húsgagnaleit?

Opið í dag

frá kl.13-17 **Val** húsgögn

Nýjar sendingar - Mikið úrval!

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Trivial Pursuit

20 ára afmælisútgáfa

Trivial Pursuit 20 ára afmælisútgáfa
Eitt mest selda spil á islandi

Cluedo
Cluedo er unnið út frá glæpasögum Agatha Christy og heldur þáttakendum spennu allt kvöldið
"Þú ert einn af gestunum. Úti er rigning, inni eru gestirnir að dansa og hafa gaman og á meðan er verið að fremja morð í húsinu. Förmálamið er Dr. Black, eigandi hússins. Þjórinn finnur líkið þegar hann fer niður í kjallaranum að sækja meira vín. Líkinu var komið þarna fyrir til að fela raunverulega staðsetningu morðsins. Gestirnir ákveða að leysa glæpimálið sjálf í stað þess að leita aðstoðar lögreglunnar. Þeir vita að einn af gestunum er morðinginn..."

Risk
Heimurinn er í stríði og þú stýrir her sem leitar eftir heimsyferráðum. Í þessum leik reynir á kensku, samvinnu og heppni en þú verður að vera skipulagður til að ná árangri og útrýma öðrum herjum. Þar sem þú leiðir herinn, skipar þú árisir, raðir upp herjum og svikur óvininn til að ná heimsyferráðum.

Fæst í öllum helstu bóka-, leikfanga- og ritfangaverslunum. Einnig í helstu störmörkuðum. Dreifing: Heildverslunin Leikco ehf

Ljúf kertaljós

Kertastjaker eru öllum nauðsynlegir um jólin. Þessi glæsilegi kertastjaki fæst í Frú fiðrildi og myndi sóma sér vel á hvaða borði sem er. Dekkað jólaborð kallar á flottan kertastjaka en sennilega eru jólin sá tími sem við notum kerten hvað mest. Myrkríð sækir á okkur næstum allan daginn og ljúf kertaljós létta og fegra umhverfi okkar gífurlega mikið. Passið bara að hafa auga með kertunum því slysin gera ekki boð á undan sér. ■



KERTASTJAKI Þessi glæsilegi stjaki er úr Frú fiðrildi.

Græjur dauðans

Rapsody-vídeóflakkarinn er í raun bara utanálggjandi harður diskur sem gerir þér kleift að horfa á myndirnar þínar beint úr sjónvarpinu án þess að þurfa að tengja sjónvarpið við tölvuna. Einnig styður flakkarinn afspilun á ljósmyndum og MP3-lögum. Ef þú ert með stafræna myndavél geturðu sett myndirnar þínar beint inn á Rapsody án þess að tölvu þurfi til. Svo fylgir einnig fjarstýring. Verðið er í kringum 20.000 krónur.

Toshiba TDP-S20U skjávarpinn er frábær fyrir þá sem vilja horfa á bíómyndir og spila tölvuleiki í almennilegum stærðum. Þessa frábæru græju er hægt að nota sem venjulegt sjónvarp á stórum vegg. Einnig hentar hann vel í fyrirllestarsalnum þar sem upplausnin í honum er 800x600, sem er frábært. Verðið á þessum skjávarpa er um það bil 77.000 krónur, sem er mjög viðunandi fyrir þessa græju. ■

RAPSODY VÍDEOFLAKKARI OG TOSHIBA SKJÁVARPI



RAPSODY VÍDEOFLAKKARI OG TOSHIBA SKJÁVARPI

Rómó jóla-undirbúningur

Hvað er dásamlegra en að fríska örlítið upp á heimilið um leið og gert er hreint fyrir jólin? Oft þarf ekki nema einn og einn hlut til að breyta heiminu og hressa upp á það. Í miðbæ Reykjavíkur fæst dásamlega mikið af krúttlegu dóti sem vert er að kíkja á. Verslanir á borð við Frú fiðrildi, Kisuna, Sipa og Tiger eru allar skemmtilegar að heimsækja. Það þarf ekki að vera dýrt að kaupa nýja könnu undir maltið og appelsínið, ný glös eða bara höldur á gömlu eldhúsinnréttinguna.



BLÁA KANNAN FÆST Í FRÚ FIÐRILDI.



ÞAÐ ER MIKLU SKEMMTILEGRA AÐ DREKKA MALT OG APPELSÍN ÚR FALLEGUM GLÖSUM. ÞAU ERU FRÁ FRÚ FIÐRILDI.



RÓMANTÍSKAR BLÓMAHÖLDUR HRESSA UPP Á ELDHÚSINNRETTINGAR OG LÍKA GAMLAR KOMMÓÐUR. FRÚ FIÐRILDI.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

JÓLAPAKKATILBOÐ

FLÖT SJÓNVÖRP FLÖT SJÓNVÖRP FLÖT SJÓNVÖRP



JVC
LT32A60

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m2 birtu, 7ms svartíma, HDTV Ready, fullkomnum litstýringum (Gamma Curve og Dyn. Black Level), 20w Nicam Stereo hljóðkerfi, fullkomnu textavarp, 2 Scart tengjum, SVHS, RCA og heyrnartólstengi, Component (Y, Pr, Pb) og PC tengi (VGA), borðstandi og fjarstýringu. Fæst einnig svart.

TILBOÐ 169.990
FULLT VERÐ kr. 199.990


FLÖT SJÓNVÖRP FLÖT SJÓNVÖRP FLÖT SJÓNVÖRP FLÖT SJÓNVÖRP FLÖT SJÓNVÖRP



JVC LT26A61

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Progressive Scan, 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m2 birtu, 7ms svartíma, HD Ready, 20w Nicam Stereo hljóðkerfi, textavarp, 2 Scart (með RGB), SVHS, CVBS, Component og PC tengi (DVI), borðstandi, heyrnartólstengi og fjarstýringu.


VERÐ 119.990
FRÁBÆRT VERÐ



JVC LT37S60

37" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með DynaPix D.I.S.T. myndtækni, Super DigiPure og Digital Comb Filter, 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, fullkomnum litstýringum, textavarp, mynd í mynd, 20w RMS, BBE Nicam Stereo hljóðkerfi, 4 hátölurum, 3D Sound með Active Hyper Bass, 2 Scart tengi, SVHS og RCA tengi, Component, HDMI og PC tengi, heyrnartólstengi og fjarstýringu.

TILBOÐ 269.990
FULLT VERÐ kr. 299.990



JVC PD42B50

42" PLASMA BREIÐTJALDSSJÓNVARP með D.I.S.T myndtækni, Super DigiPure og Digital Comb Filter, 852x480 punkta upplausn með 3000:1 skerpu, styður HDTV, fullkomnar litstýringar, textavarp, tvískiptur skjá möguleiki (mynd og mynd/textavarp), mynd í mynd (1 móttakari), 20w RMS, BBE Nicam stereo hljóðkerfi, 3D Sound með Active Hyper Bass, 3 Scart, Component og SVHS tengi, RCA og heyrnartólstengi, T-V Link og veggfesting.

TILBOÐ 249.990
FULLT VERÐ kr. 349.990



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind, VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi, Samkaup, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hellissandi, VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi, Þrúsur, Ísafirði, NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húsvetninga, Hvamstanga, Krákur, Blönduós, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Ljósgeirinn, Akureyri, Öryggi, Húsavík, AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Neskaupsstað, Kaupþún, Vopnafirði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Tumbraður, Seyðisfirði, Spærkaup, Fæskrudsfirði, Verslunin Vík, Reyðarfirði, Martólvan, Höfn, Hornafirði, SUÐURLAND: Mostell, Hella, Fossvag, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Brimnes, Vestmannaeyjum, REYKJANES: Rafeindatækni, Kellavík, Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði, Rafmætti, Hálfarfi.

Rimbaud rokksins rís á ný

Ljósinn á sviðinu slökkna og kvikna aftur. Strengja-kvintett gengur inná og sest í sæti. Á tjaldi handan gera öldurnar sitt besta til að bryðja niður fastlendið. Daníel Ágúst gengur inn lítandi út eins og Werther ungi hefði gert hefði hann fundið ástina í stað þess að eiga munnmök við framhleypu.

Mikið meira artí er ekki hægt að vera. Og hvað, má ég spyrja, er að því? Meðan fyrrum félagar hans í Nýdönsk ritstýra misheppnuðum klámbloðum og syngja Hjalpaðu mér upp á sveitaballarúntinum og fyrrum félagar hans í Gusgus eru hættir að þykjast vera fjöllistahópur og jafnvel hljómsveit og lítið annað er eftir en tvær plötusnúðar er Danni Boy enn listamaður í fullum blóma og sífelldri þróun.



MR. SILLA HITADI UPP FYRIR DANÍEL



RASS Sá um seinni helminginn (afturend-ann) á tónleikum.

Það geta ekki allir staðið einir og óvopnaðir fyrir fram-an fullan sal og haldið athygli jafn sem kúli út í gegn. Það er óneitanlega meiri reisin yfir Danna en yfir fyrrum kollega og keppinaut hans Helga Björns sem syngur gamla slagara eftir sig og aðra í matarboðum, eða Stefáni Hilmarssyni sem enn stýrir retróbandinu Sálinni hans jóns míns. Danni Boy hefur skilið alla eftir í valnum. Hann sveiflar sér um sviðið eins og óður maestro að stýra ímyndaðri hljómsveit og þegar hann stendur kyrr minnir hann á Rimbaud, ef hann hefði ekki hætt að skrifa 19 ára og gerst vopnasmyglari í Eþíópíu.

Daníel er hæfur tónlistar-maður og slær sjaldan feilnótu sem söngvari en skáld er hann þó ekki. Eins og hjá svotil öllum íslenskum lagahöfundum eru textar hans veika hlið, og flest viðlaga hans innihalda orðin „respect“, „love“, og/eða „harmony“. En ef maður lokar eyrunum fyrir orðunum og einbeittir sér að tónunum er hægt að svifa um á öldunum. Og verða pínulítið artí sjálfur.

valurg@frettabladid.is



DANÍEL HEFUR SIG Á FLUG

Vodafone live!

Hringitónar

Fréttir og Íþróttir

Leikir

Skemmtun

**KOMDU Í SPENNANDI HEIM
AFPREYINGAR OG UPPLÝSINGA**

Vodafone live! SÍMÍ

19.900 kr.

NOKIA 6101

Smelltu þér á www.ogvodafone.is, farðu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.

og **Vodafone**

Heyrumst!



JÓN KALMANN „Það er alltaf djöfullega langt í endann þegar byrjað er á bók, maður er oft fullur vanmáttar, hræddur um að það verði ekki neitt úr neinu,

Barn síns tíma

Nýjasta bók Jóns Kalmans *Stefánssonar, Sumarljós og svo kemur nóttin, er tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna í ár. Þar snýr höfundur aftur á kunnugar slóðir. Valur Gunnarsson ræddi við hann um stjörnufræði, eðlisfræðinámið á Suðurnesjum og Vesturland.*

Allir staðir eru heppilegir til sköpunar, nema kannski fangelsi Bandaríkjamanna á Kúbu,“ segir Jón Kalman Stefánsson rithöfundur. Jón býr í Mosfellsbæ þótt hann skrifi gjarnan um Vesturland. „Það eru bara latalæti, jafnvel grunnhyggni, að halda því fram að það skipti einhverju máli hvort maður er í pósnúmeri 101 eða 270. En það er gott að vera hér, stutt í náttúruna og svo kemst maður í bæinn á 15 mínútum ef maður vill.“

Jón hefur áður skrifað þrileik sem gerist á Vesturlandi og snýr aftur á sömu slóðir með bók sinni *Sumarljós og svo kemur nóttin*. „Ég var í sveit á Vesturlandi á sumrin og vann í sláturhúsum á haustin sem unglingur. Þessi bók tengist hinum fyrri þó ekki, nema að þetta er sami staður og sami höfundur. Þrileikurinn gerðist aðallega á áttunda áratug

síðustu aldar en ég er þó líka að velta fyrir mér þeim tíma sem við lifum hér og nú. Maður er auðvitað barns síns tíma og dagurinn í dag skín alltaf í gegnum textann, sama hvort ég er að lýsa atvikum frá 1910 eða 1990.“

Peningar til óþurftar

Ein af aðalpersónum *Sumarljóss* er framkvæmdarstjóri sem selur flestallar eigur sínar og kaupir bækur um stjörnufræði í staðinn. Bækurnar eru sumar hverjar ómetanlegar frumútgáfur af verkum manna eins og Kópernikusar og Galileos.

„Ég fór á netið til að skoða hvað þessar bækur kosta og þetta er ekki eitthvað sem maður kaupir á milli mála. Stjörnufræðingurinn er andsvar við þrá okkar eftir einskisnýtum hlutum. Það er táknað að hann kaupir bækur til að nálgast þekkingu og öðlast ný lífsviðhorf. Peningar eru oft til mikillar óþurftar.“

En hvornig kviknaði hugmyndin?

„Ég hef gengið með hugmyndina um þennan karakter lengi, enda hef ég sjálfur mikinn áhuga á stjörnufræði. Þegar ég var 18 ára var ég að vinna í fiski og ætlaði aldrei aftur í skóla. Þá sá ég þættina *Cosmos* eftir stjörnufræðinginn Carl Sagan og ákvað að skrá mig á eðlisfræðibraut á Suðurnesjum, þrátt fyrir að hafa fengið 2 í stærðfræði í gaggó. Það gekk ágætlega þannig að stærðfræði virðist vera eins og svo margt annað einungis spurning um hugarfar.“

Skúraði fyrir skáldskapinn

Bók Jóns á undan þessari nefnist *Snarkið*, en hann hefur gefið út bækur á tveggja ára fresti frá 1996. „Maður sest niður með mismótaður hugmyndir og einhverjar tilfinningar sem ólmast inni í manni og fram til þessa hefur það tekið mig tæp tvö ár að vinna úr þeim svo úr verði fullmótað verk. Ég er í þessum ryþma núna en það tók mig rúm þrjú ár að ná tökum á prósanum. Ég skrifaði tvær skáldsögur á árunum 1992-95 sem fóru beint í ruslið. Það er ekki alltaf skemmtilegt að henda því sem maður hefur unnið að í marga

mánuði. Ég byrjaði sem ljóðskáld en til að skrifa prósa þarf tíma.“

Og varstu í aðstöðu til að geta einbeitt þér að skrifunum?

„Ég reyndi að skapa mér möguleika til að skrifa og gerði ekki miklar kröfur um lúxus. Ég skúraði eða vann á bókasafni og reyndi að vakna nógu snemma til að geta skrifað á morgnana.“

Er þá von á næstu bók eftir tvö ár?

„Það er alltaf djöfullega langt í endann þegar byrjað er á bók, maður er oft fullur vanmáttar, hræddur um að það verði ekki neitt úr neinu, eða það taki minnst 10 ár að klára bókina.“

Nauðsynlegt að veita verðlaunum aðhald

Sumarljós var nýlega tilnefnd til Hinna íslensku bókmenntaverðlauna. Þetta er fyrsta tilnefning hans en hann hefur tvisvar verið tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Því virðist hann nú loks einnig ætla að verða spámaður í sínu föðurlandi.

„Þetta þýðir ekki endilega að bók manns sé í hópi þeirra bestu, þetta eru bara hópar fólks með mismunandi smekk og skoðanir, ekki alvitrir dómarmar. Það eru alltaf góðar bækur sem komast ekki í þennan hóp. Það má líka alltaf gagnrýna hvornig að þessu er staðið og nauðsynlegt að veita aðhald. Ég hef gagnrýnt bókmenntaverðlaunin áður og stend við það. Ég er skeptískur á þá hugsun að einn þriggja nefndarmanna þurfi að vera „fulltrúi almennings“. Menn þurfa að lesa 60 bækur á nokkrum vikum og verða því að vera nokkuð þjálfaðir lesendur. Það vakti til dæmis athygli þegar Gísli Martein og Ingibjörg Sólrún sátu í dómnefnd. Ef ákvörðun er tekin um stjórnmal eða múrverk er yfirleitt fengið fagfólk til. Þetta eru fyrst og fremst útgefendaverðlaun og mjög góð sem slík en af hverju þarf að kalla þau Hin íslensku bókmenntaverðlaun?“

Varðandi gagnrýnendur segir hann: „Gagnrýni á að vera eins og lífið, bæði jákvæð og neikvæð. Orðið gagnrýni þýðir jú að rýna til gagns.“

valurg@frettabladid.is



Jólatillboð aldarinnar

1

Pú kaupir Medion 40" LCD sjónvarp eða Medion 42" plasmasjónvarp...

40"
LCDsjónvarp

HDTV READY

VAR AG LENDA

19.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

239.988
STARGREITT

MEDION

40" LCD SJÓNVARP 30140

- HD Ready LCD sjónvarp
- Upplausn 1366 x 768
- 1000:1 í Skerpu
- Birta 500cd/m2
- Mynd í Mynd (PIP)
- Textavarp með 2100 síðna minni
- Styður PAL/SECAM/NTSC
- 2 x 10W RMS hátalarar innbyggðir

- 2x SCART, Composite og S-Video
- DVI-I tengi fyrir tölvur og HD efni
- Fullur HDCP stuðningur fyrir HD útsendingu

Mynd í mynd

Hægt að sjá hvað er í gangi í sjónvarpinu á meðan þú horfir á DVD eða eitthvað annað



HD Ready

Styður næstu kynslóð af BlueRay og HD-DVD spillurum sem verða með mun meiri upplausn og skýrari mynd.



Tengdu við tölvuna

Stafrænt tölvutengi svo þú getur notað sjónvarpið sem risatölvuskjá! Gerist ekki betra fyrir nýjustu leikina!

Ótal tengimöguleikar

Tvö Scart tengi, Component tengi og S-Video tengi þýðir að þú getur tengt nóg af græjum við án þess að lenda í vandræðum.

Skýrari mynd

Venjuleg sjónvörp eru með 640 x 480 upplausn. Medion 40" LCD getur sýnt 1366 x 768 línur eða þrefalt skýrari mynd en gamla tæknin ræður við.

42"
Plasmasjónvarp

HDTV READY

Skerpa 10.000:1

40% skýrari mynd*

15.799
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

189.588
STARGREITT

MEDION

Glerstandur!

42" Plasmasjónvarp MD35798

- Mynd í Mynd (PIP)
- Tveir sjónvarpsmóttakarar
- Mikil skerpa, 10000:1
- Birta 1000cd/m2
- Textavarp með 2100 síðna minni

- HDTV stuðningur, 720p, 1080i
- HDCP stuðningur
- Innbyggðir viðöma hátalarar
- Vönduð ál yfirbygging
- Styður PAL/NTSC/SECAM

- DVI-I tengi sem styður VGA og DVI búnað
- 2 EURO SCART tengi
- Composite video tengi (RCA)
- S-Video tengi (MINI DIN)
- Þyngd án stands: 38kg

Miklir tengimöguleikar

2 SCART tengi og S-Video tengi sem gera þér kleift að tengja sjónvarpið við tölvu og nota sem RISAstóran tölvuskjá ásamt mörgum öðrum tengimöguleikum.



Mynd í mynd

Ekki missa af neinu, þú getur horft á tvær sjónvarpsstöðvar í einu. Þú getur haft sem hornmynd eða skipt stöðvunum jafnt á skjáinn.



2

...skilar gamla sjónvarpinu þínu...

Tegund, stærð, ástand, aldur eða áhorf sjónvarpsins skiptir ekki máli, bara að það sé eða hafi verið sjónvarp.

3

...færð Sony heimabíó og 11 DVD myndir

SONY
SONY HEIMABÍÓ DA#DA2100
DAVD2100

- S-Master Digital Magnari
- BV720 Watt • Útvarp FM/AM RDS
- A/V Sync • Fjólkerfa • Mutli Stereo
- Spilar CD-/CD-RW/DVD+/R/DVD+RW/DVD-R/DVD-RW
- VCD/S-VCD/MP3/JEG/DVIX
- Dolby Digital, DTS og PLII
- Hljóðtengi fyrir sjónvarp
- Fjarstýring

SONY GÆÐI

35.999

Klikkaður kaupauki!

Nú er ráð að skipta um tæki!

BT

Keppnin um fyrstu andlitságræðsluna

Isabelle Dinoire var fyrsta konan sem fékk grætt á sig andlit annarrar manneskju, en hundur hafði bitið hana í andlitið. Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir fer yfir sögu Dinoire og blendnar tilfinningar lækna og siðfræðinga vegna ígræðslunnar.

Blendnar tilfinningar bærðust meðal lækna og siðfræðinga þegar spurðist að Isabelle Dinoire, konan sem fyrst allra fékk grætt á sig andlit annarrar manneskju, hefði ásamt læknum sem framkvæmdu aðgerðina undirritað samning við fyrirtæki um einkaleyfi á myndum af henni.

Samningurinn tryggir Dinoire fjárhagslegan ávinning af heimildarmynd sem gerð verður og ljósmyndum sem teknar voru í aðgerðinni. Læknar deila í fjölmiðlum um hvers vegna aðgerðin var framkvæmd. Hvort læknarnir hafi gert hana til að verða fyrstir að græða nýtt andlit á sjúkling og hvort þeir hafi látið siðferðislegar spurningar lönd og leið. Spurt er hvort Dinoire sé í nægilegu andlegu jafnvægi til að takast á við afleiðingar aðgerðinnar. Fregnir herma að hún hafi hafi ætlað að stytta sér aldur kvöldið örlagaríka í lok maí þegar hundurinn hennar beit af henni andlitið. Einstakir læknar hræðast að fjölmiðlafárið eftir aðgerðina hafi áhrif á batahorfur Isabelle Dinoire.

Læknarnir hagnast

Breski fjölmiðillinn The London Times upplýsti í síðustu viku að þremur mánuðum áður en hin þrjátíu og átta ára Dinoire gekkst undir aðgerðina hefði bæði hún og læknameymið skrifað undir samninginn við Microsoft's Crofts-fyrirtækið. Margir sérfræðilæknar telja að samningurinn hafi orðið til þess að Dinoire ákvað að verða fyrst allra til að fá grætt á sig andlit, en einnig að slíkir samningar



FYRIR AÐGERÐ Læknarnir velja fyrir sér hvernig best sé að samræma andlitið tvö. Báðar reyndu konurnar sjálfsvíg. Annarri mistókst og fékk andlit hinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

hvetji lækna til að framkvæma aðgerðir sem ekki hafi verið reyndar áður.

Lýtalæknir og prófessor við læknskóla í Boston í Bandaríkjunum, Raffi Der Sarkissian, er einn þeirra. Hann segir aðgerðina skrípaleik. Sjálfur myndi hann aldrei selja myndefni úr svo áhættusömum aðgerðum. Það geti ýtt undir að tímamótadgerðir séu framkvæmdar fyrir peninga og upphafningu lækna sem þær framkvæmi.

Prófessorinn Rosamond Rhodes, sem kennir líffræðilega siðfræði við Háskólann í Virginíu í Bandaríkjunum, taldi þó að Dinoire hefði að öllum líkindum tekið samningnum feginshendi. „Jafnvel þó franska heilbrigðisferfið greiði allan kostnað við aðgerðina er erfitt að sjá að Dinoire hefði getað unnið fyrir sér fyrir aðgerðina. Það getur hún ekki

gert á meðan hún jafnar sig. Þá er allsendis óvíst að hún finni vinnu í framtíðinni,“ segir Rhodes.

Læknar hræðast einnig að Dinoire hafi ekki gert sér grein fyrir hve áhættusöm aðgerðin væri og hvaða áhrif hún hefði á geðheilsu hennar. Jonathan Moreno, sérfræðingur í siðfræði læknafræðinnar, sagði við ABC-fréttastofuna að hann vonaði að franska læknameymið myndi rannsaka sálarástand hennar. „Læknar eiga að vernda sjúklinga sína, sem hljóta að vera í sálarflækju í þessari aðstöðu.“

Kallað eftir rannsókn

Prófessor Emmanuel Hirsch, sem situr í nefnd á vegum eftirlitsstöðvar í Frakklandi sem veitir leyfi fyrir aðgerðum af þessari gráðu, hefur kallað eftir rannsókn á því hvort skurðlæknarnir sem stóðu að aðgerðinni hafi sneitt hjá þeim siðferðislegu spurningum sem vöknudu, til þess eins að geta framkvæmt andlitságræðsluna fyrstir. Hann segir að nefndin hafi ekki vitað af fyrirætlunum.

„Ég hef það á tilfinningunni að aðgerðinni hafi verið hraðað og svara við ýmsum knýjandi spurningum hafi ekki verið leitad,“ er haft eftir Hirsch í The Guardian. „Við erum að tala um hreina tilraunastarfsemi. Sjálfur hef ég mínar efasemdir um þessa aðgerð. Mig langar að vita hvers vegna okkur var ekki sagt frá henni.“ Framkvæmdastjóri stöðvarinnar, Carine Camby, bar í bætiflaka fyrir læknameymið og stöðina og sagði umsóknina hafa borist strax í maí. Nefndin sem Hirsch sitji í hafi hins vegar ekki verið sett á laggirnar fyrr en í september. Þá hafi verið of seint að láta hana úrskurða í málinu.

Comby bar einnig fyrir sig að siðfræðingarad Frakklands hefði í fyrra sæst á að hluti af andliti einnar manneskju væri græddur á aðra en þó aðeins í sérstökum tilvikum.

Sjálfsmorðstilraun eða ekki?

„Dinoire líður frábærlega líkamlega,“ sagði skurðlæknirinn Bernard Devauchelle á mánudaginn. Andlega líði henni rétt nægilega vel, sem skýrðist af því mikla álagi sem hún væri undir vegna ágangs fjölmiðla. Misvísandi fréttaflutningur væri konunni erfíðastur. Aftur og aftur kæmu fram sögusagnir um að hún hefði reynt að fremja sjálfsmorð kvöldið sem hundurinn beit af henni andlitið.




KONAN EFTIR AÐGERÐ Ekki er ljóst hvort líkami Dinoire samþykkir nýja andlitið. Hún verður á lyfjum það sem eftir er til að halda ónæmiskerfinu niðri. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Eins að líffæragjafinn hefði hengt sig.

Sjálfur hefði hann ekki séð ummerki þess er hann fjarlægði hluta andlitsins af líkinu. Hann hefði ekki talið konuna heppilegan líffæragjafa ef hann hefði vitað af slíkum dauðdaga, af hræðslu við að vefjirnir í andliti hafi hefðu skemmst. Devauchelle tekur undir þær raddir lækna sem segja ágang fjölmiðla og deilur lækna hafa áhrif á bata frönsku konunnar.

Isabelle Dinoire missti hluta andlitsins 27. maí síðastliðinn. Staðarblað hafði þá eftir dóttur Dinoire að hundurinn hefði klórað og bitið andlit móður hennar eftir að



TÖLVUTEIKNING AF ÁVERKUNUM Sálfræðingur Dinoire sagði að það hefði verið óbærilegt að fylgjast með henni fyrir aðgerðina. Hauskúpan hefði sést í gegnum sárið. Henni hefði líðið eins og hún horfði á lífið og dauðann á sama tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

hún hefði gleypst of stóran skammt af svefntöflum. Hún hefði ætlað að stytta sér aldur. Staðfesti Dinoire það í stuttu viðtali við The Sunday Times í byrjun mánaðarinnar.

Bandarískir læknar hafa gagnrýnt að Dinoire hafi orðið fyrir valinu sem fyrsti andlitsþegning vegna sjálfsmorðtilraunarinnar, en frönsku læknarnir segja að þótt fólk reyni að fyrirfara sér eigi ekki að afskrifa það sem óheppilega líffæraþega.

Jean-Michel Dubernard, sem fer fyrir læknameyminu sem stóð að aðgerðinni, neitar því reyndar að Dinoire hafi ætlað að fyrirfara sér. Hún hafi tekið svefntöflurnar til að slaka á. Hundurinn hafi ráðist á hana þegar hún steig á hann í lyfjavímuni. „Hún tók tvo eða þrjú skammta af svefntöflunum og var vakin af hundinum,“ sagði hann í símaviðtali. „Hún var ekki að reyna að fremja sjálfsvíg.“ Telja margir að með þessum orðum séu læknarnir að reyna að verjast gegn þeim gagnrýnisröddum að þeir hafi aðeins viljað vera fyrstir til að framkvæma andlits-skiptin.

Fyrrum læknar Dinoire, nágarnar og aðrir sem þekktu til hennar standa þó enn á sínu og segja að hún hafi verið þunglynd og að þeir telji að hún hafi ætlað að fyrirfara sér kvöldið örlagaríka.

Sálarqualir Dinoire gætu þó aukist. Einstakir læknar telja að það geti orðið henni erfitt að horfa í spegil og sjá kinnar, nef og munn líffæragjafans sem hafi tekist að stytta sér aldur. Um það er reyndar einnig deilt. Franski læknirinn Olivier Jardé, sem kom að undirbúningi aðgerðarinnar, hefur staðfest að líffæragjafinn hafi framið sjálfsmorð. Hins vegar hefur útfararstjórinn eftir fjölskyldu hinnar látnu að hún hafi látist af slýsförum.

Langt í bros Isabelle

Sálfræðingar bjuggu Isabelle Dinoire undir aðgerðina og þær breytingar sem yrðu á lífi hennar við ágræðslu andlitsins. Hún verður á lyfjum það sem hún á eftir ólifað svo líkaminn hafni ekki húðinni. Hún þarf að setta sig við nýtt útlit, hluta andlits sem áður tilheyrði annarri manneskju.

Devauchelle segir að í það minnsta sex mánuðir líði áður en ljóst verði hvort Isabelle Dinoire fái tilfinningu í nýja andlitið. Hann neitar að taka þátt í frekari rökræðum í fjölmiðlum og segist ekki vera siðfræðingur eða heimspækingur. Hann sé læknir sem

reyni að hjálpa sjúklingi sínum. Þegar hann var spurður að því hvort hann hefði gert aðgerðina til þess að verða fyrstur var svarið: „Það er alltaf gaman að taka framförum, en ekki fyrir framfarirnar sjálfar heldur fyrir sjúklingana.“

Áður en frönsku læknarnir gerðu aðgerðina á Dinoire hafði fjöldi læknameyja í mörgum löndum, þar á meðal tvö í Bandaríkjunum, tilkynnt að þau myndi framkvæma svona aðgerð þegar réttu líffæragjafarnir myndu.

Heimildir: ABC News, The New York Times, The Guardian.

Ekki þrautalaus ævi Isabelle Dinoire:

Rænulaus eftir rifrildi

Isabelle Dinoire ólst upp í iðnaðarbænum Maubeuge nálægt belgísku landamærunum í Norðaustur-Frakklandi. Þegar faðir hennar lést flutti Isabelle með móður sinni í félagsbústaði í Mary, sem er um 35 kílómetra frá Valenciennes.

Dinoire giftist og eignaðist tvær dætur, sem núna eru þrettán og sautján ára, en skildi fyrir þó nokkuð mörgum árum. Hún vann áður í hannyrdavarslun en hafði verið atvinnulaus í ár þegar slysið átti sér stað. Hún hafði barist við þunglyndi og tekið geðlyf og svefntöflur.

Hún reifst við aðra dóttur sína kvöldið örlagaríka og lognaðist útaf í sófanum eftir að hafa tekið svefnpillurnar. Hundurinn hennar Tania, svartur labrador, beit af henni varinnar, nefið og aðra kinnina. Jeanne-Marie Binot, framkvæmdastjóri dýravinafélags í bænum, sagði atferli hundsins ekki óeðlilegt. Hundar væru kjötætur en

myndu aðeins leggja sér líflaust fólks til munns.

Forseti franska svæfingarlækna, Michel Levy, segir að þar sem hún hafi ekki vaknað við sársaukann þegar húðin rifnaði frá andliti hlyti skammturinn af svefnlyfjunum að hafa verið allt of stór. Önnur eða báðar dætur hennar fundu hana daginn eftir áganginn og hringdu í neyðarlínum.

Isabella fékk aðhlyningu á háskólasjúkrahúsi í Amiens undir eftirliti Devauchelle, sem fljótlega ákvað að hún væri vænlegur líffæraþegi. Fram að þeim tíma gekk hún með læknafrámi um vitin til að forðast neikvæða athygli samborgaranna. Labrador-hundurinn fór í dýraathvarf, fékk virussýkingu og drapst tveimur vikum síðar. Sagt er að Dinoire hafi ekki hætt að reykja þrátt fyrir áverkana.

Næstu sex mánuðir skera að sögn lækna úr um hvort hún muni geta hreyft andlitið eðlilega.

Íslensk tónlistarjól

OPIÐ
til kl. 22
öll kvöld til jóla

ÁRITAR Í SMÁRALIND
KL. 14:00



BJÖRGVIN HALLDÓRS - Ár og öld

ÁRITAR Í SKEIFUNNI
KL. 14:00 ÁRITAR Í KRINGLUNNI
KL. 15:00



BERGSVEINN - September

ÁRITAR Í SKEIFUNNI
KL. 16:00 ÁRITAR Í SMÁRALIND
KL. 18:00



MATTI - Ólýsanleg



ÓSKAR PÉTURSSON - Þú átt mig ein

ÁRITA Í SMÁRALIND
KL. 13:00 ÁRITA Í KRINGLUNNI
KL. 18:00



NYLON - Góðir hlutir

ÁRITA Í SMÁRALIND
KL. 20:00



SKÍTAMÓRALI - Má ég sjá

ÁRITAR OG SPILAR Í
SMÁRALIND KL. 17:00



HELGI BJÖRNS - Yfir Esjuna

ÁRITAR Í SMÁRALIND
KL. 15:00 ÁRITAR Í KRINGLUNNI
KL. 16:00



GARDAR THOR CORTES - Cortes

ÁRITAR Í KRINGLUNNI
KL. 14:00



PÁLL RÓSINKRANZ - Christmas songs

ÁRITAR Í SKEIFUNNI
KL. 15:00 ÁRITAR Í KRINGLUNNI
KL. 19:00



RAGNHEIÐUR GRÖNDAL - After the rain

ÁRITA OG SPILA Í
SMÁRALIND KL. 19:00



HEITAR LUMMUR

ÁRITA OG SPILA Í
SMÁRALIND KL. 16:00 ÁRITA OG SPILA Í
KRINGLUNNI KL. 17:00



GUÐRÚN & FRÍÐRIK - Ég skemmti mér

ÁRITAR Í SKEIFUNNI
KL. 17:00



BRYNHILDUR G. - Grr...

ÁRITAR Í SPÖNGINNI
KL. 14:00



YLFA LIND - Petite Cadeau

UPPÁKOMA Í SKEIFUNNI
KL. 13:00 UPPÁKOMA Í SPÖNGINNI
KL. 15:00



KÁTIR KRAKKAR & TRÖLLAPÉTUR

ÁRITA Í SMÁRALIND
KL. 12:00



SPARK - Lífið er leikur

ALLUR ÁGÓÐI RENNUR TIL
RAUÐA KROSS ÍSLANDS



ÍRAFÁR



ÚR VÍSNAÞÓK HEIMSINS



MAGNÚS ÞÓR - Hjóð er nótt

ÁRITAR Í KRINGLUNNI
KL. 20:00



SOLLA - Melodia

Gildir til 19. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

[SEÐLABANKASÖGUR II]

Máttlíttill undangengin ár

Þorvaldur Gylfason hagfræðiprófessor tók þennan texta upphaflega saman í þrem hlutum handa vikuritinu Vísbendingu. Þegar upp var staðið, þótti fara betur á því, að efnið kæmi fyrir sjónir breiðari lesendahóps, svo að úr ráði varð að birta það heldur í tvennu lagi hér í Fréttablaðinu. Fyrri hlutinn birtist í gær.

Seðlabanki Íslands hefur prýðilegum hagfræðingum á að skipa, mönnum, sem myndu sóma sér vel í starfslíði erlendra seðlabanka. Það er ekki sízt þeirra verk, að nýju seðlabankalögin frá 2001 kveða á um nútímalegt verðbólgaþætti að erlendra fyrirmynd og gagnsæri peningastefnu en áður og verklag- ið í bankanum hefur batnað undangengin ár í skjóli nýju laganna. Og það er að sönnu ekki þeirra sök, að sjálfstæði Seðlabankans samkvæmt lögunum hefur ekki verið viðurkennt í reynd, og ekki heldur, að verðbólga hefur langtíman saman verið yfir lögboðnum þolmörkum. Það ætti að segja sig sjálf, að eðlilegt væri að gera sömu hæfniskröfur til bankastjórnanna. Hvaða kröfur eru það?

Tvær kröfur

Seðlabankastjórnin þarf að lifa og hræst í efnahagsmálum og helzt að vera hagfræðingur fram í fingurgóma, og þá á ég ekki við þess konar kjaftavit um efnahagsmál, sem menn geta komið sér upp í áralöngu stjórnmalavafstri, heldur saman mikla og góða þjálfun, reynslu og dómgreind, sem gerir honum kleift að fjalla af hyggindum og yfirgripsmikilli þekkingu um þjóðarbúskapinn og heimabúskapinn og leiða stefnumótun bankans og fylgjast gerla með því, sem efst er á baugi í bankamálum, fjármálum og hagstjórn í öðrum löndum. Því er stundum haldið fram, að seðlabankastjórn sé list ekki síður en vísindi, og það er ýmislegt til í því, en sú kenning leysir bankastjórnendur ekki undan þeirri kvöð að kunna sitt fag.

Hin höfuðkröfan er sú, að seðlabankastjórnin þarf að neyta sjálfstæðis seðlabankans samkvæmt lögum með því að taka þátt og stundum beinlínis frumkvæði í almennum umræðum um efnahagsmál og hagstjórn. Það getur hann gert með því að vara t.d. við lausatökum í ríkisfjármálum, erlendra skuldaföfnun og ýmsum skipulagsbrestum í atvinnulífnum, þ.e. með því að leggja gegn öllu, sem getur leitt til aukinnar verðbólgu. Pólitískt skipaðir seðlabankastjórnar geta ekki rækt þetta fortöluhlutverk að neinu gagni: hvornig á Ketill skrækur að geta skammað Skugga-Svein? Þannig hefur Seðlabanki Íslands staðið máttlíttill frammi fyrir gríðarlegri skuldaföfnun í útlöndum og meðfylgjandi útlánaaukningu bankanna undangengin ár: bankinn hefur að vísu hækkað stýrivexti,

en umvandani hans - tilraunir til að setja rækilega ofan í við bankana og stjórnvöld til að fá þau til að rétta kúrsinn af - hefðu lítinn sem engan árangur getað borið eins og allt var í pottinn búið. Aðalbankastjórnin fyrrverandi var fyrirvaralaust látinn taka pokann sinn um leið og flokksformanni hans þóknadist að færa sig yfir í bankann nú í haust, af því að setan í ríkisstjórninni var af ýmsum ástæðum orðin óþægileg: bara það segir allt, sem segja þarf um sjálfstæði Seðlabankans hvað sem lögunum líður. Erlendar skuldir þjóðarbúsins í lok september 2005 námu 235% af landsframleiðslu. Fólkið í landinu lifir langt um efni fram. Viðskiptahallinn 2005 nemur 13% af landsframleiðslu, sem er Íslandsmet, og verður 12% 2006 skv. spá Seðlabankans. Ef gengi krónunnar fellur, munu vaxtagreiðslur af lánum innan lands og utan rjúka upp. Munu menn þá finna fyrir ýmsum veikleikum og vanrækslu í hagstjórn undangenginna ára, enda þótt hagstjórnarfarið hafi að sönnu breytt til batnaðar í ýmsum greinum.

Stjórnmal

Starfsreynsla forsætisráðherra hentar ekki vel til seðlabankastjórnar, enda tíðkast það varla nokkurs staðar á byggðu bóli, að menn færi sig úr forsætisráðuneytinu yfir í seðlabankann. Til þess liggja ekki aðeins augljósar velsæmisástæður, heldur einnig hagnýtar ástæður. Forsætisráðherrann er eðli málsins samkvæmt eins og aðrir stjórnmalamenn of náteygur þeim stjórnmalahagsmunum, sem sjálfstæðum seðlabanka er ætlað að hafa þrek til að standa gegn. Forsætisráðherra er verkstjóri ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma og leggur línurnar, og til þess starfs veljast jafnan ekki aðrir en þeir, sem njóta mikils álits í sínum röðum, þótt almannahyllin láti oft á sér standa af ástæðum, sem ekki er rúm til að rekja hér. Rýrt traust almennings á stjórnmalamönnum samkvæmt iðulegum viðhorfskönnunum er annað veikleikamerki okkar unga lýðveldis og rýrir jafnframt trúverðuleika seðlabankans, ef

stjórnmalamennirnir halda áfram að raða hver öðrum og sjálfum sér þangað inn eins og tíðkast hefur hér heima. Þess vegna m.a. ættu ekki aðrir að koma til álita sem seðlabankastjórnar en þeir, sem njóta almennrar virðingar og trausts meðal hagfræðinga og annarra, sem bera glöggst skynbragð á gang efnahagsmálanna innan lands og utan. Seðlabankastjórnar þurfa á hinn bóginn ekki að njóta almannahylli, ekki frekar t.a.m. en flugstjórnar, lækna eða dómara.

Það er eðlilegt, þótt ekki sé það heppilegt, að forsætisráðherra sé líkt og aðrir stjórnmalamenn hlynntur lausatökum í hagstjórn, þegar dregur af kosningum. Lífið er þannig. Einmitt þess vegna þarf að búa svo um hnútana í lögum, reglum og reynd, að forsætisráðherrann og aðrir stjórnmalamenn hafi ekki tók á að skipta sér af útfærslu og framkvæmd stefnu seðlabankans í peningamálum, ekki frekar en þeir eiga að geta skipt sér af afgreiðslu mála í Hæstarétti eða stefnu farþegaflugvéla. Lögin í landinu

Veik staða

Það var að minni hyggju misráðið á sínum tíma að færa eftirlit og umsjón með stjórn efnahagsmálanna yfir til forsætisráðuneytisins. Það hefði verið heppilegra að hafa efnahagsmálin áfram í fjármálaráðuneytinu og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, sem ætti reyndar fyrir löngu að hafa sameinast nokkrum öðrum ráðuneytum í einu atvinnuráðuneyti til að draga úr togstreitu milli atvinnuvega og jafna aðstöðu þeirra, eða þá fela efnahagsmálin sérstöku efnahagsráðuneyti. Núverandi skipan hefur dregið úr yfirsýn forsætisráðherrans yfir sviðið allt, og ég hygg, að langvarandi vanrækslu heilbrigðis- og menntamálna og meðfylgjandi ófremdarástand víða í þeim mikilvægu

ins, sem eyddi öllum stríðsgróðanum eins og hendi væri veifað eftir síðari heimsstyrjöldina, og það er með líku lagi ríkisstjórn undir forsæti Sjálfstæðisflokksins, sem hefur horft á erlendar skuldir þjóðarbúsins fjórfaldast miðað við landsframleiðslu á örfáum árum án samsvarandi eignamyndunar á móti og án þess að segja múkk.

Öll þau rök, sem hér hafa verið rakin, ber að einum brunni. Seðlabanki Íslands þyrfti að lúta faglegri stjórn í stað þeirrar pólitísku stjórnar, sem hann hefur lotið síðustu ár og lýtur enn. Fleira hangir á spýttunni. Ef bankinn lyti faglegri og hæftri stjórn, þá væri hann nú þegar búinn að vinna talsvert af þeirri undirbúningsvinnu, sem vinna þarf til að búa Ísland undir umsókn um aðild að Evrópusambandinu, ef á skyldi reyna. Sjálfstæður og ábyrgur seðlabanki undir faglegri stjórn myndi vinna slíka vinnu í tækan tíma til að vera við öllu búinn og þurfa ekki að láta bíða eftir sér, ef kallið kemur, og hann myndi ekki bíða eftir tilskipunum úr stjórnarráðinu. Það er ólíklegt, nánast óhugsandi, að núverandi bankastjórn Seðlabankans muni beita sér fyrir slíkum undirbúningi innan bankans til að vinna tíma. Formaður bankastjórnarinnar er stjórnmalamaður og virðist telja flokk sinn hafa hag af því, að Ísland verði áfram utan Evrópusambandsins og taki ekki upp evruna í stað krónunnar, úr því að hann og flokkur hans hafa lýst þeirri skoðun í stjórnmalabaráttunni. Þess vegna er hætt við því, að þessi eindræga afstaða spilli getu bankans á næstunni til að gera gagn á þessu sviði, og það er bæði bagalegt og dyrt.

Valldreifing

Hugmyndin um sjálfstæða seðlabanka skv. lögum er sprottin af þörfinni fyrir virkt lýðræði og valldreifingu. Peningamál og stjórnmal eru vond blanda vegna þess, að stjórnmalamönnum hættir til að misbeita valdi sínu í peningamálum. Reynslan sýnir það. Stjórnmalamenn eiga ekki heima í seðlabankastjórn um vegna þess, að seta þeirra þar grefur undan lögboðnu sjálf-

Því er stundum haldið á loft, að sjálfstæðir seðlabankar ógni lýðræðislegum stjórnarháttum, en það eru falsrök, sem engum lýðræðissinna myndi detta í hug að halda fram um sjálfstæða dómstóla, háskóla eða frjálsa fjölmiðla.

staði seðlabankanna. Jafnvel vel menntaðir og þaulreyndir hagfræðingar úr hópi stjórnmalamanna henta yfirleitt ekki heldur vel sem seðlabankastjórnar, þar eð þeir eru eins og hinir of náteygdir stjórnmalum og stjórnmalahagsmunum. Dómsmál og stjórnmal eru með líku lagi vond blanda, af því að dómstólar þurfa einnig að vera óháðir stjórnmalahagsmunum. Stjórnmalamenn eiga ekki heima í réttarsölum. Þetta segir sig sjálf í dómsmáladæminu, og samt hefur það færzt í vöxt að undanfögnu, að menn skipi frændur og vini í dómastöðum í Hæstarétti Íslands.



HAGSTJÓRN OG SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

Ábyrg hagstjórn hefur yfirleitt ekki verið aðalsmerki Sjálfstæðisflokksins. Það var ríkisstjórn undir forsæti Sjálfstæðisflokksins, sem eyddi öllum stríðsgróðanum eins og hendi væri veifað eftir síðari heimsstyrjöldina, og það er með líku lagi ríkisstjórn undir forsæti Sjálfstæðisflokksins, sem hefur horft á erlendar skuldir þjóðarbúsins fjórfaldast miðað við landsframleiðslu á örfáum árum án samsvarandi eignamyndunar á móti og án þess að segja múkk.

eiga að tryggja, að djúpstæður ágreiningur milli ríkisstjórnar og seðlabankans, ef til slíks kemur, fái heilbrigða og lýðræðislega úrlausn. Sjálfstæður seðlabanki þarf vitaskuld að lúta leikreglum lýðræðisins ekki síður en t.a.m. sjálfstæðir dómstólar. Sjálfstæði og ábyrgð þurfa að haldast í hendur. Því er stundum haldið á loft, að sjálfstæðir seðlabankar ógni lýðræðislegum stjórnarháttum, en það eru falsrök, sem engum lýðræðissinna myndi detta í hug að halda fram um sjálfstæða dómstóla, háskóla eða frjálsa fjölmiðla. Virkt lýðræði kallar á valldreifingu. Það er þó ekki nóg að greina framkvæmdarvald frá löggjafarvaldi og dómsvaldi. Það þarf einnig að greina ýmsa þætti framkvæmdarvaldsins hvern frá öðrum. Kröfan um sjálfstæða seðlabanka er náskyld kröfunni um einkavæðingu ríkisfyrirtækja, kröfunni um minni hlutun stjórnmalamanna til hagsbóta fyrir fólkið.

Vodafone live!



Hringitónar



Fréttir og Íþróttir



Leikir



Skemmtun

**KOMDU Í SPENNANDI HEIM
AFÞREYINGAR OG UPPLÝSINGA**



Vodafone Live! SIM

16.900 kr.

MOTOROLA V360v

Smelltu þér á www.ovodafone.is, Tarðu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.

og  Heyrumst!

Sjálfstæður seðlabanki þarf að vera hlutlaus gagnvart stjórn og stjórnarandstöðu: hann verður að njóta trausts og virðingar báðum megin við borðið. Sjálfstæður seðlabanki þarf að veita ríkisstjórninni aðhald, ekki pólitískt aðhald, það er ekki í hans verkahring, heldur strangt og óvilhælt efnahagsaðhald. Forsætisráðherra getur ekki með góðu móti borið fullt traust til seðlabanka, sem er stýrt af fyrrverandi höfuðandstæðingi á vettvangi stjórnmalanna. Þetta getur skapað togstreitu og úlfúð og spilt hagstjórninni, ekki sízt ef seðlabankastjórnir sýnir engin merki þess, að hann sé hættur að skapa ókyrrð í kringum sig og illindi. Og það er ekki heldur trúverðugt, ef hann varpar yfir sig huliðshempu og þykist allt í einu vera steinhættur að stofna til átaka. Steingrímur Hermannsson mátti eiga það, að hann lét lítið á sér bera þau ár, sem hann sat í bankastjórn Seðlabankans. Hann má einnig eiga það, að hann hefur látið á sér skiljast, að hann sjái hálfpartinn eftir því að hafa tekið sér sæti þar. Aðrir mættu gjarnan taka hann sér til fyrirmyndar að þessu leyti.

Bankaráð Seðlabankans er kapituli út af fyrir sig. Þar sitja menn, sem hafa viðurkennt opinberlega, að hinir hæfustu menn veljist ekki inn í bankastjórnina af stjórnmaláæstæðum, og hafa um leið lýst þeirra skoðun, að laun seðlabankastjóra þurfi að fylgja launum bankastjóra viðskiptabankanna. Það er engu líkara en þessum bankaráðsmönnum sé ókunnugt um það, að viðskiptabankarnir eru nú einkabankar og laun bankastjóranna þar eru tengd

afkomu bankanna. Einn þeirra orðaði þessa hugsun svo: „Seðlabankinn getur auðvitað ekki verið eitthvert eyland.“ Fólkið í landinu stendur varnarlaust frammi fyrir slíkum málflutningi, og ég get eiginlega ekki annað gert en vísa góðfúsum lesendum á bækur eins og t.d. On Bullshit eftir bandaríska heimspekinginn Harry G. Frankfurt (Princeton University Press, 2005).

Seðlabankar geta notið trausts og virðingar meðal almennings og gera það víðast hvar. Seðlabanki Bandaríkjanna er ekki hafinn yfir gagnrýni, en hann nýtur almenns trausts og virðingar vegna þess, að Bandaríkjamenn gera strangar hæfniskröfur til sinna seðlabankastjóra. Ef forseti Bandaríkjanna tæki upp á því að tilnefna óhæfan mann í bankastjórnina, t.d. sjálfan sig, myndi

slík útnefning að öllum líkindum stranda í þinginu. Bandaríkjamenn hafa sett sér stjórnarskrá, sem tryggir skýra aðgreiningu löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds - stjórnarskrá, sem þeir halda í heiðri. Þetta þurfa þeir að hugleiða stjórnmalamennirnir, sem hafa haldið áfram að raða sjálfum sér og hver öðrum í bankastjórn Seðlabanka Íslands. Ábendingin er brýn vegna þess, að þetta eru sömu menn og brutu stjórnarskrá lýðveldisins með því láta undir höfuð leggjast að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarp ríkisstjórnarinnar til fjölmiðlalaga, eftir að forseti Íslands synjaði lögunum undirskriftar sumarið 2004.

Höfundur er prófessor í hagfræði í Háskóla Íslands.

DAVÍÐ ODDSSON

Ef Seðlabankinn lyti faglegri og hæftri stjórn, þá væri hann nú þegar búinn að vinna talsvert af þeirri undirbúningsvinnu, sem vinna þarf til að búa Ísland undir umsókn um aðild að Evrópusambandinu, ef á skyldi reyna. Sjálfstæður og ábyrgur seðlabanki undir faglegri stjórn myndi vinna slíka vinnu í tækan tíma til að vera við öllu búinn og þurfa ekki að láta bíða eftir sér, ef kallið kemur, og hann myndi ekki bíða eftir tilskipunum úr stjórnarráðinu. Það er ólíklegt, nánast óhugsandi, að núverandi bankastjórn Seðlabankans muni beita sér fyrir slíkum undirbúningi innan bankans til að vinna tíma. Formaður bankastjórnarinnar er stjórnmalamaður og virðist telja flokk sinn hafa hag af því, að Ísland verði áfram utan Evrópusambandsins.



ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
201 KÓPAVOGUR

Opið um helgina: lau 10:00-18:00 - sun 13:00-18:00

Borð (180x100) og sex stólar
Verð áður: 140.000.-
Verð nú: **126.000.-**



PÓRÐUR FRIDJÓNSSON



Það er eftirsjá að Þjóðhagsstofnun, því að hún vann gott starf undir stjórn Jóns Sigurðssonar, Þórðar Friðjónssonar og Friðriks Más Baldurssonar, og aðrar stofnanir og ráðuneyti hafa að minni hyggju ekki náð að fylla skarðið, sem hún skildi eftir sig.

GEIR HALLGRÍMSSON



Geir bar glögg skynbragð á efnahagsmál, enda gerðu ungir sjálfstæðismenn sumir óspart grín að honum, þegar hann var forsætisráðherra. Sá, sem þótti myndastur í hópnun og þykir enn, sagði, að Geir talaði eins og blaðafulltrúi þjóðhagsstofnunar, ha ha ha, enda átti Geir löngum undir högg að sækja í Sjálfstæðisflokknum, þótt hann væri formaður flokksins um skeið.



Sjónvarpskenkur
200cm
Verð: **67.000.-**

ego dekor

Stækkanlegt borð 160(45+45)x100) og sex stólar

Verð áður: 170.000.-

Verð nú:

153.000.-


Skenkur 125cm háar

Verð:

108.000.-



Veggskápur
Verð: **29.500.-**



Sjónvarpskenkur
Fáanlegur í tveimur stærðum
240cm
Verð: **69.000.-**
183cm
Verð: **65.000.-**
Hilla með ljósi
Verð: **29.500.-**





FIARSKA FALLEG Séð yfir Havana, sem var eitt sinn ein glæsilegasta borg Karíbahafsins.

Á ferð um Gömlu konuna

Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, flýði jólastressið og brá sér til Havana í lok nóvember.

Frí um jólin eru tiltölulega nýtt fyrirbrigði á Kúbu Fidels Castro. Það var ekki fyrr en 1997 sem einræðisherrann aldri ákvað að jóladagur skyldi vera almennur frídagur, jafnvel þótt aðeins rétt um helmingur íbúa trúir á frelsarann.

Höfuðborgin Havana, eða Gamla konan eins og hún er kölluð, er stærsta borg Kúbu með 2,5 milljónir íbúa en á allri eyjunni

búa ríflega ellefu milljónir manns.

Borgin má muna sinn fífil fegri eins og sést glögg á niðurníddum húsunum sem hafa fengið lítið sem ekkert viðhald undanfarna áratugi ef undan skilinn er gamli borgarhlutinn, sem hefur fengið andlitslyftingu til að laða ferðamenn til borgarinnar.

En þó að húsnæðið sé ekki það besta eru Havanabúar ótrúlega

lífsglatt fólk sem lætur fátt raska ró sinni.

Mikil fólksfjölgun í borginni hefur leitt til mikillar fjölgunar á bílum og eru umferðartafir orðnar algengari en áður. Gömlu amerísku drossíurnar frá gullaldarum Havana eru þó enn konungar götunnar og drottna yfir Lódum og öðrum evrópskum bílum í þessari skemmtilegu borg. ■



ÞRÖNG Á ÞINGI Þó svo að fátækt sé mikil eiga öll börn möguleika á skólagöngu og ljúka flest prófi.



ELTINGALEIKUR Lítið barn á leik við móður sína í einu af fjölmörgum þröngum húsum Havana.



HVÍLDIN ER GÓÐ Þessi hvíldi lúin bein eftir langan göngutúr enda eru almenningssamgöngur ekki mjög áreiðanlegar á Kúbu.

Vodafone live!



Hringitónar



Fréttir og Íþróttir



Leikir



Skemmtun



Vodafone live! SÍMI

24.900 kr.

MOTOROLA V3 RAZR

og  Heyrumst!

Smelltu þér á www.ogvodafone.is, farðu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.



EINN PESO TAKK Þessi gamla frú situr í dyrgætt nálægt miðbænum og lætur mynda sig fyrir einn peso á mynd, um sextíu íslenskar krónur.

ÁRITANIR

Í SKÍFUNNI Í DAG!

KRINGLAN



Jónsi

Kringlan
kl. 14.00

Helgartilboð
1.999 kr.



Magnús Sigmundsson

Kringlan
kl. 15.00

Helgartilboð
1.999 kr.



Björgvin Halldórsson

Kringlan
kl. 16.00

Helgartilboð
2.499 kr.



Sívía Nótt

Kringlan
kl. 17.00

Helgartilboð
2.999 kr.



Garðar Cortes

Kringlan
kl. 18.00

Helgartilboð
1.999 kr.



Nylon

Kringlan
kl. 19.00

Helgartilboð
1.999 kr.

TÓNLEIKAR OG ÁRITUN Á LAUGAVEGI



Hera

Laugavegur
kl. 15.00

Helgartilboð
1.999 kr.



Magnús Sigmundsson

Laugavegur
kl. 16.00

Helgartilboð
1.999 kr.



Sign

Laugavegur
kl. 17.00

Helgartilboð
1.999 kr.

SMÁRALIND



Garðar Cortes

Smáralind
kl. 14.00

Helgartilboð
1.999 kr.



Helgi Björnsson

Smáralind
kl. 15.00

Helgartilboð
1.999 kr.



Páll Rósinkransz

Smáralind
kl. 16.00

Helgartilboð
1.999 kr.



Jónsi

Smáralind
kl. 17.00

Helgartilboð
1.999 kr.



Solla

Smáralind
kl. 18.00


Helgartilboð
1.999 kr.

Tryggðu þér
heitustu titlana
á tilboðsverði
í Skífunni um
helgina!



...skemmtir þér ;)

TAPÐU ÞÉR Í SUDOKU Á PSP!



Í næstu verslun



JÓLADAGATALIÐ!



ADALVINNINGUR ER JÓLAPAKKI HANNA ALLRI FJÓLSKYLDUNNI!

Adalvinningur að verðmæti **550.000,-**

Sendu SMS skeytið BT BTF á númerið 1900 og þú gætir unnið!
Við sendum þér spurningu tengda BT og jólinum sem þú svarar með SMS skeyti BT A, B eða C á númerið 1900

10. hver vinnur!
10. hver vinnur eitthvað af þessu hér:
MEDION V8 X2 tölvur • PANASONIC heimabíó • Denver DVD spilarar • PANASONIC miniDV tökuvelat • Sony Stafrænar myndavélar • GSM simar • Jólalís Kjörís • PSP tölva • Sony MP3 spilarar • Konfekt frá Nóa Sirius • PlayStation 2 tölvur • Bíómiðar fyrir tvo á The Family Stone • Fullt af geislaplötum • CocaCola kippur • Fullt af DVD • Viking Malt kippur • Fullt af tölvuleikjum • Fri ADSL áskrift hjá BTnet!

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind 19-23. desember milli kl 12-22. 99 kr/skeytið. Með þátttöku ertu kominn í SMS klúbb.

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

3	7	5	6	2	4	8	9	1
6	8	2	5	9	1	7	4	3
4	1	9	8	7	3	5	6	2
8	9	1	7	4	5	3	2	6
2	5	6	9	3	8	4	1	7
7	4	3	2	1	6	9	8	5
9	2	8	3	6	7	1	5	4
5	3	4	1	8	2	6	7	9
1	6	7	4	5	9	2	3	8

	4							8
6			2		8			7
		7	4		1	9		
	8							2
		9	1		2	8		
	6							7
		4	8		5	7		
9			3		6			1
	2							3

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ

STUÐ MILLI STRÍÐA Að deila heila

KRISTJÁN HJÁLMARSSON HEFUR ÁHYGGJUR AF MINNISLEYSI SÍNU.



Áður fyrr átti ég mjög auðvelt með að muna hin ýmsu númer. Ég átti í raun svo auðvelt með það að ég gat þulið upp símanúmer hjá fólki sem ég þekkti nánast ekki neitt en hafði hringt í út af einhverju stöku tilviki.

gرافast fyrir um símanúmer. Fyrir nokkrum árum fór ég að finna fyrir því að minni mitt var farið að gefa sig. Ég átti í mesta basli með að muna einfaldar talnarunur og gat ekki einu sinni lagt farsímanúmer móður minnar á minnið. Í fyrstu hélt ég að það mætti rekja minnisleysi mitt til þess að ég væri farinn að eldast, enda alveg að verða þrítugur. Síðar fann ég þó sökudólginn og það var enginn annar en þarfasti þjónninn – helvítis farsímminn. Vegna farsímans er ég hættur að leggja númer á minnið. Ég slæ þau bara einu sinni inn í símann og vista.

hjá viðkomandi án þess að líta á númerið sjálft. Þetta er svo sem ósköp þægilegt en ég finn hvernig ég hef hætt að nota þann hluta heilans sem áður fór í að leggja tölurnar á minnið. Fyrir vikið finnst mér eins og ég hafi fært farsímanum hluta af heila mínum.

Þessi tölu- eða númeraárátta mín var að vissuleyti svolítið skrýtin. Vinir mínir töldu mig þjást af einhvers konar einhverfu, kölluðu mig Rainman eftir samnefndri bímynd og hringdu frekar í mig en 118 til að

Þegar ég þarf svo að hringja fletti ég einfaldlega upp nafninu

Kannski er þetta bara eðlilegur hluti af þróun mannsins, það er að tileinka sér og treysta á nýja tækni. Það sem skelfir mig þó við þessa uppgötvun er það að farsímminn er aðeins eitt af mörgum tækjum sem ég nota nú til dags. Fyrir vikið hlýt ég að vera farinn að deila heila með allskonar tækjum og tölum sem geta bilað hvenær sem er. Og hvað þá? ■

myndasögur


Pondus

Eftir Frode Overli



Pú og Pa

Eftir SÖB



JÓLIN ERU Í OFFICE 1



FRÁBÆRT VERÐ
4.495,-



FRÁBÆRT VERÐ
4.995,-



99,-
Sprengjutilboð!



FRÁBÆRT VERÐ
1.795,-



FRÁBÆRT VERÐ
3.795,-



FRÁBÆRT VERÐ
2.895,-

Rapidough

Frábært fjölskyldu- og partýspil þar sem þú mótar svörin til sigurs



FRÁBÆRT VERÐ
3.795,-

PARTY & CO

FJÖLSKYLDU- OG PARTÝSPILID
EITT MEST SELDA SPIL Í EVRÓPU



FRÁBÆRT VERÐ
499,-

Drachenland



Sprengju tilboð!

99,-

af öllum jólapappír, pakkaböndum og jólamerkimiðum gildir til jóla

Office 1 Smáratind
Virka daga frá 10-22
laugardaga 10-22
sunnudaga 11-22
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-20
laugardaga frá 11-19
sunnudaga 13-19
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-22
laugardaga frá 10-22
sunnudaga 13-18
Egilsstöðum
Virka daga frá 10-22
laugardaga frá 10-18
sunnudaga 12-20
Afgreiðslutímar verslana!

Office 1 Superstore

Kertaljós og piparkökur



Kl. 15.00
Hrafnhildur Schram verður með leiðsögn um sýninguna **Huldukonur í íslenskri myndlist í Þjóðminjasafni Íslands**. Sýningin fjallar um ævi og verk tíu kvenna sem voru nær allar fæddar á síðari hluta 19. aldar. Þær ruðdu brautina fyrir aðra sem á eftir komu og eiga sinn sess í sögu íslenskrar myndlistar.

menning

menning@frettabladid.is

Ljúp jólastemning við kerta- ljós og piparkökulm verður á söngtónleikum í Norræna húsinu í dag þar sem þau Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona, Hjörleifur Valsson fiðluleikari og Árni Heiðar Karlsson pínaóleikari koma fram.

Þau ætla að bregða á leik og flytja jólalög úr ýmsum áttum í bland við klassískar söngperlur. Á efnisskránni eru meðal annars sönglög eftir Jón Ásgeirsson, Sigvalda Kaldalóns, Regel, Rubbra og Yon. Tónleikarnir eru í boði hússins.

Listafólkið hefur allt verið áberandi í íslensku tónlistarlífi að undanförmu. Björg Þórhallsdóttir söng nýver- ið með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og hefur



komið fram sem einsöngvari við fjölda tækifæra hér á landi sem og erlendis.

Hjörleifur Valsson hélt nýver- ið tónleika til styrktar Barna- og unglingsgeðdeild LSH í Grafarvog- skirkju þar sem hann flutti Árstíð- irnar eftir Vivaldi. Þessa dagana má sjá og heyrja Hjörleif í Þjóðleik- húsinu þar sem hann spilar í Edith Piaf og barnasýningunni Klaufar og kóngsdætur.

Árni Heiðar Karlsson píanoleik- ari og tónskáld er höfundur tón- listar og tónlistarstjóri í leikritinu Halldór í Hollywood sem frumsýnt var hjá Þjóðleikhúsinu fyrr í vetur. Fyrsta sólóplata Árna Heiðars „Q“ sem kom út árið 2001 var tilnefnd til íslensku tón- listarverðlaunanna sem besta djassplata ársins.

> Ekki missa af ...

... sýningum **Tilraunaeldhússins** og **Snorra Ásmundssonar** í Nýlistasafninu. Báðum sýningunum lýkur í dag.

... jólatónleikum í Dómkirkjunni í dag klukkan 17 þar sem **Unglingakór Dómkirkjunnar** undir stjórn **Kristínar Valsdóttur** og **Dómkórinn** undir stjórn **Marteins H. Friðrikssonar** syngja jólasöngva.

... **Guðrúnu Evu Mínervudóttur** sem les í hádeginu úr bók sinni, **Yosoy - af líkamslistum og hugarvíli** í hryllingsleikhúsinu við Álafoss, í bókasali Þjóðmenningar- hússins.



Faðir snillingsins

Kammersveit Reykjavíkur heldur sína árlegu jólatónleika í Áskirkju í dag klukkan 17. Á efnisskránni eru fjögur verk eftir Leopold Mozart, föður undrabarnsins Wolfgang Amadeusar.

Á næsta ári verða liðin 250 ár frá fæðingu Wolfgang Amadeusar Mozart og verður þess minnst víða um heim með tónleikum og öðrum uppákomum af ýmsu tagi.

Kammersveitinni þótti vert, sem upptakt að því ári, að kynna föður tónskáldsins mikla, sem sjálfur var gott tónskáld og samdi fjölda verka. Hann skrifaði einnig og gaf út kennslubók í fiðluleik. Nú á síðustu áratugum, þegar áhugi á hljóðfæraleik í barokkstíl hefur kviknað, hefur sú bók verið góð heimild um hvernig leikið var á fiðluna á hans tíma.

Einleikarar á tónleikunum verða hornleikararnir Jósef Ögnibene, Emil Friðfinnsson,



RUT INGÓLFSSDÓTTIR Listrænn stjórnandi Kammersveitar Reykjavíkur.

Stefán Jón Bernharðsson og Þorkell Jóelsson ásamt Eiríki Erni Pálssyni trompetleikara og Unu Sveinbjarnardóttur fiðluleikara. Með þeim leikur fjórtán manna strengjasveit undir forystu Rutar Ingólfssdóttur fiðluleikara, sem jafnframt er listrænn stjórnandi Kammersveitarinnar. ■

Margt er á bak við ekkert

„Ég sýni ekkert en í nýju sam- hengi,“ er yfirskrift sýningar Erlings Þ.V. Klingenberg, sem opnuð var í gallerí Kling og Bang í gær.

„Ég sýni þarna afrit eða spegla Safn, sem er á Laugavegi 37,“ segir Erling, „þannig að í raun og veru er ég að sýna ekkert, en það er svo margt á bak við þetta ekkert, það er svo margt í engu.“

Til hliðar við sýninguna er Erling enn fremur með annað verk sem heitir Listamannsálbinóandi. „Það er figúra sem fær svolitíð annað samhengi í þessa speglun, en er þó ekki nein útskýring.“

Sýning Erlings er á jarðhæð gallerísins, en í kjallaranum var í gær jafnframt opnuð sýning Sirru, Sigrúnar Sigurðardóttur. Hún hefur sagt um sýninguna að þar blasi við „sjálfmynd tog- streitunnar. Sjálfíð leggst á bæn - er með höfuðið falið eins og strút-

urinn í kassalaga heimi þar sem vindurinn og straumarnir leika um.“

Sirra sýnir þarna tvö vídeóverk og tvo skúlptúra, en yfirskrift sýningarinnar er Hreyfing.

„Þetta er í rauninni sami hlut- urinn, vídeóin og skúlptúrnir,“ segir Sirra. „Með Hreyfingu er bæði vísað til myndlistarhreyf- inga í gegnum tíðina, og svo kemur skákin inn í þetta líka. Þar er líka hreyfing.“

Hún segir sýningar þeirra beggja, Erlings og hennar, fjalla um umhverfi myndlistarinnar, þótt með ólíkum hætti sé.

„Þetta eru skuggar og eftir- myndir.“ ■

HREYFINGAR Mynd eftir Sirru á sýningu hennar í gallerí Kling og Bang.



15% afsláttur af öllum úlpum til jóla.

Verð áður: 28.800 kr.
Verð nú: 24.480 kr.

www.66north.is

REYKJAVÍK: Kringlan – Smáralind – Bankastræti 5 – Faxafen 12 GARDABÆR: Miðhraun 11 – AKUREYRI: Glerárgata 32

Klæddu þig vel **66° NORDUR**

JONSSON & LEWIS

Nýtt í bíó

Frumskýnd 26. desember

A LITTLE TRIP TO HEAVEN



Stórmynd Baltasars Kormáks með Forest Whitaker og Julia Stiles í aðalhlutverkum

B KB BANKI
20% afsláttur
fyrir viðskiptavinum KB banka



ÍSLENSKT TAL

Frumskýnd
26. desember

FEITASTI GRÍNSMELLUR ÁRSINS!



JUST FRIENDS

ryan reynolds
amy smart

Frumskýnd 26. desember

BÍÓJÓLIN 2005

Nú í bíó

MATT DAMON
HEATH LEDGER

Frumskýnd 30. desember

THE BROTHERS GRIMM

STÓRKOSTLEG TÆVINTYRI

Nú í bíó

JOHN CUSACK
BILLY BOB THORNTON

THE ICE HARVEST

Kolsvört jólakómédia

ClaireDanes

DianeKeaton

RachelMcAdams

DermotMulroney

CraigT.Nelson

SarahJessicaParker

LukeWilson



the family stone



- Gleðileg jól



ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR – Kammersveitin Ísafold og Ágúst Ólafsson barítón flytja Vínartónlist í útsetningum eftir Schönberg og Webern. Sunnudaginn 8. jan. kl. 20

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI

Frumskýning sun. 5. feb. kl. 20

2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður! Verð við allra hæfi.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.



ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ		Nýja svið/Litla svið	
SALKA VALKA		ÞRJÁR SYSTUR e. TSJEKHOV	
Mi 28/12 kl. 20	Su 8/1 kl. 20	Nemendaleikhúsið, aðeins í desember Í kvöld kl. 20 Pr 27/12 kl. 20 Mi 28/12 kl. 20	
WOYZECK		MANNTAFL	
Fi 29/12 kl. 21	Fö 30/12 kl. 21	Mi 28/12 kl. 20 Su 8/1 kl. 20	
Lau 7/1 kl. 20	Su 15/1 kl. 21	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR	
KALLI Á ÞAKINU		Fi 29/12 kl. 20 AUKASÝNING UPPSELT Fö 30/12 kl. 20 AUKASÝNING UPPSELT	
Má 26/12 kl. 14	Su 8/1 kl. 14	SÖNGLIST / RÉTTA LEIÐIN	
CARMEN		Létt og skemmtilegt jólaeikrit. Í dag kl. 14 og kl. 16. Miðaverð 700- kr.	
Fi 12/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr	Fö 13/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr	BELGÍSKA KONGÓ	
Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT		SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í JANÚAR Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 20 Fö 20/1 kl. 20 MIÐAV. 2.500-	
GJAFAKORT			
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST			
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is			

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00, sun. 22/1 kl. 14:00.

EDITH PIAF 1915-2005 - söngdagskrá á afmælisdegi Piaf
Mán. 19/12 kl. 21:00 örfá sæti laus.

TÚSKILDINGSÓPERAN
Frumskýning mán. 26/12 uppselt, 2. sýn. þri. 27/12 **uppselt**, 3. sýn. mið. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 29/12 örfá sæti laus. 5. sýn. fös. 30/12 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Frumskýning fim. 29/12 uppselt, fös. 30/12 örfá sæti laus, fös. 6/1, sun. 8/1.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN

LEITIN AÐ JÓLUNUM
Í dag sun. 18/12 kl. 14:00 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt**, fim. 22/12 kl. 13:00 **uppselt**, mið. 28/12 kl. 13:00 **uppselt**, aukasýning kl. 15:00 örfá sæti laus og kl. 17:00 **uppselt**.

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn er opin fyrir og eftir sýningar.
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburði.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



ERNA ÓMARSÐÓTTIR Danshöfundurinn fer jafnframt með aðalhlutverkið í þessu öggrandi verki.

Aðeins þrjár sýningar

Dansverkið *We Are All Marlene Dietrich* eftir Ernu Ómarsdóttur fór sigurför um heiminn eftir að það var frumflutt á Íslandi í febrúar á þessu ári.

Verkið fjallar um sambandið milli stríðs og listar og er skírskotað til stórstjórnunar Marlene Dietrich, sem skemmti

hermönnum í seinni heimsstyrjöldinni og var dáð jafnt af bandarískum hermönnum sem þeim þýsku. Söngur og skemmtun var hennar leið til að berjast í stríðinu. Sýningin fékk afburðadóma og hefur verið lýst sem hættulega fögru og sérlega eftirminnilegu leikhúsverki. Það

var sýnt í tuttugu borgum víðs vegar um heim og vakti mikla athygli. Nú gefst þeim Íslendingum sem misstu af þessu einstaka verki tækifæri til þess að sjá það næsta vor, en þá verða aðeins þrjár sýningar, 15., 16. og 17. maí. Miðasala er hafin í Borgarleikhúsinu. ■

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

Fim. 29. des. örfá sæti laus
Fös. 20. jan.
Lau. 21. jan.

Gleðileg jó!

MIÐAPANTANIR Í SÍMA 555 2222 OG Á MID.IS

Leikhópurinn Á senunni kynnir:

ÆVINTYRID UM AUGASTEIN

Sýnt í Tjarnarbíói Tjarnargötu 12. Miðasala er hafin í síma 861 9535 og á senan@senan.is

mið. 14. des. kl. 10.00
fim. 15. des. kl. 10.00
lau. 17. des. kl. 17.00
sun. 18. des. kl. 14.00
sun. 18. des. kl. 16.00

ATH - AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR!

www.senan.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Kraumandi ástríður

[BÆKUR]

UMFIJÖLLUN

Þriðja bóin er önnur skáldsaga Ingibjargar Hjartardóttur, sem einnig hefur fengist við leikritun og skrifað og þýtt ljóð. Í þessari sögu ferðast Ingibjörg með lesendur milli tveggja eyja, þar sem önnur er kunnugleg og söguviðið er lítið pláss norður í landi og hins vegar nafnlausar eyju í suðurhöfum þar sem einnig krauma ástríður og hraun.

Sagan sver sig í ætt við glæpasögur en með öðrum formerkjum, því sögumaður er ekki hefðbundinn spæjari á höttum eftir lausn á snúnu glæpamáli heldur óvenjuleg kona á undarlegum stað með ábyrgðarfullt verkefni. Sjúkraliðinn nafnlaus, sem segir söguna, er skáld og spákona með meiru og hefur orðið við bón eins sjúklings sinna og heitið því að komast að hinu sanna nam móður hans og fortíð hennar. Þetta er meira harmræn fjölskyldusaga heldur en glæpasaga en hún er nokkuð froðukennd á köflum.

Sagan er drifin áfram af afhjúpuninni á fortíð Þórhildar sem sögukonan á fund við á óskilgreindri eldfjallaeyju. Sögukonan leitir víða fanga eftir heimildum og vísar í blaðaskrif, dóma og frásagnir annarra þegar hún rekur tengsl Þórhildar við tvö morð sem framin voru sautján árum áður heima á Íslandi. Plottið á bak við þessa harmrænu atburði er hagnlega smíðað og spennandi alveg fram á síðustu síðuna en líkt og í köflunum sem segja af ævintýrum sjúkraliðans á eldfjallaeyjunni eru lítil atriði og útdúrárar sem stinga í stúf og grafa undan áhrifamætti sögunnar.

Þetta er fremur lostafyllt saga þar sem ástríður Þórhildar læknið hlaupa með hana og samferðafólk hennar í gönur. Sjúkraliðinn fer heldur ekki varhluta af ástríðunum og lendir í vafasömum aðstæðum á eyjunni, ítrekuðum lífsháskum og ástarævintýrum sem gera að mínu mati ekki mikið fyrir söguna í heild. Lýsingar á samneyti sjúkraliðans og þýska rithöfundarins „Mein Liebe“ eru t.d. ekki til þess fallnar að auka á trúverðuleika frásagnarinnar og skyndikynninn við franska málarann ekki



ÞRIÐJA BÓIN

Höf. Ingibjörg Hjartardóttir
Útg. Salka
Niðurstaða: Hugmyndarík bók hvað varðar plottið í sögunni sem er hádrámatískt en sagan í heild líður fyrir ósannfærandi útdúrára og melódramatik. Lípurlega skrifuð en fljótlesin bók sem skilur því í miður ekki mikið eftir sig.

heldur. Hliðarsaga sjúkraliðans er skemmtileg hugmynd en gengur ekki upp, skáldadraumar hennar og hugleiðingar um tilfinningar eru of litlum tengslum við aðal-efni bókarinnar.

Samband aðalpersónanna Þórhildar og vinkonu hennar Sóleyjar er kjarninn í sögunni og þar er unnið vel með klassískt viðfangsefni fóstbræðralagsins, svikanna og fórnfýsinnar. Þær eru báðar sympatískar persónur á sinn hátt, einkum persóna Þórhildar sem mér fannst heillandi þrjónakona. Þó er eins og það skorti meiri dýpt í þetta annars spennandi gallerí af aukapersónum í sveitinni fyrir norðan. Ólíkindatílið Kári sem er orsök allra vandræða er t.d. fremur flatur gaur og óspennandi og Ottó eiginmaður Þórhildar gæti líka haft meira kjót á sínum beinum. Aukasögum af ástarbríma barna þeirra vinkvenna fannst mér samt ofaukið því það voru einfaldlega of margar hliðstæðar sögur innan frásagnarinnar.

Krístún Heiða Hauksdóttir



REYNIR KATRÍNARSON Tekur ljósmyndir af þorskhausum, málar málverk og býr til hálsmen úr steinvólum frá Djúpalóni.

Ævintýralegir þorskhausar

„Ég starfa mjög mikið á andlegu nóttunum,“ segir Reynir Katrínarson myndlistarmaður, sem er með sýningu núna um helgina á vinnustofu sinni að Uppsalavegi 2 í Sandgerði.

Reynir kemur víða við og segist vera bæði myndlistarmaður og miðill, kallar sig galdrameistara og nefnir sig Hvít Víðbláin.

„En núna er ég að sýna olíumálverk. Á sýningunni er ég reyndar líka með litla skúlptúra, steina sem ég er búinn að grafa goð og gyðjur í. Þetta eru hálsmen og orkusteinar.“

Reynir kallar þessa steina Djúpalónsperlur. „Þær eru týndar á Snæfellsnesi. Þetta tengist allt ákveðinni speki, heilun og spádómum.“

Á sýningunni eru líka ljós-

myndir af þurrkuðum þorskhausum, sem við fyrstu sýn virðast þó vera myndir af einhverju allt öðru.

„Þegar þú sérð þessar ljósmyndir geturðu ekki ímyndað þér að þetta séu þorskhausar,“ segir Reynir býsna hreykinn. „Þetta eru ævintýralegar myndir. Þegar ég er að mynda inni í þorskhausunum sé ég alveg hvaða fígúra er í gangi. Ég þarf ekkert annað en að stækka myndina aðeins upp. En þetta er tíu ára gömul hugmynd hjá mér. Ég hef tekið ákveðið efni fyrir í einu og núna er ég byrjaður að vinna með vatn.“

Sýning Reynis var opin í gær og síðan aftur í dag frá tíu að morgni til klukkan tíu um kvöldið. ■



KRISTJÓN KORMÁKUR Les úr bók sinni Frægasti maður í heimi á upplestrarkvöldi á Kaffi Hljómalind í kvöld.

Upplestur á Kaffi Hljómalind

Í kvöld klukkan níu verður upplestur á Kaffi Hljómalind þar sem lesið verður úr nokkrum verkum sem koma út fyrir þessi jól. Meðal þeirra sem koma fram eru Kristján Kormákur sem les úr Frægasti maður í heimi og Eyvindur P. Eiríksson sem ætlar að lesa úr Örfoki. Þá verður einnig boðið upp á tónlistartriði en um það sjá þeir Simon Jermyn og Eiríkur Orri Ólafsson sem eru báðir meðlimir í Benna Hemm Hemm.



Er fasteignin þín að seljast?

35%

20%

Fréttablaðið

Mbl.

80% fleiri lesa fasteignablað Fréttablaðsins



Um 150.000 lesendur

Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (okt. 2005) nærðu til um **80% fleiri Íslendinga með því að auglýsa í fasteignablaði Fréttablaðsins** frekar en fasteignablaði Morgunblaðsins. Könnunin sýnir að **35%** fólks á aldrinum 25 - 54 ára á höfuðborgarsvæðinu les **Allt - fasteignir**, sem berst fritt með Fréttablaðinu á mánudögum, á meðan einungis 20% lesa fasteignablað Morgunblaðsins. Allar eignir eru einnig skráðar á **visir.is**.

Þegar horft er á allar staðreyndir málsins ætti að vera einfalt að sjá hvar borgar sig að auglýsa.

Hvar birtist auglýsingin þín?

allt-fasteignir

- mest lesna fasteignablaðið

Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800



Opið laugardag kl.: 10 - 20 // sunnudag kl.: 12 - 18

„Ef til vill hafði ég ekki misst eins mikið blóð og ég óttaðist í fyrstu og það þýddi kannski að ég hefði bara verið bitinn einu sinni. Mér leið eins og ég væri ég sjálfur en ekki skrímli; mig þyrsti ekki í blóð og fann enga illsku í hjarta mínu.“

- Það er grínlaust að vera bitinn af Drakúla greifa eins og prófessor Rossi kemst að í Sagnfræðingnum.

bækur

baekur@frettabladid.is

Hundrað þúsund eintök af Harry Potter

Íslenska þýðingin af Harry Potter og Blendingsprinsinum selst að vonum eins og heitar lummur þessa dagana og í herbúðum bókaforlagsins Bjarts er reiknað með því að hundrað þúsundasta eintakið af Harry Potter á íslensku verði selt á allra næstu dögum. Harry Potter og blendingsprinsinn hefur setið sem fastast í efsta sæti barnabókalista Pennans Eymundssonar. Heppinn kaupandi bókarinnar á von á glaðningi, helgarferð til Edinborgar fyrir tvo. Bjartur hefur á undanförunum sjórum gefið út sex bækur í bókaflöknum

um galdratrákinn ráðagóða spár gerðu ráð fyrir að 100.000 eintakið af íslenskri Harry Potter bók seldist í einhverri bókaflök landsins um helgina. Búið er að dreifa Harry Potter og blendingsprinsinum í yfir 12.000 eintökum en áður en sala hennar hófst höfðu tæplega 88.000 eintök af eldri Harry Potter-bókunum selt hér á landi. Hundrað þúsundasta Harry Potter-bókin var keyrð út af lager Bjarts á föstudaginn, Á síðu 333 í þessu eintaki

biður lesandans gjafabréf á ævintýralega helgarferð fyrir tvo til Edinborgar í boði Bjarts og Ícelandair. Þetta eru þær slóðir þar sem J.K. Rowling hóf að skrifa fyrstu Harry Potter bókina, þá fátæk einstæð móðir.



BÓK VIKUNNAR

Yosoy eftir Guðrínu Evu Mínervudóttur.



Gagnrýnendur hafa keppt við að hlada Yosoy lofi og þannig sagði til dæmis Gauti Kristmannsson um bókina í Viðsjá Rásar 1 að sagan væri sögð af mikilli

list „skáldskaparlist, og lyftir hún andanum vissulega á hærra plan, enda hef ég alltaf ætlað það vera eitt af meginhlutverkum bókmennta, kannski það helsta.“ Þetta er alvöru skáldverk sem ristir djúpt og hreyfir við lesendum.



HALLDÓR GUÐMUNDSSON
 > SKRIFAR UM BÓKMENNTIR

Ljóð um jól

Ljóðlistin er rödd skáldsins að tala við sjálfan sig, eða engan, sagði enska skáldið T. S. Eliot fyrir margt löngu. Nú var hann að vísu að reyna að skilgreina ljóðrænu, lýrik, en ekki að fjalla um sölumál, en orð hans koma samt í hugann þegar maður veitir fyrir sé afdrifum ljóðlistarinnar á jólabókamarkaði: Sjálfsagt finnst mörgum höfundum og útgefendum ljóðabóka að þeir séu þar að tala við sjálfa sig, eða engan. Þær fara ekki með himinskautum á metsölulistum og það fer ekki mikið fyrir þeim í svokallaðri bókmenntaumræðu fyrir jól, „þar sem bókvitið / er í kjäftaskana látið“ einsog segir af öðru tilefni í nýrri bók Þórarins Eldjárns (Hættir og mörk).

Það er ofur skiljanlegt að unnenndur ljóðlistar séu stundum mæddir yfir þessu: Ljóðlistin var virtasta bókmenntagrein Íslendinga á 19. öld, og þá þótti ekki þar merkilegt að skrifa rómana, enda fengust ekki margir við það. En 20. öldin varð öld skáldsögunnar og á síðustu áratugum hefur æ minna farið fyrir ljóðunum. Samt ættu jólin eiginlega að vera upplagður tími fyrir ljóð: Að halla sér aftur eftir allt umstang desembermánaðar við kertaljós og fletta ljóðabók? Hljómar það ekki afar jólalega? Í beinu framhald af sálmasöng á jólamessum, því sálmar eru auðvitað ljóð eða öllu heldur brúksljóð, ljóð til dýrðar drottni. Eða þá sem eðlilegt framhald af dansi í kringum jólatrén þar sem jólakvæði af ýmsu tagi eru sungin. Sem minnir á að mest seldu jólabók Íslendinga fyrr og síðar er einmitt kvæðabók: Hið yfirlætislausu kver Jóhannesar úr Kötllum, Jólin koma. Það seldist í 1-2 þúsund eintökum á ári þau 20 ár sem ég fylgdist með því, og sjálfsagt í mörg ár áður, og ég sá ekki betur en að Jóhannes gæggðist inn á metsölulistana núna í nóvember. Svo ljóðin eru ennþá allt í kringum okkar og þeim er ekki alls varnað í sölumennskunni.

En styrkur þeirra liggur annars staðar. Ljóðskáldin eru landkönnuðir í heimsálfu orðanna. Þau kortleggja áður ókunn svæði, bjarga orðum úr útrýmingarhættu, forða þeim frá rándýrum nútímans, klisjunum, og dubba jafnvel upp gatslitin orð svo þau verða merkingarþær að nýju. Auðvitað lenda skáldin stundum í ógöngum einsog aðrir landkönnuðir, lesandinn getur ekki alltaf fylgt þeim eftir né forðað þeim úr sjálfheldu. En þegar vel miðar nema þau ný lönd. Og við lesum ekki ljóð af samúð með skáldunum, heldur okkur sjálfum, til að heyra betur og skilja í þeim anda sem Þórarinn Eldjárn lýsir svo:

Við liggjum hér undir súð
 og hlustum á rínginguna
 vélrita á bárujárníð.

Þá er gott að leggja eyrun við og sjá í huganum myndir sem skína á okkar skárrí mann, „þann föla svein“ einsog Þorsteinn frá Hamri segir í nýrri bók sinni (Dyr að draumi). Þorsteinn yrkir um það að yrkja, um það hvers ljóðið má sín þegar þau koma með stroknu fasi, „hin sjálfbirgu svör.“ Og svarar sér sjálfur í „ljóði um ljóð“, þar sem ljóðið upphefur eina bæn:

að orðið,
 í því skyni að spyrja
 megi til langframa lífa.

Það er einungis í spurninni og efanum sem orðið geta geymt þann „ilm af óliðnum dögum“ sem Matthías Johannessen yrkir um í nýrri bók sinni (Kvöldganga með fuglum). Auðvitað hendir það mann að gripa ljóðabók og ná engu sambandi við það sem skáldið er að segja, en þegar vel tekst til er rödd skáldsins að tala við okkur, eða lesandinn við sjálfan sig:

og við brjótum af okkur skurnið
 eins og ungar sem hverfa
 úr einni veröld
 í aðra

svo aftur sé vitnað til Matthíasar. Þess vegna er ekki hægt annað en að taka undir vísu Þórarins Eldjárns, sem hann nefnir „Hagmælisgrey um ljóðið“:

Víst er það löngu ljóst og bert
 að ljóðið ratar til sinna.
 Samt finnst mér ekki einsiskvert
 að ýta því líka til hinna.
 Kannski er ljóðalestur hin eina sanna jólatiltekt hugans.

Von um lengri dag og bjarta framtíð

Jólastressið tekur á hjá mörgum og allt umstangið í kringum þau getur orðið til þess að hinn sanni andi jólanna tynist í atganginum og kaupæðinu. Gunnar Hersveinn heimspekingur sendi nýlega frá sér bókina Gæfuspor - gildin í lífinu og er því alveg með það á hreinu hvað skiptir mestu máli í lífinu. Hann segir ást, kærleika og gleði vera þungamiðju jólanna.

„Jólin búa yfir mörgum táknum og í þeim er að finna nokkur megingildi. Jólátré tákna til dæmis lífsins tréð í aldingaröðum forðum, tréð sem Adam og Eva máttu alls ekki snæða af, enda voru þau rekin burt eftir að hafa etið af skilningstrénu. Jólátréð er sígrænt og sá litur merkir ódauðleikann, en þessi græni litur tákna einnig vonina sem aldrei deyr,“ segir Gunnar Hersveinn. „Rauður er annar táknlitur jólanna og merkir andann, kærleikann og ástina milli manna. Þriðji litur jólanna er hvítur og tákna hann bæði gleði og heidarleika eða hreinleika. Því má segja að gildin sem búi í jólahátíðinni séu augljóslega ást eða kærleikur, gleði, von og heidarleiki. En það er sitthvað fleira sem býr í þeim, því við köllum þennan viðburð iðulega hátíð árs og friðar og á þessum tíma gefum við gjafir sem aldrei fyrr, og því má bæta við gildunum friður og gjöf.“

Tími kærleikans

Kærleikurinn er ef til vill oftast nefndur um jólin en Gunnar segir að hann felist í því að elska aðra eins og sjálfan sig. „Hann er náungakærleikur og beinist einnig að guði. Hann gerir ekki mannámun eða greinarmun og fullyrt er að hann sé eina ráðið til að bera sigurorð af óvildarmönnum sínum, enda mælti Jesús svo: „Elskið óvini yðar, og biðið fyrir þeim sem ofsækja yður,“ sem var á skjón við tíðarandann sem hann bjó við en þó í samhljómi við það sem Sókrates hafði sagt löngu áður í Apenu. Kærleikur er víðtækara hugtak en ást og felst í því að koma fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur. Hann merkir að líta náunga sinn geðfelldum augum.“

Gleðin að gefa

Gunnar segir að gjöfin sé mikilsverður þáttur jólanna. „Segja má að jólapakkinn sé kraftbirting gjafarinnar en sjálf er hún hugaríð sem liggur að baki og hugarinn sem þiggur hana. En hvernig sem gjöfin er gefin þá er hún góð í eðli sínu. Hugtakið gjöf rúmar ekki illkvittni, því gjöf er gefin af góðsemi og hefur



GUNNAR HERSVEINN Leggur áherslu á friðarboðskap jólanna enda sé friður nokkuð sem flest fólk vilji rækta. Hann hafði hugmyndina um frið á jörð að leiðarljósi þegar hann skrifaði bókina Gæfuspor - gildin í lífinu.

gæfu að geyma. Gjöfin er sögð leyndardómur velgengni og rósemdar hjartans og uppspretta gæfu og gleði. Sá sem gefur með sér verður andlega ríkur. Ástæða gjafarinnar er aukatriði, því gjafir bera ríkulegan ávöxt enda finna margir þörf til að gefa um jólin. Auðvitað er talað um firringu um jólin: að fólk gefi að skyldurækni en ekki gleði, en ég tel að þetta sé nokkuð sem hver einstaklingur og hópur getur unnið úr á sinn hátt með því að tala saman og komast að samkomulagi. Það eru ekki gildin sem eru vandamálið, heldur samskiptin.“

Vonin er órjúfanleg frá jóluunum og Gunnar bendir á að augu kærleikans séu sögð vera vonarögu. „Vonin stílar á framtíðina; hækkandi sól. Hún er tilgáta hugans um betri tíð. Hún er vænting lætur lítið yfir sér og stundum tekur enginn eftir henni, en hún hefur undramátt því hún er driffjóður verkanna,“ segir Gunnar og heldur áfram: „Von er byggð á grun um hvernig hlutirnir gætu verið eða ættu að vera. Hún miðar á framtíðina því enginn ber nokkra von í brjósti um að fortíðin breytist til betri vegar. Í táknmáli jólanna snýst vonin yfirleitt um lengri dag og góða tíð fram undan.“

Friður á jörð

„Friður er líka mikilvægur boðskapur jólanna en hann er gildi sem þjóðir heims telja iðulega eitt það verðmætasta, þrátt fyrir fljótfærni sína í því að hefja stríð eins og við höfum orðið vitni að. Ég hef hugsað mikið um aðferðir til að festa friðarmenningu í sessi,“ segir

Gunnar. „Friðarmenning felst að mínu mati í því að hlúa að veikustu þáttum samfélagsins og ráðast að rótum vandans, sem oft er falinn í fátækt, óréttlæti, efnahagslegu misrétti, pólitík og félagelegum aðstæðum sem vekja hatur, deilur og ofbeldi. Með friðarmenningu er því ekki átt við vopnahlé eða stutt friðarferli heldur markvissa aðferð til að uppræta þá þætti sem oftast valda stríði. Friðurinn fæst allra síst með því að fljúga yfir óvinalönd og sleppa sprengjum, sú aðferð brotlenti í alvarlegum slysum á tuttugustu öld.“

Engin drápstól fyrir börn

Gunnar segist því vonast til þess að börn fái ekki stríðsleiki í jólapakkana sína. „Vopnaframleiðendur leynast nefnilega víða. Einna söluhæstu framleiðendur vopna heims hanna drápstól handa börnum. Framleiðendur stríðsleikja þjálfar í raun börn til að berjast með tölvuvopnum og þau setja sig með því í spor stríðsmanna í blóðugu stríði.“

Hugtakið friður er víðamikil að mínu mati og felur í sér margar góðar tilfinningar og dyggðir. Friður er mennska sem flestallir óbreyttir borgarar vilja rækta með sér. Allar þjóðir þurfa því að spyrja sig: „Hvaða dyggðir og tilfinningar þarf að rækta, og hvaða þætti þarf að leggja áherslu á í uppeldi barna til að tryggja frið í framtíðinni?“ Hugmyndin um mögulegan frið á jörðu var ein af ástæðunum fyrir því að ég skrifaði bókina Gæfuspor - gildin í lífinu.“ ■



Opið í dag frá klukkan 11 - 16.

19-22 des 08-22

23 des 09-23

24 des 11-13

Mjódd, Álfabakka 12, sími 557 2400

Starfsfólk bókabúða velur Sjón

Argóarflísín eftir Sjón var valin besta íslenska skáldsagan í ár af starfsfólki bókabúðanna. Yosoy eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur og Sólskinshestur Steinunnar Sigurðardóttur deildu saman öðru til þriðja sæti. Niðurstaðan fékkst eftir að atkvæði yfir 100 starfsmanna í bókabúðum víðs vegar um landið höfðu verið talin. Argóarflísín fékk fjórutíu atkvæði en hinar skáldsögurnar tvær átján atkvæði hvor.

Starfsfólk bókaverslanna veitir verðlaunin í sjö flokkum. Skuggi vindans eftir Carlos Ruiz Zafón var valin besta þýdda skáldsagan, Flugdrekaflauparinn eftir Khaled Hosseini varð í öðru sæti og

Næturvaktin eftir Kirino Natsuo í því þriðja.

Gott kvöld eftir Áslaugu Jónsdóttur þótti besta íslenska barnabókin, Steinhjartað eftir Sigrúnu Eldjárn hafnaði í öðru sæti og Fía Sól í hosfól eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur í þriðja.

Ævintýrið Eragon eftir Christopher Paolini hlaut fyrstu verðlaun í flokki þýddra barnabóka og komst upp fyrir Harry Potter og Blendingsprinsinn sem lennti í öðru sæti. Leynilandið eftir Jane Johnson náði svo þriðja sætinu.

Skáldjöfrarnir Þórarinn Eldjárn og Þorsteinn frá Hamri eiga bestu ljóðabækurnar þetta árið að mati starfsfólks bókabúða en Þórarinn hlýtur fyrstu verðlaun fyrir

Hætti og mörk og Þorsteinn önnur verðlaun fyrir Dyr að draumi. Gyrðir Elíasson og Sölvi Björn Sigurðsson höfnuðu svo saman í 3.-4. sæti með Upplitað myrkur og Gleðileikinn djöfullega.

Í flokki ævisagna hafði Myndin af pabba - saga Thelmu eftir gerði Kristnýju best en Ég elska þig stormur, ævisaga Hannesar Hafstein eftir Guðjón Friðriksson, fékk önnur verðlaun. Ævisaga Auðar Eirar Vilhjálmsdóttur, Sólín kemur alltaf upp á ný, eftir Eddu Andrésdóttur þótti svo þriðja besta ævisagan. Þegar röðin kemur að bestu hand- og fræðibókunum þykir Íslandsatlas Hans H. Hansen bestur en Huldukonur í íslenskrimyndlist eftir Hrafnhildi



SJÓN Verðlaunaafhending Norðurlandaráðs

Schram fylgir í kjölfarið og í þriðja sæti er hin risavaxna Kjarval eftir Kristínu G. Guðnadóttur, Gylfa

Gíslason, Arthur C. Danto, Matthías Johannessen, Silju Ádalsteinsdóttur og Eirík Þorláksson. ■

Happdrætti Bókatíðinda 2005

Árlegt happdrætti Bókatíðinda er í fullum gangi en eitt númer verður dregið út daglega fram að jólu. Happdrættisnúmerið er að finna innan á kápabaki Bókatíðinda. Vinninga er hægt að vitja í næstu bókabúð gegn framvísun númersins. Hver vinningshafafi fær bækur að eigin vali að upphæð 10.000 kr.

16. des. 60379
17. des. 7744
18. des. 84324

ADALLISTINN - ALLAR BÆKUR

1. VETRARBORGIN - ARNALDUR INDRÍÐASON
2. ÍSLANDSATLAS - HANS H. HANSEN
3. THORSARARNIR - GUÐMUNDUR MAGNÚSSON
4. SÓLSKINSHESTUR - STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR
5. ROKLAND - HALLGRÍMUR HELGASON
6. ÉG ELSKA ÞIG STORMUR - GUÐJÓN FRÍÐRIKSSON
7. ÞRIÐJA TÁKNID - YRSA SIGURÐARDÓTTIR
8. AUÐUR EIR - SÓLÍN KEMUR ALLTAF UPP. - EDDA ANDRÉSDÓTTIR
9. MARGRÉT DANADROTNING - ANNELISE BISTRUP
10. MEÐ LÍFID AÐ LÁNI - JÓHANN INGI GUNNARSS. & SÆMUNDUR HAFSTEINSS.

SKÁLDVERK - INNBUNDNAR BÆKUR

1. VETRARBORGIN - ARNALDUR INDRÍÐASON
2. SÓLSKINSHESTUR - STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR
3. ROKLAND - HALLGRÍMUR HELGASON
4. ÞRIÐJA TÁKNID - YRSA SIGURÐARDÓTTIR
5. Í FYLGD MEÐ FULLORÐNUM - STEINUNN ÓLÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR
6. ARGÓARFLÍSÍN - SJÓN
7. VALKYRJUR - PRÁINN BERTELSSON
8. TÍMI NORNARINNAR - ÁRNI ÞÓRARINSSON
9. HÖFUÐLAUSN - ÓLAFUR GUNNARSSON
10. MINN TÍMI ER NÓTTIN - MARY HIGGINS CLARK

Listinn er gerður út frá sölu dagana 07.12.05 - 13.12.05 í Bókabúð Máls og menningar, Eymundsson og Pennanum.



Tæknibær

...er í hlutir...

EINSTÖK JÓLATILBOÐ Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

Frá stærsta fartölvuframleiðanda heims:

<h3>Quanta</h3> <p>Örgjörvi: Intel Pentium 1.7 GHz Centrino Skjár: 15" XGA 1400 x 1050 upplausn Harður diskur: 60 GB Ultra ATA 100 Skjákort: ATI Radeon 9700 128 MB Geisladrif: CD skrifari / DVD lesari Vinnsluminni: 512 MB DDR 333 Tengi: 4x USB 2.0, S-Video, FireWire, InfraRed, VGA Netkort: Broadcom Ethernet 10/100/1000 Þráðlaust: 802.11b/g þráðlaust netkort Stýrikerfi: Án stýrikerfis - Innbyggður 4-inn minni kortalaus</p> <h2>79.900</h2>	<h3>Quanta</h3> <p>Örgjörvi: Intel Mobile 1.7 GHz Centrino Skjár: 15" XGA 1400 x 1050 upplausn Harður diskur: 100 GB Ultra ATA 100 Skjákort: ATI Radeon 9700 128 MB Geisladrif: CD skrifari / DVD Vinnsluminni: 512 MB DDR 333 Tengi: 4x USB 2.0, S-Video, FireWire, InfraRed, VGA Netkort: Broadcom Ethernet 10/100/1000 Þráðlaust: 802.11b/g þráðlaust netkort Stýrikerfi: Windows XP Home - Innbyggður 4-inn minni kortalaus</p> <h2>99.900</h2>
---	---

GEISLADISKAR- & SKRIFARAR

Platinum 8 hraða DVD diskur í hölk 25 stk. 2.900 50 stk. 5.500	Platinum 52 hraða CD diskur í hölk 25 stk. 1.290 50 stk. 2.400	NEC 16x DVD +/- R Dual Layer skrifarar Silfur/svartur/hvítur 5.700
--	--	--

TURNTÖLVUTILBOÐ

AmJet AMD Sempron 2400 256 MB DDR, 80 GB HDD innb. hljóð/skjá/netkort 26.500	Intel Celeron 2.8 GHz Presc. 512 MB DDR, 200 GB HDD innb. hljóð/skjá/netkort 56.000
---	--

BLAND Í POKA

Logitech G7 þráðlaus leikjamsín 8.900	Aukapakki fyrir fartölvur 4.900	USB 2.0 minnislyklar 256 MB 1.990 512 MB 3.900 1 GB 6.900 2 GB 15.900
--	------------------------------------	---

LCD SKJÁIR

ACER LCD Gamers Edition 17" 8ms 27.900 19" 8ms 39.900	AVIDAV LCD Svartir og glæsilegir 17" 8ms 23.500 19" 12ms 31.500
---	---

HEYRNARTÓL

Sennheiser HD 201 hágæða heymartól 2.250	Sennheiser RS 120 þráðlaus heymartól sem draga allt að 100 m 6.500	Heymartól með hljóðnema og hljóðstilli 1.500
---	---	---

HEYRNARTÓL OG STÝRIPINNI

Heymartól í annað eyra með hljóðnema 800	König USB bæði fyrir PC og PS2 1.900
---	---

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VEFMYNDAVÉLUM & MP3 SPILURUM

USB tengdir hátalarar fyrir fartölvur sem þurfa ekkert rafmagn! 3.500	Creative Inspire 2.1 P380 Tveir öflugir hátalarar og stórt bassabox 5.900	QuickCam Fusion, vefmyndavél, USB tengd frá Logitech, 1,3MP hljóðnema 11.900	Altec Lansing XT1W: 2.1 rása, 1,5 W RMS. Ferðahátalarar fyrir USB 8.900	USB gagnageymsla + MP3 spilar + FM útvarp + metramælir & stoppar! 7.505	OPUS 4000, 3,1 MP/4.0 MP stafræn myndavél USB / SD minni kort 11.900	Ezonics EzCam vefmyndavél tilbáin fyrir videóráðstefnur og videóthvupóst 1.990
--	--	---	--	--	---	---

Tæknibær · Skipholti 50c · Sími 551 6700 · www.tb.is



FLOTTUR Örlítið mótórhjólalegur en líka ótrúlega töff.

Gæðalegir leðurjakkar

Þær konur sem eru veikar fyrir guðdómlegum leðurjökkum ættu að leggja leið sína í Evu á Laugavegi. Þar eru nýjar vörur frá tiskumerkinu Ventcouvert mættar á svæðið. Um franskt eðalmerki er að ræða sem sérhæfir sig í skinnfatnaði og notar einungis gæðaskinn. Fyrirtækið var stofnað árið 1986 og hefur heldur betur fest sig í sessi og framleiðir nú fatnað fyrir stóru tiskuhúsin.

Leðurjakkarnir eru einstaklega gæðalegir úr þykku en dásamlega mjúku leðri og oftar en ekki með hlýjum þróna-krögum sem ættu að verja vel gegn vondu vedri. Að sjálfsgöðu eru þeir svo ógurlega smekklegir í útliti og hrikalega töff.



VENTCOUVERT
Flottur leðurjakki.



NÝ SPARIFÖT FYRIR ÞESSI JÓL?

Fréttablaðinu lék forvitni á að vita hvort fólk væri að endurnýja sparifötin fyrir jólin. Fórum við því á stúfana og spurðum nokkra vel valda hvort þeir færu nokkuð í jólaköttinn.

Sigmar Vilhjálmsson Idol-kynnir: „Já, það má gera ráð fyrir því að það verði fjárfest í nýjum fötum í ár. Ég fer að minnsta kosti ekki í jólaköttinn. Reyndar gifti ég mig í sumar og það getur vel verið að ég noti þau jakkaföt. Föt verða nú ekkert mikið finni en það. En ég nota ekki sömu jakkafötin mörg jól í röð. Ég reyni nú bara að notast við nýjustu jakkafötin mín á hverjum tíma.“

Ragnheiður Clausen, fyrrverandi sjónvarpskona: „Nei ég endurnýja ekki jólafötin í ár. Ég hef reyndar tekið alveg eldgömul föt upp úr skápnunum og verið í þeim á jóluum. Ég kaupi mér oft klassísk föt sem endast lengur en það sem er sérstaklega í tísku þá stundina. Það endar því oft með því að ég finn eitthvað frábært í skápnunum. En það verður ekkert sérstakt fyrir þessi jól.“



Freyr Eyjólfsson dagskrágerðarmaður: „Nei, ég ætla mér ekki að fjárfesta í nýjum fötum. Ég tæni til það sem finnst í skápnunum. Það er í raun allt óákveðið í þessum efnum. Kannski fær maður bara lánaðan smókinginn hans þabba, svo fremi sem hann verður ekki í honum.“

Örn Árnason leikari: „Ég hugsa að ég verði að svara þessu játandi. Maður reynir að kaupa sér ný jakkaföt einu sinni á ári og jólin eru ágætis tímabunktur. Ég reyni því að endurnýja reglulega. Fyrst er þetta viðhafnarbúningur og síðan fer þetta í almenn not. Maður reynir að hafa þetta ágætlega vandað þegar maður er að velja.“

Eivör Pálsdóttir söngkona: „Ég býst fastlega við því að kaupa mér ný föt fyrir jólin. Ég geri það venjulega. Oft er ég með jólatónleika þannig að ég læt stundum sauma á mig kjóla fyrir þá sem ég nota síðan um jólin.“

Sigríður Beinteinsdóttir söngkona: „Ég kaupi mér ekki nýjan kjól fyrir þessi jól. Ég ætla mér að vera sparsöm í ár og eyða peningunum frekar í eitthvað annað. Ég keypti mér jólaföt fyrir síðustu jól þannig ég læt það duga í ár.“



Eyrún Magnúsdóttir sjónvarpskona: „Ég verð að svara þessari spurningunni neitandi. Ég ætla að nýta það sem fyrir er í skápnunum. En ég stefni að því að fá rosalega flott stígvél í jólagjöf þannig að það verður jólaflíkin mín í ár. Vonandi fæ ég þessa ósk mína uppfyllta. En yfirleitt kaupi ég mér einhver jólaföt. Það verður þó ekki í ár.“

Stefán Hilmarrson tónlistarmaður: „Nei, ég býst ekki við því að endurnýja jólafötin í ár. Ég held reyndar að það sé óhætt að segja að ég kaupi aldrei sérstök jólaföt. Ég man ekki eftir því að hafa sérstaklega keypt föt með jólin í huga. Ég man að minnsta kosti ekki eftir því á mínum fullorðins árum. Það var auðvitað annað mál þegar maður var klæddur upp á fyrir jólin sem barn.“

FRÉTT VIKUNNAR BERGLJÓT ARNALDS RITHÖFUNDUR

Bush lætur í minni pokann

Frétt vikunnar að mati Bergljótar Arnalds leikkonu og rithöfundar er þegar George Bush lét af andstöðu sinni við frumvarp sem bannar pyntingar og niðurlægingar á fongum. Hafði hann verið ákaft á móti því þegar það var sett fram en hefur nú gefið sig.

„Fyrir mér er það frétt vikunnar að Bush lét af þessari andstöðu sinni við nýsamþykkt frumvarp til laga sem kveður á um að banna pyntingar og niðurlægingu á fongum. Bush hafði hótad að beita neitunarvaldi sínu svo lagaákvæðið næði ekki fram að ganga. Það hefði verið gífurlegt áfall fyrir mannkynið ef leyfðar væru pyntingar í Bandaríkjunum og vestræn menning myndi hundruð ára aftur í tímann. Þjóð sem leyfir slíkt getur ekki gefið sig út fyrir að berjast fyrir mannréttindum og pyntingar á fólk eru glæpur, sama undir hvaða formerkjum þær eru stundaðar.“ Bergljót gaf út barnabókina Jólaveinasaga fyrir jólin og hefur bókinn rokið út úr bókabúðum eins og



heitar lummur undanfarið. „Bókin er uppseld hjá útgefanda þannig að ég er hæstánægð með það. Það voru

prentuð um það bil 3.000 eintök af bókinni og þau eru nánast öll farin,“ segir þessi hæfileikaríki rithöfundur.

Vodafone live!

Hringtónar Fréttir og Íþróttir Leikir Skemmtun

**KOMDU Í SPENNANDI HEIM
AFPREYNGAR OG UPPLÝSINGA**

Vodafone live! SIMÍ
26.900 kr.
NOKIA 6230i

Smelltu þér á www.ogvodafone.is, farðu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.

og
Heyrumst!

Gjafir handa óþolandi fólkinu sem á allt

Of vill það verða ákveðið vandamál að gefa jólagjafir. Sérstaklega er erfitt og oft leiðinlegt að reyna að finna gjafir handa fólki sem virðist eiga allt á milli himins og jarðar. Velmegun þess virðist kristallast í því að þegar maður kemur inn á heimili þess er þar nánast allt að finna. Þrátt fyrir þetta er ljóstýra við enda ganganna fyrir þá sem eru í vonleysiskasti út af þessu. Fréttablaðið fór á stúfana og fann nokkrar sköndnar og skemmtilegar jólagjafir sem öruggt er að fáir eiga.

Robomop: Að þrifa gólfinn heima hjá sér er leiðindavinna. Viðeyðum fleiri tímum í þetta í hverjum mánuði á meðan við gætum verið að gera eitthvað annað uppbyggilegra í staðinn. Það er hins vegar leið til þess að sleppa við þrifið án þess að allt verði í rusli í kringum mann. Robomop er sjálfvirkur gólfhrensir sem fer um gólfinn eins og stormsvæpur og hreinsar öll óhreinindi upp á augabragði. Hann breytir sjálfkrafa um átt ef hann skynjar stóla, veggja eða eitthvað fyrir framan sig. Frábær jólagjöf fyrir húsmóðurina.

Tölvubýðarinn: Þessi litla handhæga tölva gerir það að verkum að þú getur skilið orðabókina eftir heima þegar þú heldur í ferðalag. Í henni eru yfir 400.000 orð og orðtök á yfir tólf tungumálum, þar á meðal ensku, ítölsku, frönsku, spænsku, þýsku og ítölsku. Einnig er í tölvunni myntbreytir, reiknivél, og margt fleira skemmtilegt.

Hér er því á ferðinni bæði nota-drjúg og skemmtileg gjöf.

Rafknúinn skóburstari: Skórnir eru það fyrsta sem menn taka eftir þegar fólk hittist í fyrsta sinn. Það verður því að vera öruggt að skórnir þínir séu alltaf í toppstandi. Ljóst þykir þó að skóburstun er ekki það skemmtilegasta sem menn gera. Á því verður breyting með rafknúna skóburstanum sem er handægur og fljótvirkur búnaður sem gerir skóburstunina að skemmtilegu verki. Jólagjöf fyrir þann sem vill koma vel fyrir.

Grínverjinn: Finnst þér gaman að segja brandara en manst aldrei neina þegar þig langar að varpa þeim fram? Það mun fljótlega breytast þegar Grínverjinn er kominn í þína eigu. Yfir þúsund brandarar í nítján mismunandi flokkum gera þetta litla tæki að nauðsynlegum félaga í veislum og öðrum upákomum. Svo getur þú stíllt inn þína uppáhaldsbrandara í sérstaka möppu svo þeir séu til-tækir þegar rétti tíminn rennur upp. Gjöf handa þeim sem vilja vera myndir en ráða ekki við það upp á eigin spýtur.

Vindlasett: Þetta er ekki venjulegt vindlasett, þar sem því fylgja engir vindlar. Þetta er sérstakt sett sem inniheldur öskubakka og vindlaskera í fallegu nikkellúðuðu skríni. Það er óþarfi að vera ósmekklegur við vindlareykngarnar. Fullkomin gjöf fyrir nautnasegginn.

Fartölvubakki: Það er þreytandi að vera ávallt með fartölvuna í fanginu þegar setið er í sófanum. Fartölvubakkinn leysir þetta vandamál. Hægt er að notast við hann nánast hvar sem er, til dæmis í rúminu, í uppáhalds stólnum þínum eða jafnvel í flugvélinni. Hægt er að stilla hæðina á bakkannum eftir því hvar og hvernig þú situr. Frábær gjöf fyrir athafnsmanninn sem er ávallt á ferð og flugi.

Pitt eigið Monopoly: Það þekkja allir gamla Matadorspilið þar sem markmiðið er að verða sem ríkastur og gera alla aðra gjaldþrota. Nú er hægt að nálgast nýja útgáfu af spílinu og gera það að sínu. Nýverið hefur framleiðandi spíllanna boðið upp á að þú hannað þitt eigið spil með þeim götuheitum sem þú vilt sjálfur hafa í spílinu. Þar með er þitt spil einstakt í sinni röð. Í stað Bankastrætis gæti komið götuheit þitt eða vina þinna. Setur skemmtilegan og persónulegan svip á gjöfina.

Levitron: Þessi skemmtilega gjöf er tilvalin fyrir þá sem vilja hafa skemmtilegt skrifstofustáss sem vekur athygli. Tækið er gert úr tveimur seglum sem gera það að verkum að það svífur yfir disknum sem það stendur á. Levitron virðist því ganga þvert á öll náttúrulög. Það er alveg ljóst að ef þú þarft að gefa einhverjum jólagjöf sem á allt er pottþétt að hann á þetta ekki.



Jólamyndin í ár

JUST FRIENDS
ryan reynolds amy smart

FEITASTI GRÍNSMELLUR ÁRSINS!

Frumskýnd annan í jólum

REGNBÖGINN | LAUGARAS BÍÓ | Borgunarbíó

FONIX

NILFISK EXTREME
BÍÓMIÐI Í BOÐI!

NEW NILFISK EXTREME - A WORLD OF FEATURES

Ný Nilfisk hefur bæst í hópinn, NILFISK EXTREME - FLOTT OG FJÖLHÆF
Kæru viðskiptavinir - Litið við í verslun okkar og þiggið bíomiða á grímsmellinn **JUST FRIENDS** að gjöf... meðan þeir endast.
Góða skemmtun og gleðileg jól.

FONIX Rattækjaverslun | Hátoni Ga | 105 Reykjavík | Sími 562 4420 - Fax 562 3735 | fonix@fonix.is



BECK Tónlistarmaðurinn Beck hefur gefið út plötuna Guerolito.

Guerolito kemur út

Tónlistarmaðurinn Beck hefur gefið út endurhljóðblandaða útgáfu af plötu sinni Guero sem kom út í vor. Platan nefnist Guerolito og hefur m.a. að geyma framlög frá Air, Boards of Canada og Adrock úr The Beastie Boys.

Nýlega kom einnig út viðhafnarútgáfa af Guero með sjö aukalögum auk myndbanda við sex lög.


Beck, sem sló upphaflega í gegn með laginu Loser, var á dögnum tilnefndur til Grammy-verðlaunanna fyrir Guero í flokknum besta framsækna platan.



Skyndimatur fyrir sælkera

Jólaveislur og jólagjafir í Ostabúðinni

Þegar flestallir vinna myrkranna á milli rétt fyrir jólin gefst oft lítill tími til þess að galdra fram kræsingar fyrir vini og vandamenn. En þetta er einmitt sá tími árs sem á að vera fyrir notalegar samverustundir heima, við kertaljós með góðgæti og gott rauðvín við hönd. Hjálp er samt fyrir handan hornið, því að Ostabúðin á Skólavörðustíg býður upp á annað og meira en bara dýrindis osta og álegg. Langar þig að bjóða vinum í jólaglög eftir vinnu? Þá er upplagt að panta ljúffengar bruschetta snittur með dýrindis álegg eins og reyktum laxi, mozzarella eða parma osti. Kokkteilsnitturnar eru aðeins minni og eru með jólalegu ívafi eins og heitreykta villigæs villibráðarpaté, grafið hrossafilé eða grafið ærfilllet með rjómaosti og sólburrkuðum tómötum. Einnig er hægt að fá aðeins léttari og ferskari snittur í formi saltfiskstartar á ristaðri brauðsnittu eða hráskinku með kantálópumelónu. Að sögn Jóhanns Jónssonar, eiganda verslunarinnar er svo lítið mál að slá upp heilli jólaveislu fyrir fólk með úrvali af villibráð, hangikjöti og reyktu kjöti. "Við bjóðum mikið upp á veislumáltíðir af ýmsu tagi, bæði í heimahúsi og í veislusal, allt frá léttum hádegisverði upp í margréttaðan kvöldverð, allt eftir óskum hvers og eins. Ostabúðin er vinsæll viðkomustaður borgarbúa í jólaínkaupunum. Við erum svo líka með sælkerakörfur sem hafa verið afar vinsælar jólagjafir undanfarin ár, en þær eru fallega samsettar og innihalda sérvalda osta, ólífur, belgískt eða franskt súkkulaði, sérverkaða forrétti, sultur og kex eða heimabakað brauð. Góð blanda sem ætti að freista allra sælkera."



TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA

Þriðja starfsönn Tónvinnskóla Þorvaldar Bjarna hefst í janúar.

Boðið er upp á TÓNVINNSLUNÁM, sögnám og hljóðfæránám þar sem valinkunnir atvinnumenn leiðbeina og miðla reynslu sinni. Tónvinnskólinn hefur komið sem ferskur andblær í íslensku tónlistarflórana og hafa viðtökurnar verið hreint með ólíkindum.

Áherslur Tónvinnskólans miða að því að gera nemendur undirbúna til að starfa við tónlist í framtíðinni, hvort sem áhuginn er að vinna bakvið tjöldin eða standa á stóra sviðinu.

TÓNVINNSLA - AÐALNÁMSBRAUT

Það að læra kúntina að semja, útsetja, hljóðrita og eftirvinna tónlist er fag sem marga dreymir um að ná tökum á. Tónvinnskóli Þorvaldar Bjarna býður sérhæft nám, þar sem ferlið frá lagasmíð alla leið þar til lagið er orðið útgáfuhæft, er kennt. Námið er 160 klst á lengd og 4 mánuðir á breidd.

Fyrsta mánuðinn er stærsta áherslan lögð á lagasmíðar. Hver nemandi er studdur áfram í því að semja lag sem verður í kjölfarið það "verkefni" sem hann vinnur við það sem eftir er námskeiðisins. Samhliða lagasmíðum þá eru undirstöðuatriði tónvinnsluforritanna Pro Tools og Reason kennd.

Á öðrum mánuði er vinnan í "verkefninu" hafin fyrir alvöru. Grunnur lagsins er lagður þar sem svokallað "blueprint" af laginu er útbúið. Þarna er laginu stillt upp og útsetningavinna hefst fyrir alvöru. Á þriðja mánuði er farið fast í saumana á því hvernig upptökur fara fram, hvernig gögn úr Reason er færð yfir í Pro Tools og svo hvernig hljóðfæri og raddir eru tekin upp. Á þessu stigi námsins fá nemendur virkilega að kynna hljóðversumhverfinu og þeirri vinnu sem þar fer fram. Hver og einn nemandi vinnur með hljóðfæraleikurum og söngvörum á þessu stigi námsins og hljóðritar "verkefnið" sitt.

Á fjórða og síðasta mánuði námsins þá er það eftirvinnsla "verkefnisins" sem er aðalatriðið. Hljóðblöndun, lagfæringavinna og fullklárur eru þau mál sem farið er fast í sálmana á og fyrir vikið eru "verkefni" kláruð. Námskeiðinu lýkur með lagasamkeppni þar sem besta lagið er valið. Endamarkmið námskeiðisins er að hvert "verkefni" sem að endingu varð lag sé fullbúið til markaðsetningar og útvarppspilunar.



Kennt er á öllum virkum dögum, að hefðbundnum vinnutóma loknum, –annig að flestir íttu að geta stundað námið ásamt fullri vinnu. Um helgar gefst nemum svo kostur á að vinna óhljóðfæri og fá sig undir leiðsúgn valinkunninna fagmanna. Námið er samblanda af verknaði og fyrirlestur, en hver nemi semur, ýtsetur og fullklárar lag á námstómanum.

FRÁBÆR VIÐBÓT - SAMSTARF VIÐ STÚDÍÓ SÝRLAND

Stýð SÞland og Tónvinnskóli hafa gert með á sír samstarfssamning og fyrir vikið er kennt ótveimur gjúrsldkum h stá klassa hljóðfærum, hljóðfæri RMP og Stýð SÞlandi, sem gerir –aá verkum aÁ reynslan sem nemandi fær er völdt kari og meiri.

NÁMSKEIÐIÐ HEFST 13. FEBRÚAR

VERÐ: 319.900,- KR.
SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.TONVINNSLUSKOLI.IS

SKRÁNING ER HAFIN

WWW.TONVINNSLUSKOLI.IS

OG Í SÍMA 534-9090



HUGSADU STÓRT
SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

Jólamyndin 2005
Hún er að fara að hitta foreldra hans
...hitta bróður hans
...og hitta jafnoka sinn

Leitt 96.7
★★★★1/2
-MMJ
Kvikmyndir.com

the family stone
Sara Jessica Parker tilnefnd til Golden Globe verðlaunanna

Yndisleg jólamynd fyrir alla fjölskylduna
Sýnd kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20
Sýnd í Lúxus kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20

THE ICE HARVEST
Pað gerðist á aðfangadagskvöld
Hættulegir þjófar á hálmum í!
Kolsvartur húmor!
Missið ekki af þessari!

Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10 B.i. 16 ára

EXORCISM
FUGGI A SONNUM ATREIDUM
★★★★
-SV MBL
-topps.is
-SK DV

Sýnd kl. 8 og 10.30 B.i. 16 ára

In Her SHOES
★★★★
-L.B. topps.is
-MMJ Kvikmyndir.com

Sýnd kl. 2 og 5.20

Dolby Digital
JDD
THX
BÍÓ.is - allt á einum stað

REGNBOGINN Sími 551 9000

Jólamyndin 2005
Hún er að fara að hitta foreldra hans
...hitta bróður hans
...og hitta jafnoka sinn

Leitt 96.7
★★★★1/2
-MMJ
Kvikmyndir.com

the family stone
Sara Jessica Parker tilnefnd til Golden Globe verðlaunanna

Yndisleg jólamynd fyrir alla fjölskylduna
Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20

THE ICE HARVEST
Pað gerðist á aðfangadagskvöld
Hættulegir þjófar á hálmum í!
Kolsvartur húmor!
Missið ekki af þessari!

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.i. 16 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

SÁLLU
MIS HÁFI FURIR VIKKUM!
FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!
PAÐ SEM KOM FYRIR EMILY ROSE ER ÓHUGNANLEGRA EN NOKKUD SEM ÞÚ GETUR ÍMYNDAÐ ÞÉR

Sýnd kl. 5.50, 8 og 10.10 B.i. 16 ára

EXORCISM
FUGGI A SONNUM ATREIDUM
★★★★
-SV MBL
-topps.is
-SK DV

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára

bara lúxus
LAUGARÁS BÍÓ Sími 553 2075

FRÁ ÓSKARSVERÐLAUNALEIKSTJÓRANUM PETER JACKSON

KING KONG
NAOMI WATTS JACK BLACK ADRIEN BRODY

POWER-SÝNING
LEIÐIR Á TÖLUVIRÐINGU KL.10

Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10 -POWER KL.10

SÁLLU
HVER SU LENGI MUNDIR ÞU GANGA TIL AÐ HALDA LÍF?
MILJÓGÆTTIÐ TILGÆMUR

DRAUMALANDIÐ
ISLENSKT TAL

Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10 KL.10 Forsýnd kl. 2 ísl. tel. 400kr

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - AÐEINS 400KR!
ATH: SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

Voru í góðum fíling

Tónlistarmaðurinn Mugison og reggisveitin Hjálmar, sem héldu jólatónleika á föstudag ásamt Trabant, spíluðu á Litla-Hrauni síðastliðinn fimmtudag.

Að sögn Mugison voru tónleikarnir mjög sérstök upplifun. „Það var gaman að koma inn á þessa lóð. Við vorum í góðum fíling og þeir voru mjög þakklátir,“ segir Mugison, sem nýlega gaf út lagið Ljósvíkingur ásamt Hjálmu. „Það var mjög gott að taka eina svona æfingu fyrir tónleikana.“ ■

MUGISON Tónlistarmaðurinn Mugison spilaði á Litla-Hrauni á dögnum ásamt Hjálmu.



Cruise gagnrýndur

Leikarinn Tom Cruise hefur að undanfögnu legið undir mikilli gagnrýni slökkviliðsmanna í New York vegna ummæla sem hann viðhafði á dögnum.

Mun Cruise hafa sagt að þeir fjölmörgu slökkviliðsmenn sem nú þjást af veikindum í öndunarfærum vegna árasanna á tvíburaturnana 11. september 2001 eigi að hætta að nota þau lyf sem þeir fá hjá læknum sínum. Cruise hefur stofnað félag til styrktar þeim slökkviliðsmönnum sem glíma við þetta mein. Afhreinunarfélag björgunarmanna New York-borgar stuðlar að því að láta þá sem þjást af þessum veikindum, nota aðferðir sem eru viðurkenndar innan vísindakirkjunnar, þar sem Cruise er virkur meðlimur.



Tom Cruise er virkur meðlimur hinnar svokölluðu vísindakirkju.

Þær aðferðir sem Cruise vill að verði farið eftir eru meðal annars sjúklingar fari í heit gufuböð og innbyrði töluvert magn af mataröflu og stóra skammta af níasíni. Kallar vís-

indakirkjan þessa aðferð svo-kallaða hreinsunarméðferð eða „Purification Rundown“ á frummalinu. Þessi aðferð hefur verið töluvert gagnrýnd af læknum, sem og sjúklingum, sem vilja meina að fólk geti versnað til mikilla muna við að notast við þessa aðferð.

Aðstoðarslökkviliðsstjóri New York-borgar, Frank Gribbon, hefur sagt það vera slæma þróun þegar sjúklingar neiti að taka viðurkennd lyf sem þeir hafa fengið frá læknum, vegna þess að Vísindakirkjan gefi í skyn að lyfin séu gagnslaus. Cruise hefur hins vegar snúist til varnar gegn þessum gagnrýnisróddum og heldur fram að þessar aðferðir hafi bjargað heilsu rúmlega 500 manns og fleiri séu á batavegi. ■

Sími 553 2075
LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

-Forsýnd kl. 14:00-

DRAUMALANDIÐ
UPPLIFU DRAMMINN!

400 kr.

ISLENSKT TAL
ATH: SÝND KL. 2

-MIÐASALA OPNAR KL.13:00-
-AÐEINS 400 KR-



THE HOPE CONSPIRACY Rokksveitin bandaríska er á leiðinni til Íslands.

The Hope Conspiracy til Íslands

Bandaríska rokkhljómsveitin The Hope Conspiracy verður með tónleika hér á landi laugardaginn 17. desember.

Hér er um afar aflmikla tónleikasveit að ræða sem leikur ákaft og tilfinningaþrungin rokk. Ásamt The Hope Conspiracy koma fram I Adapt, Momentum og Þórir. Tónleikarnir verða í Tónlistarþróunarmiðstöðinni og hefjast klukkan 20.00. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og er ekkert aldurstakmark. ■



Hugarró og sátt

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Í fyrstu hljómar tilhugsunin um nýja jólaþlötuna álíka spennandi og hamborgarhryggur og hjartaáfall. Sama og alltaf, og skilur ekkert eftir sig annað en illt í maganum og loforð gagnvart sjálfum sér sem maður aldrei heldur um að eyða nú næstu jólin á Kanaríeyjum eða hvar sem er nema hér. En þegar nánar er að gáð er „Jólin eru að koma“ reyndar skárrí en velflestar jólaþlötur sem gefnar eru út í flýti til að græða nokkra aukaaura á árlegu allsherjarvísakortafylleri þjóðarinnar. Reyndar er hún langbesta jólaþlata í háa herrans tíð. Þetta er fyrst og fremst útsetningunum að þakka. Engar ergjandi jólabjöllur eða vemmilegir kórar, einungis ljúfur gítar og hrjúf rödd KK og blíður söngur Ellenar. Slagverk, píanó og kontrabassi eru í gestahlutverki í stökum lögum, og þegar munnharpan birtist í Meiri snjó er maður næstum hætta að láta jólin fara í taugarnar á sér. Ellen syngur eina temmilega sæta útgáfu af Óskin um gleðileg jól, og Hátíð fer að höndum heim er mátulega hátíðlegt. Að sjálfsgöðu endar platan á Heims um ból, en gaman er að heyra sikileyska lagið Faðir andanna, ágætlega þýtt af Matthíasi Jochumssyni þrátt fyrir að hann brjóti þá grundvallarreglu að ríma aldrei frelsi við helsi. Þetta er óvæntasta og kannski um leið besta lag þlötunnar.



KK OG ELLEN

JÓLIN ERU AÐ KOMA

Niðurstaða: Falleg jólaþlata sem jafnvel þeir sem þjást af jólaþöli geta sætt sig við.

Jólin eru að koma boðar hugarró og sátt frekar en þessa aggressívu jólagleði sem engin leið virðist til að sleppa frá. Hún rennur ákaflega ljúflega niður, en ef maður rýnir í hana of stíft fer kannski hin sífellda endurtekningu á orðinu jól að vera leiðigjörn, sem er svosem í anda leiksins. Sé maður tilneyddur að setja jólaþlötuna á fóninn og hvorki A Christmas Gift For You með Phil Spector né Elvis Christmas Album finnast í húsinu er þetta líklegasta besti kosturinn í stöðunni. Ekkert af þessu er beint lög sem maður þurfti að heyra aftur, en fyrst endilega þarf að gera það er ekki hægt að gera það neitt mikið betur en Kristjánsbörn gera.

Valur Gunnarsson



Góður árangur Kristjönu

Kristjana Sæunn Ólafsdóttir, úr fimleikafélaginu Gerplu, varð þriðja í úrslitum í stökki á móti í Moskvu. Kristjana fékk 8,65 í einkunn fyrir æfingar sínar. Eitt þekktasta fimleikafélag heimsins, Dinamo Moskva, var mótshaldari en tveir aðrir íslenskir keppendur voru á mótinu, þær Inga Rós Gunnarsdóttir og Thelma Rut Hermannsdóttir.

sport
sport@frettabladid.is

60 MEÐ SIGURÐI SEKÚNDUR EGGERTSSYNI

Landsliðssætið er... Toppurinn.
Besti samherjinn? Bjarni Ólafur Eiríksson, landsliðsmaður í fótbolta. Hann hefði átt að velja handboltann.
Sætasti sigurinn? Sigur á Esso-mótinu í fótbolta í 5. flokki.
Kaffi eða te? Kók og vatn.
Alvöru konur? Peim svipar til Tinnu Þorsteinsdóttur.
Erfiðasti andstæðingur? Helvítið hann Roland Valur Eradze.
Auðveldasti andstæðingur? Ægir Hrafn Jónsson.

Sálin hans Jóns míns eða Botnleðja... Valsbandið Sálin.
Skemmtilegast er... Að sofa hjá konunni minni.
Leiðinlegast er... Þegar konan neitar mér.
Sopranos eða Simpsons? Að sjálfsgöðu Simpsons.
Besti íslenski handboltamaðurinn? Valsarinn Bjarki Sigurðsson.
Ef ekki handbolti þá... Fótbolti. Er í raun betri í fótbolta.
Er glasið hálfóttm eða hálfullt? Tómt.



> Dagný fékk ekki að spreyta sig

Dagný Linda Kristjándóttir, skíðakona frá Akureyri, fékk ekki tækifæri til þess reyna sig í heimsbikarkeppninni í bruni í Val d'Isere í Frakklandi, þar sem keppni var hætt áður en Dagný átti að renna sér niður. Tíu konur af 46 fyrstu keppendum féllu úr keppni, en brautar-skilyrði voru afar erfið í Frakklandi og ákváðu mótshaldarar að best væri að hætta keppni. Dagný hefur æft vel að undanförunu og fær vonandi að renna sér niður brautina í næstu keppni.



Heimir Árnason: Hefði sjálfur valið Sigga

HANDBOLTI „Ég er alls ekki svekktur, því það eru góðir leikmenn í minni stöðu,“ sagði Heimir Örn Árnason, leikmaður Fylkis, sem var ekki valinn í íslenska landsliðið sem fer á EM í Sviss.

Sigurður Eggertsson var valinn í hans stað en Heimir er sammála Viggó í valinu. „Ég vil meina að Siggi sé svona týpa sem þarf að vera þarna, svona jóker eins og Viggó segir. Hann getur breytt leikjum og klúðrað þeim líka en ég er kannski heilsteyptari leikmaður og öruggari. Þannig að ég skil Viggó vel, ég hefði valið Sigga líka ef ég væri þjálfari.“

Heimir gerir sér ekki miklar vonir um að fá síðasta sætið í hópnum en hann mun halda sér í formi um jólin. „Ég held að það sé greinilegt að það er á milli Loga og Baldvins því þó svo að Guðjón Valur Sigurðsson spili nánast allar mínúturnar á mótinu þá notar hann eflaust Guðjón í skyttunni líka og því verður hann að hafa hornamenn til vara líka. Ég tel mig alveg vera fjölhæfan líka og ekkert lakari en Sigga en mín staða er bara full eins og er.“ - hph



Samningstilboð frá nýju félagi besta jólagjöfin

Nokkur félög ætla sér að gera kauptilboð í Gunnar Heiðar Þorvaldsson, leikmann Halmstad. Þar á meðal er Íslendingaliðið Djurgården.

FÓTBOLTI Gunnar Heiðar Þorvaldsson, markahæsti leikmaður sænsku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili, er að öllum líkindum á leiðinni frá Halmstad í janúar. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins munu sænsku meistaranir í Djurgården bjóða í Gunnar Heiðar en með liðinu leika Kári Árnason og Sölvi Geir Ottesen.

Auk þess hafa nokkur sterk lið úr ensku 1. deildinni staðfest að þau vilji Gunnar, auk liðs í þýsku úrvalsdeildinni og 1. deildinni í Frakklandi. „Ég vil ekki staðfesta neitt að svo stöddu en ég get þó staðfest að það séu yfirgnæfandi líkur á því að hann fari frá Halmstad í janúar,“ sagði Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Gunnars, í gær.

Gunnar sagði svo sjálfur við Fréttablaðið að áttatíu prósent líkur væru á því að hann yfirgæfi Svíþjóð: „Þýskaland og England eru mjög spennandi kostir og það væri gaman að komast þangað en þetta gæti farið eftir því hvað Halmstad vill fá fyrir mig. Ég vona að þeir verði ekkert erfiðir í þessu enda gæti ég farið frítt næsta sumar og þar sem deildin byrjar í apríl gæti ég spilað í tvo mánuði og farið svo,“ sagði Gunnar Heiðar, sem er kominn til Íslands í jólafrí.

Gunnar vildi ekki staðfesta hvaða lið á Englandi hefðu áhuga á honum en sex Íslendingar leika í deildinni: Brynjar Björn Gunnarsson og Ívar Ingimarsson með Reading, Gylfi Einarsson með



GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON Gunnar Heiðar mun að öllum líkindum yfirgefa herbúðir Halmstad í janúar en hefur staðið sig frábærlega í sænsku úrvalsdeildinni síðan hann kom frá ÍBV.

Leeds, Hannes Þ. Sigurðsson með Stoke, Jóhannes Karl Guðjónsson með Leicester og bróðir hans Bjarni með Plymouth.

„Maður verður að vanda valið vel á liðinu, það má ekki vera of gott og ekki of lélegt, maður verður jú að fá að spila. Ég vona bara að þetta skýrist sem allra fyrst og

það er líkegt að það gerist núna á næstu vikum. Það væri frábær jólagjöf að fá samning frá einhverju stórlíði,“ sagði Gunnar Heiðar á léttu nóttunum að lokum en hann skoraði sextán mörk fyrir Halmstad á tímabilinu auk þess að stimpla sig rækilega inn í íslenska landsliðið. hjalti@frettabladid.is



HELENA SVERRISDÓTTIR Helena hefur leikið vel með Haukum í vetur, þrátt fyrir að glíma við erfið meiðsl. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL

Ágúst Björgvinsson: Verður erfitt gegn ÍS í dag

KÖRFUBOLTI „Ég er mjög spenntur fyrir þessum leik, ég hef ekki séð ÍS spila mjög lengi eða frá því við mættum því um miðjan október en síðan þá hefur liðið bætt við sig töluvert af mannskap.“

Það er með mikið af landsliðskonum sem eru hoknar af reynslu og á pappírnum er ÍS með eitt allra besta lið deildarinnar ef ekki það besta miðað við aldur og fyrri störf. Þó svo að þær eigi kannski ekkert svo mikið eftir vega þær það upp á móti með reynslunni,“ sagði Ágúst Björgvinsson þjálfari kvennaliðs Hauka í körfubolta, sem tekur á móti ÍS á Ásvöllum klukkan 17.00 í dag.

Haukar sigruðu Breiðablik á fimmtudaginn í fyrsta leiknum eftir að liðið varð bikarmeistari og viðurkenndi Ágúst að vissulega tæki tíma að koma niður á jörðina: „Jú, það gerir það og við vorum nokkuð smeyk fyrir leikinn gegn Breiðablik en stelpurnar mættu mjög einbeittar og tilbúnar til leiks og við unnum þægilegan sigur. Ef við spilum okkar leik þá eigum við að vinna þetta.“ - hph

KR að skoða leikmenn:

Debesay gæti farið til KR

FÓTBOLTI Hugsanlega er að KR semji við 24 ára gamlan Norðmann, Nahom Debesay, sem hefur verið til reynslu hjá liðinu í vikunni. Debesay er fjölhæfur leikmaður sem finnur sig þó best á vinstri kantinum. „Debesay hefur góða tækni sem er hans helsti kostur auk fjölhæfninnar. Það var flott að geta borið hann saman við ungu strákana okkar og hvernig hann passar inn í hópinn,“ sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR, við Fréttablaðið í gær.



TEITUR ÞÓRÐARSON Teitur er þessa dagana að vega og meta leikmannahóp sinn.

Teitur býst ekki við því að fá til sín marga útlendinga en fyrir hjá KR er varnarmaðurinn Dalibor Pauletic. „Það getur verið að við kíkjum á fleiri leikmenn en það er ekki ákveðið. Það sækjast margir eftir því að koma til mín hjá KR og það er bara besta mál. Annars hafa ungu strákarnir verið að standa sig frábærlega og ég er virkilega ánægður með þá. Það er ljóst að þeir munu fá tækifæri næsta sumar,“ sagði Teitur. - hph

3 BÍÓ - 400 KR. Synd kl. 3		3 BÍÓ - 400 KR. Synd kl. 3 með íslensku tali	
 Synd kl. 3		 Synd kl. 12	
 Synd kl. 3		 Synd kl. 12 með íslensku tali	
3 BÍÓ 400 KR. MIDAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGAR Í HÁSKÓLABÍÓI, LAUGARDAGA OG SUNNUGAGA.		HÁDEGISBÍÓ 400 KR. MIDAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGAR Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI, LAUGARDAGA OG SUNNUGAGA.	

REC

JÓLAGJÖF FJÖLSKYLDUNAR ER KOMIN Í VERSLANIR OG VODAFONE

NÚ GETUR ÞÚ HORFT Á EINA SJÓNVARPSSTÖÐ, TEKID UPP AÐRA Á SAMA TÍMA EÐA ÝTT Á „PÁSU“ Á MEÐAN ÞÚ SKREPPUR FRAM MEÐ NÝJA DIGITAL ÍSLAND MYNDLYKLINUM.

NJÓTTU ÞESS AÐ HORFA Á BESTU JÓLADAGSKRÁ OKKAR TIL ÞESSA – HVENÆR SEM ÞÉR HENTAR. ÞÚ FÆRÐ NÝJA STAFRÆNA UPPTÖKULYKILINN HJÁ VERSLUNUM OG VODAFONE OG ÞJÓNUSTUFULLTRÚUM Á ÚTSENDINGASVÆÐI DIGITAL ÍSLANDS. VERÐ 7.990 KR. OG MÁNAÐARGJALD 790 KR.



digital island

Sálfræðistríðið hafið hjá forseta Barcelona:

Knattspyrnuleg hefnd fram undan

FÓTBOLTI Joan Laporta, forseti Barcelona, var ánægður með að lið hans hefði dregist gegn Chelsea í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. „Ég vonast til þess að Barcelona hefni fyrir ósigur knattspyrnunnar á síðustu leiktíð, því við áttum alls ekki skilið að falla út úr keppinni. Eins og þúsundir aðdáenda Barcelona vil ég hefnd fyrir það sem mér þótti afar ósanngjörn niðurstaða í einvígi liðana í fyrra.“

Laporta segist eiga sér þann draum að Barcelona vinni Meistaradeildina í vor. „Það var allan

tímann ljóst að við þyrftum að etja kappi við Chelsea á einhverjum tímamarki. Ég er viss um að Barcelona sé besta lið í Evrópu eins og staða mála er nú en ég er veit að hlutirnir eru fljótir að breytast í knattspyrnuheiminum og það er langt þangað til við munum mæta Chelsea. Leikmennirnir eru hins vegar þegar farnir að hugsa um þessa leiki.“

Brasilíumaðurinn Ronaldinho segir leikina gegn Chelsea á síðustu leiktíð hafa verið einstaklega eftirminnilega. „Við klúðruðum þessu sjálfir síðast. Við áttum að



RONALDINHO Ronaldinho lék frábærlega gegn Chelsea á síðustu leiktíð. Hann er hér í baráttu við Eidi Smára Guðjohnsen.

skora fleiri mörk á heimavelli og ef við hefðum gert það hefðum við komist áfram. En við erum reynsl-

unni ríkari nú og ætlum okkur að vinna keppnina.“

- mh

Svívar spenntir yfir Larsson:

Er ekki á heimleið

FÓTBOLTI Sænski landsliðsmaðurinn Henrik Larsson hefur að undanfögnu verið orðaður við félög í heimalandi sínu en hann er ekki sáttur við að þurfa að verma varamannabekkinn hjá Barcelona. „Þó ég sé ósáttur við að sitja á bekknum er ég ekki á leið til Svíþjóðar. Ég hef tvo kosti. Það er að gefast upp eða að halda áfram að reyna að komast í liðið. Ég hef valið seinni kostinn og ætla að halda mínu striki.“



HENRIK LARSSON Larsson er án efa einn besti knattspyrnumaður Svíþjóðar, fyrr og síðar.

- mh

Hollenskir þjálfarar eru þeir eftirsóttustu í heimi

Orðspor hollenskra þjálfara í knattspyrnu fer ört vaxandi, sem sést líklega best á því að fjögur af þeim landsliðum sem taka þátt í HM á Pýskalandi næsta sumar eru undir stjórn Hollendinga.

FÓTBOLTI Heimsmeistarakeppnin næsta sumar verður einstakur viðburður fyrir Holland á fleiri vegu en þann að landslið þjóðarinnar er á meðal þátttakenda. Hvorki fleiri né færri en fjórir hollenskir þjálfarar verða þar í eldlinunni. Þetta eru þeir Marco van Basten með Holland, Dick Advocaat með Suður-Kóreu, Leo Beenhakker með Trínidad og Tóbagó og Guus Hiddink með Ástralíu, en hann er að taka þátt í sinni fjórðu heimsmeistarakeppni. Ljóst er að hróður hollenska þjálfara fer ört vaxandi á alþjóðavettvangi því fjórar aðrar þjóðir sem keppa ekki á HM eru með hollenskan landsliðsþjálfara.

„Ég held að ástæðan fyrir þessu sé margþætt“, segir Jan Reker, formaður hollenska þjálfarasambandsins. „Hollendingar eiga almennt mjög auðvelt með að aðlagast nýjum löndum, síðum þeirra og venjum. Þeir eiga auðvelt með að læra ný tungumál og



GOBSAGNIR Marco van Basten og Johan Cruyff eru á meðal bestu knattspyrnumanna sem Holland hefur alið af sér en eftir að ferlinum lauk hafa þeir báðir snúið sér að þjálfun.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

eru mjög ævintýragjarnir. Síðan má ekki gleyma hollenskum þjálfunaraðferðum, sem fyrir löngu eru orðnar heimsfrægar“, segir Reker.

Þessi fjöldi þjálfara af sama þjóðerni á HM er þó ekki einsdæmi því á HM árið 1998 voru fimm lið undir stjórn Frakka. Alls eru 93 starfandi þjálfarar frá Hollandi sem stunda sína vinnu úti um allan heim. Segja má að þeir séu afsprengi Rinus Michels, upphafsmanns hins „fullkomna fótbolta“ og fyrrverandi þjálfara hollenska landsliðsins en hann lést fyrr á árinu. Hann þróaði öðruvísi leikstíl í fótbolta sem byggir að mestu leyti á mjög svo áhorfendavænum sóknarleik sem síðan þá hefur fylgt hollenskum þjálfurum almennt.

„Stór hluti af þessari eftirsókn í hollenska þjálfara er vegna hæfileika þeirra til miðla hug-

myndafræði sinni um fótboltann til leikmanna. Þjálfarar í Hollandi hafa ekki peninga til að ná fram hagstæðum úrslitum, þeir þurfa sjálfir að framleiða leikmenn sem eru nógu góðir til að ná árangri“, segir Reker og bendir réttilega á að oftast séu Hollendingar ráðnir af þjóðum sem búi yfir landsliðum sem hafa innanborðs fáar eða engar stjórnstjórnur.

„Sjáið bara Guus Hiddink og Suður-Kóreu á síðustu heimsmeistarakeppni. Hann var besti sendiherra sem Holland gat óskað sér og komst í guðatölu hjá þjóð sem hafði aldrei gert neitt í fótbolta. Með slíka þjálfara til að setja fordæmin má gera ráð fyrir því að vinsældir hollenskra þjálfara muni aukast enn frekar í framtíðinni“, segir Reker.

vignir@frettabladid.is



GUUS HIDDINK Hefur náð mögnuðum árangri með lítil lið í heimsmeistarmótum í gegnum tíðina og lagt grunninn fyrir aðra þjálfara að fá tækifæri.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Skotinn harðskeytti Duncan Ferguson á í erfiðleikum þessa dagana:

Hættir að óbreyttu í janúar

FÓTBOLTI David Moyes, knattspyrnustjóri Everton, greindi frá því gær að framherjinn litríki Duncan Ferguson þyrfti líklega að hætta að leika knattspyrnu. „Duncan hefur átt í erfiðleikum vegna meiðsla aftan í læri. Hann er að hugsa um að hætta að leika knattspyrnu. Ég hef fylgst náið með honum og ég skil vel að hann sé að velta því fyrir sér að hætta því hann er sárkvalinn í hvert einasta skipti sem hann reynir að æfa.“

Moyes vonast þó til þess að Ferguson nái bata sem allra fyrst en efast þó um að hann muni hjálpa liðinu mikið á næstu mánuðum. „Ég ber mikla virð-



DUNCAN FERGUSON Ferguson hefur lengi verið í upphaldi hjá stuðningsmönnum Everton en nú er útlit fyrir að hann þurfi að hætta að spila vegna meiðsla.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ingu fyrir Duncan því hann hefur reynst Everton gríðarlega vel. Hann er frábær leikmaður sem leggur allt sitt í alla leiki sem hann spilar. En í sannleika sagt hef ég ekki trú á því að hann muni geta beitt sér að fullum krafti vegna meiðsla. Ég vorkenni honum mikið því hann er allur af vilja gerður og er alltaf tilbúinn að leggja mikið á sig. Á einhverjum tímamarki verður hann samt að velja og hafna og því miður er útlit fyrir að hann þurfi að hætta að spila. En það má aldrei afskrifa Duncan Ferguson. Kannski nær hann á einhvern undravæðan hátt að vinna sig út úr þessu.“

- mh

Átt 989 BYLGJAN
Allir eru að hlusta!

Jólahátíð í dag kl. 16
Það verður sannkölluð jólastemning hjá Hemma Gunn þar sem fjölmargir tónlistarmenn kíkja við og taka lagið:

- Buff
- Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvalds
- Birgitta Haukdal og Vignir úr Írafári
- Jónsi
- KK og Ellen
- Páll Rósinkranz
- Bjarni Ara
- Garðar Thor Cortes
- Matti úr Pöpunum
- Sigga Beinteins
- Jóhanna Vígdís
- Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar
- Tríó Bjössa Thors ásamt Kristjönu Stefáns

GOTT FOLK MCCANN



MICHAEL OWEN Owen hefur byrjað feril sinn hjá Newcastle af miklum krafti og er nú kominn í hóp markahæstu leikmanna liðsins.

Shearer um Owen:

Owen verður markakóngur

FÓTBOLTI „Michael Owen verður markakóngur í vor,“ sagði Alan Shearer, fyrirliði Newcastle, eftir 2-4 sigurleik Newcastle á West Ham United, en Owen skoraði þrennu í leiknum.

Shearer sagði Owen stórkostlegan markaskorara. „Fyrir mér er ekki til betri markaskorari í heiminum en Michael Owen. Hann er ótrúlega góður í að koma sér í marktækifæri og það er að auki erfitt að finna leikmenn sem er jafn einbeittur og hann. Hann lætur aldrei neitt slá sig út af laginu og það er gott fyrir ungu leikmennina hjá Newcastle að kynnstast því hvernig er að spila gegn leikamanni eins og Owen.“

Þetta var annar sigurleikur Newcastle í röð og má því segja að þungu fargi sé létt af knattspyrnustjóranum Graeme Souness, sem hefur verið undir miklu álagi síðustu misseri.

- mh

Paul Scholes um Rooney:

Rooney er bestur í heiminum

FÓTBOLTI Paul Scholes, leikmaður Manchester United, segir samherja sinn Wayne Rooney vera besta leikmann heims. „Rooney var keyptur hingað til þess að leika rétt fyrir aftan fremsta mann. Hann hefur hins vegar sýnt mikla fjölbæfni og fyrir mér er hann besti leikmaður heims. Hann er gríðarlega góður í því að snúa sér snögg við með boltann og sækja hratt að vörn andstæðingana.“

Scholes segir Rooney líklegan til þess að verða stjarna heimsmeistaramótsins í Dýskalandi. „Rooney hefur ótrúlega hæfileika og hann gæti orðið stjarna næsta heimsmeistaramóts ef hann nær fram sínu besta.“

- mh

Nýr leikmaður hjá Keflavík:

Hallgrímur til Keflavíkur

FÓTBOLTI Húsvíkingurinn Hallgrímur Jónasson er gekk í gær til liðs við úrvalsdeildarlið Keflavíkur frá Þór á Akureyri.

Hallgrímur lék með yngri flokkum Völsungs og steig sín fyrstu skref með meistaraflokki félagsins árið 2002. Þaðan fór hann til Þórs á Akureyri.

Hallgrímur hefur átt við meiðsl að stríða undanfarið ár en hann lék fjóra leiki með Þór á síðastliðnu sumri.

- mh

Wayne Rooney virðist óstöðvandi þessa dagana

Manchester United lagði Aston Villa að velli í ensku úrvalsdeildinni í gær. Wayne Rooney, sem er tvítugur að aldri, átti enn einn stórleikinn fyrir Man. Utd.

FÓTBOLTI „Leikur okkar var fullkomið svar við gagnrýninni sem við höfum fengið á okkur að undanförunu,“ sagði Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, eftir að lið hans lagði Aston Villa að velli með tveimur mörkum gegn engu, á Villa Park í Birmingham.

Man. Utd. lék einstaklega vel í leiknum og var Wayne Rooney þar fremstur flokki. Rooney var allt í öllu í sókninni hjá liðinu og var greinilegt að leikmenn Aston Villa hræddust hann mikið.

Ruud van Nistelrooy skoraði fyrsta mark leiksins á tíundu mínútu eftir fallega sendingu frá skoska landsliðsmanninum Darren Fletcher. Wayne Rooney bætti svo öðru marki við byrjun seinni hálfleiks. David O'Leary, knattspyrnustjóri Aston Villa, var ósáttur við leik sinna manna en hrósaði Rooney í hástert eftir leikinn. „Við lékum skelfilegan varnarleik í dag og áttum í miklum erfiðleikum með Rooney og van Nistelrooy. Ef



WAYNE ROONEY Rooney hefur leikið frábæra á leiktíðinni. Á myndinni sést þegar hann skýtur að marki í leiknum gegn Aston Villa í gær.

FRÉTTABLAÐID/GETTY

Rooney heldur áfram að spila eins og hann hefur gert að undanförunu verður hann orðinn besti leikmaður sem Englendingar hafa átt, áður en ég veit af. Það var stórkostlega gaman að fylgjast með hreyfingum hans í dag en á móti kom að það var niðurlægjandi að sjá hann fara illa með lið mitt.“

Fulham sigraði í Blackburn á heimavelli sínum, Craven Cottage, og lék Heiðar Helguson frá 35. mínútu leiksins en hann kom þá inn á

fyrir Collins John sem fór meiddur af velli. Heiðar fékk að líta gula spjaldið eftir að hafa verið inn á sjö mínútur en hann lagði upp seinn mark Fulham sem Luis Boa Morte skoraði.

Michael Owen og Alan Shearer náðu vel saman í framlínunni hjá Newcastle gegn West Ham á Upton Park, Newcastle hafði sigur í leiknum, 2-4. Michael Owen skoraði tvö fyrstu mörk Newcastle en Alan Shearer skoraði þriðja markið. Owen bætti svo fjórða marki Newcastle við og fullkomnaði þar með þrennu sína í leiknum.

Nolberto Solano skoraði sjálfsmark fyrir Newcastle og jafnaði þar með leikinn 1-1 eftir að Owen hafði komið Newcastle yfir. Marlon Harewood minnkaði svo muninn í 3-2 undir lok leiksins en lengra komust heimamenn ekki, þrátt fyrir mikla pressu á lokamínútunum, og bætti Owen við fjórða marki í uppbótartíma.

magnush@frettabladid.is

Gordon Strachan:

Spurði Lennon ráða um Keane

FÓTBOLTI Gordon Strachan, knattspyrnustjóri Celtic, leitaði til Neil Lennon, fyrirliða Celtic, áður en ákveðið var að falast eftir Roy Keane.

Neil Lennon og Roy Keane leika sömu stöðu á velli og því þótti Strachan það mikilvægt að Lennon yrði hafður með í ráðum. „Ég ákvað að ræða við Lennon því hann er þroskaður leikmaður sem veit hvað hann syngur. Hann sagði mér að fá Keane til félagsins og það hafði áhrif á ákvörðun mína. Þegar svona stór mál koma upp verður maður að ræða við alla þá sem að málinu koma og mér þótti eðlilegt að segja Lennon frá þessu á undan öðrum leikmönnum. Ég mun ekki láta Keane bera fyrirliðabandið þó hann hafi verið fyrirliði hjá Manchester United. Lennon er fyrirliði Celtic og ég get ekki ímyndað mér betri fyrirliða en hann.“



NEIL LENNON Lennon hefur leikið vel á miðjunni hjá Celtic í vetur og er lykilmáður liðsins í vörn og sókn.

FRÉTTABLAÐID/GETTY

- mh

HYUNDAI
SANTAFE
HM 2006

Verð frá kr. 2.670.000

Stjarna leiksins

Santa Fe býðst nú með veglegum HM 2006 aukahlutapakka að andvirði 317.000 kr. Komdu og prófaðu þennan hæfileikaríka sportjeppa. Þú gerir ekki betri kaup.

<p>Samlitur</p>	<p>Leðurstýri og skriðstillir</p>	<p>Vindskeið</p>
<p>16 tommu álfelgur og heilsársdekk</p>	<p>Leður á gírhnúð</p>	<p>Með bílinn handa þér</p>

Aukahlutapakki HM 2006 að andvirði kr. 317.000 fylgir með.

HYUNDAI
hefur gæðin



Steve Bruce um Heskey:

Heskey er betri en Crouch

FÓTBOLTI Steve Bruce, knattspyrnustjóri Birmingham City, segir Emile Heskey vera betri leikmann en Peter Crouch, framherja Liverpool, en Sven Göran Eriksson, landsliðsþjálfari Englands, hefur tekið Crouch fram yfir Heskey í enska landsliði. „Áð mínu mati er Heskey betri en Crouch. Hann hefur leikið frábærlega í vetur og ég veit ekki hvar við værum ef hann hefði ekki verið í framlínunni. Hann spilar í hverri viku og hann er sífellt að bæta sig.“

Bruce segir Heskey og Crouch vera svipaða leikmenn að mörgu leyti. „Hlutverk þeirra í framlínunni er svipað. Þeir eiga báðir að reyna að halda knettinum framlega á vellinum til þess að hjálpa öllu liðinu í sóknarleikum. Ég tel engan betri en Heskey í þessu. Crouch hefur verið í landsliðinu að undanförunu en ég trúi því að Heskey vinni sér sæti í hópnum fyrir HM í Þýskalandi,“ sagði Bruce.

Valur að styrkja sig:

Örn Kató frá KA til Vals

FÓTBOLTI Örn Kató Hauksson, sem leikið hefur með KA undanfarin ár, gekk í gær í raðir Valsmanna. Örn hefur verið einn af máttarstólþum KA en samningur hans við KA rann út fyrir nokkru síðan.

Örn, sem hefur leikið tvo U-21 landsleiki fyrir Ísland, hefur mikla leikreynslu miðað við aldur en hann er 23 ára gamall. Hann meiddist illa fyrir einu og hálfu ári síðan og lék ekki nema fimm leiki með KA í fyrstu deild á síðustu leiktíð.



WILLY SAGNOL Sagnol hefur verið í hópi bestu varnarmanna þýsku úrvalsdeildarinnar undanfarin ár.

Willy Sagnol til Ítalíu:

Fer til Juventus næsta sumar

FÓTBOLTI Hægri bakvörður Bayern München og franska landsliðsins, Willy Sagnol, mun í vor ganga til liðs við Juventus en hann staðfesti þetta við þýska fjölmiðla í gær. „Juventus er stórkostlegt félag og ég ber mikla virðingu fyrir leikmönnum og knattspyrnustjóra félagsins.“

Sagnol hefur verið lykilmáður í sterkri vörn Bayern undanfarin ár en hann ætlar sér að breyta um starfsumhverfi í von um að vinna fleiri titla. „Ég hef alltaf fylgst vel með ítalskri knattspyrnu því margir félagar minna úr franska landsliðinu leika þar. Ég vil vinna fleiri titla og ég sé fram á bjarta tíma með Juventus næsta sumar.“

Nokkrir franskir landsliðsmenn eru fyrir í herbúðum Juventus og má þar nefna Patrick Vieira, Lilian Thuram, David Trezeguet og Jonathan Zebina.

Nágrannar börðust hetjulega á Suðurnesjum í gær:

Barátta Grindvíkinga skilaði góðum sigri á Keflavík

KÖRFUBOLTI Grindavík vann góðan sigur á Keflavík gær, 89-83, í Iceland Express-deild kvenna eftir að Keflavíkurstúlkur höfðu haft frumkvæðið í leiknum framan af.

Góð byrjun Keflavíkur lofaði góðu á meðan Grindavíkurstúlkur virtust slegnar út af laginu. Með sigrinum er Grindavík nú komið upp að hlið Hauka á toppi deildarinnar.

Unndór Sigurðsson, þjálfari Grindavíkur, var ánægður með baráttu sinna stúlkna. „Ég er að sjálfsögðu ánægður með leikinn. Það er gott að taka þennan sigur með sér í jólafrið. Það er mikilvægt að halda að minnsta kosti

öðru sætinu í deildinni. Ég var mjög ánægður með baráttuna í liðinu. Við lentum undir en náðum að spila okkar leik og vorum ekkert að hengja haus þrátt fyrir að á móti hafi blásið. Leikur okkar var kannski ekki sá fallegasti en við sýndum karakter með því að klára þetta og um leið og við náðum yfirhöndinni héldum við haus allan tímann og létum ekkert stressa okkur alveg sama hvað þær reyndu að stressa okkur með óþarfa villum og nánast grófum leik.“

Unndór var ánægður með Jericu Watson og framlag yngstu leikmannana. „Jerica Watson stóð

